MÍNUSMENN HÆTTIR AÐ SUKKA

Björn Stefánsson , eða Bjössi í Mínus, hefur hamrað skinnin með bestu rokksveit Íslands síðan á síðustu öld. Nýja platan er „bara fín rokkplata sem við erum mjög sáttir við".

ALLA SUNNUDAGA
www.remax.is
RE/MAX Fasteignablað

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

3. júní 2007 — 148. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Semur fyrir stórmynd

Tónlistarmaðurinn Atli Örvarsson hefur verið ráðinn til að semja tónlistina fyrir Hollywood-myndina Vantage Point.

FÓLK 30

Reðursafnið skrítnast



Reðursafnið á Húsavík hefur verið útnefnt skrítnasta safn í heimi af bandarískri heimasíðu.

FÓLK 30

Okkar eigin ábyrgð

„Hættan er sú að handhafar ríkisvaldsins gangi alltaf lengra og lengra í því að passa þegnana fyrir sjálfum sér," segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 8

Ömurleg frammistaða

Íslenska landsliðið mátti þakka fyrir stig gegn Liechtenstein á heimavelli í gær. Leikur liðsins var hneyksli.

ÍÞRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM HLÝTT Í dag verða suðlægar áttir, víðast 8-13 m/s en allt að 18 m/s suðvestan og vestan til í kvöld. Skýjað með köflum á landinu norðaustanverðu og þurrt annars víða smáskúrir. Hiti 10-18 stig, hlýjast til landsins nyrðra.

VEÐUR 4

Tryggingasvikamál um fjölgar margfalt

Tryggingastofnun ríkisins hefur skráð 200 bóta- og tryggingasvikamál á stuttum tíma. Bótasvikamál einstæðra foreldra eru algengust. Hæstu fjárhæðirnar eru í málum sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu sem verða kærð til lögreglunnar.

TRYGGINGAMÁL Eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins (TR) hefur skráð 200 bóta- og tryggingasvikamál á stuttum tíma. Flest málin varða bótasvik einstæðra foreldra. Hæstu fjárhæðir einstakra tryggingasvikamála eru mál sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu. Dæmi eru um mál einstakra sérfræðinga þar sem svikin hafa staðið um langt árabil og nema tugum milljóna króna. Ábendingum í bótasvikamálum einstæðra foreldra og vegna svartrar vinnu fjölgaði um rúmlega 250 prósent milli áranna 2005 og 2006.

Gunnar Þ. Andersen, forstöðumaður eftirlits TR, segir fjölgun skráðra bóta- og tryggingasvikamála skýrast af því að sérstakt eftirlit var sett á fót innan stofnunarinnar árið 2005. Hann segir afar erfitt að áætla hversu algeng bóta- og tryggingasvikamál eru. „En það er reynsla nágrannalanda okkar, sem hafa hert eftirlit mjög mikið að undanförnu, að svikamál eru mun algengari en talið var."

Gunnar segir að þrátt fyrir að eftirlitið hafi skráð 200 mál að undanförnu sé það aðeins toppurinn á ísjakanum. „Hvað varðar bótasvik einstæðra foreldra fáum við aðeins vitneskju um lítinn hluta þeirra brota sem viðgangast. Það sama á við um svarta atvinnustarfsemi."

Af þeim 200 málum sem stofnunin hefur upplýst eru 117 mál einstæðra foreldra þar sem lögheimili maka er rangt skráð til að hækka bótagreiðslur. Alls eru 69 mál vegna svartrar atvinnustarfsemi á tímabilinu og tíu mál sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu. „Við höfum þó fleiri mál sérfræðinga til umfjöllunar og nokkur þeirra verða kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Í sumum tilfellum er um að ræða brot sem ná yfir langt tímabil og svikin nema háum upphæðum."

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir að taka þurfi á vandanum „ef það liggur klárt og kvitt fyrir hvort slík svik eru staðreynd. Ég vil persónulega fara varlega svo ekki sé verið að bendla menn við þessa hluti að ósekju".

- shá

ESJAN Margir sigruðu fjallið sem þeir hafa fyrir augunum á degi hverjum.

Íslandsmet í Esjugöngu:

Rúmlega 500 gengu á Esjuna

FÓLK Á sjötta hundrað manns gekk á Esjuna í gær, en það er Íslandsmet, að sögn Stefáns Aðalsteins Drengssonar, meðlims 5 tinda hópsins.

„Það var ekki til neitt sérstakt Íslandsmet, við vildum bara setja það," segir Stefán. Hópurinn hvatti fólk til að taka þátt í að slá Íslandsmet í Esjugöngu á tólf klukkustunda tímabili og virðist það hafa tekist.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt, allir hafa skrifað nafn og heimilisfang á blað og við munum fara nákvæmlega yfir það hversu margir þetta voru," segir Stefán.

-sgj

Á BÓLAKAF Stökkbretti var komið fyrir á kajanum í Vestmannaeyjum í gær þar sem sjóbrettakappar þeyttust í loft upp og léku listir sínar áður en þeir skullu á haffletinum. Hamagangurinn haggaði samt ekki Heimakletti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Sjómannahátíð í Eyjum:

Koddaslagur til hátíðabrigða

FÓLK Sjómenn kepptu í kappróðri og ofurhugar þutu á sjóbrettum fram af bryggjunni á sjómannadagsskemmtun í Friðarhöfn í Vestmannaeyjum í gær.

Að sögn aðstandenda heppnaðist hátíðin vel og tóku margir þátt í viðburðunum. Konur jafnt sem karlar tóku þátt í koddaslag og Lúðrasveit verkalýðsins keppti við innfædda tónlistarmenn í kappróðri. Unga fólkið skemmti sér á sjóþotum og í vatnaþrautum.

Sjómannadagurinn er haldinn hátíðlegur víða um land í dag. Hátíð hafsins verður sett á Miðbakka í Reykjavíkurhöfn klukkan 14 í dag.

Á Vestfjörðum verður líka mikil hátíð víða um firði. Á Flateyri verður glens á bryggjunni. -sgj

Norðmenn telja tvö íslensk stórvirki sín allra bestu bókmenntaverk:

Völuspá besta „norska" bókin

BÓKMENNTIR Norska bókmenntaelítan hefur komist að þeirri niðurstöðu að Völuspá og Heimskringla Snorra Sturlusonar séu tvö bestu bókmenntaverk Norðmanna. Handritin eru í fyrsta og öðru sæti á lista yfir 25 rit sem mælt er með að öll norska þjóðin lesi svo hún þekki menningararf sinn.

Gísli Sigurðsson, rannsóknaprófessor við Stofnun Árna Magnússonar, segir það vissulega staðreynd að Konungsbók Eddukvæða og Heimskringla voru skrifaðar hér á Íslandi af íslenskum mönnum.

„Völuspá er varðveitt í Konungsbók Eddukvæða sem er íslenskt handrit sem var skrifað hér á seinni hluta 13. aldar. Það sama á við um Heimskringlu sem er íslenskt bókmenntaverk ef nota á þessi þjóðernishugtök yfirleitt." Gísli segir þennan misskilning vera nokkuð útbreiddan meðal almennings og að margir Norðmenn telji að Snorri Sturluson hafi verið norskur. „Þetta er hluti af sama máli og þjóðerni Leifs Eiríkssonar, svo þetta er allt hluti af sama grínþættinum."

Listinn var útbúinn af dómnefnd á árlegri bókastefnu í Lillehammer í Noregi. Ekki eru allir Norðmenn þó tilbúnir til að viðurkenna listann. Kjell Tore Nilsen, lektor í norrænum fræðum, spyr í viðtali við netmiðilinn dagbladet.no. „Hvað myndum við segja ef Svíar myndu eigna sér Henrik Ibsen?"

- shá

SPURNING DAGSINS

Jón Trausti, er eitthvað nýtt í vændum?

„Við munum selja okkur í Kaupási."

Verslanir Kaupáss eru hættar að selja tímaritið Ísafold. Ritstjóri þess, Jón Trausti Reynisson, segir ástæðu þess vera umfjöllun blaðsins um vændi og mansal á súlustaðnum Goldfinger.

Tugþúsundir mótmæltu fundi G-8 þjóðanna sem hefst á miðvikudag:

Mótmæla stríði og stéttaskiptingu

ÞÝSKALAND, AP Tugþúsundir mótmæltu í Rostock í Þýskalandi í gær vegna fundar leiðtoga átta stærstu iðnríkja heims sem hefst á miðvikudag.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, tekur á móti leiðtogum svokallaðra G-8 þjóða, Bretlands, Frakklands, Japan, Ítalíu, Rússlands, Kanada og Bandaríkjanna, í smábænum Heiligendamm, en fundurinn mun taka þrjá daga.

Á dagskrá fundarins eru umræður um gróðurhúsaáhrifin, alnæmi og fátækt í Afríku og heimsviðskiptin. Mótmælendurnir vilja sýna andúð við hnattvæðinguna og þátt G-8 þjóðanna í stríði, stéttaskiptingu og umhverfisvandamálum.

Flestir mótmælendur voru friðsamlegir, en sumir fleygðu steinum og flöskum og svaraði lögreglan með táragasi og kröftugum vatnsbyssum.

146 lögreglumenn særðust, þar af átján alvarlega. Ekki liggur fyrir hversu margir mótmælendur hafa slasast, en 17 hafa verið handteknir.

Lögreglan hefur reist tólf kílómetra langa girðingu til að hindra aðgang mótmælenda að svæðinu. Um þrettán þúsund lögreglumenn eru til taks, en fjöldi mótmælenda er á bilinu 25 og 80 þúsund. -sgj

HARKA Fjöldi lögreglumanna fékk pústra í átökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Dæmdur fyrir líkamsárás:

Hrinti móður fórnarlambsins

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir líkamsárás. Hann var fundinn sekur um að hafa barið rúmlega fertugan mann ítrekað í andlitið fyrir utan heimili móður hans á Akureyri í desember 2005.

Árásarmaðurinn var í félagi við þrjá kominn til að innheimta skuld af fórnarlambinu, sem var undir miklum áhrifum fíkniefna. Móðir fórnarlambsins skarst síðan í leikinn en var hrint á jörðina. Fórnarlambið nefbrotnaði og hlaut aðra áverka. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra. - sh

Vilja minnka þorskveiðar um þriðjung

Hafrannsóknastofnunin leggur til mikinn niðurskurð í þorskveiðum og stofninn er talinn nálægt sögulegu lágmarki. Hafrannsóknastofnun leggur þunga áherslu á að ráðgjöfinni verði fylgt. Sjávarútvegsráðherra segir niðurstöðuna alvarlega.

SJÁVARÚTVEGUR Hafrannsóknastofnunin leggur til að þorskveiðar verði skornar stórlega niður. Mælt er með að hámarksafli verði 130 þúsund tonn sem er 63 þúsund tonnum minni afli en á yfirstandandi fiskveiðiári. Útflutningstekjur fyrir þorskafurðir myndu dragast saman um fimmtán milljarða króna ef ráðgjöfinni verður fylgt.

Hafrannsóknastofnunin gaf út skýrslu um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur fyrir komandi fiskveiðiár í gær. Þar kemur fram að stærð veiðistofns þorks er talin nálægt sögulegu lágmarki og nýliðun stofnsins er slök. Stærð hrygningarstofnsins er talinn helmingur þess sem talið er að gefi hámarks afrakstur.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir að ljóst sé að án stefnubreytingar við nýtingu þorskstofnsins sé hvorki að vænta stækkunar hrygningarstofnsins né aukinnar nýliðunar á komandi árum. „Alvaran liggur í lélegum þorskárgöngum eftir aldamótin sem eru að koma inn í veiðina. Stofninn er í vel veiðanlegu ástandi í dag en við verðum að spyrna við fótum núna og horfa til framtíðar." Spurður um hvað það þýði ef ráðgjöf stofnunarinnar verður ekki fylgt segir Jóhann að það yrði mjög slæm niðurstaða. „Það er mjög brýnt að snúa þessari þróun við og það verður ekki gert öðruvísi en með samdrætti í veiðum. Enda leggjum við þetta til af miklum þunga."

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir tillögurnar alvarlegar en of snemmt sé að taka afstöðu til þeirra. Hann bendir á að í gildi sé aflaregla sem samþykkt var í fyrra og samkvæmt henni yrði útgefinn kvóti 178 þúsund tonn. „En það er skynsamlegt að hagsmunaaðilar og vísindamenn fari yfir málið á næstu vikum. Þriðjungs samdráttur í þorski væri mikið áfall en ég vil vekja athygli á því að í skýrslunni er einnig margt jákvætt." Aðspurður hvort ekki sé líklegt að gildandi aflareglu verði fylgt segir Einar að hann geti ekki sagt til um hver niðurstaðan verði. „Ég tel að það væri ábyrgðarlaust af minni hálfu að draga ályktanir núna. Ég mun ekki gera það fyrr en að mjög vel íhuguðu máli."

Hafró leggur til að hámarksafli ýsu verði 95 þúsund tonn, en á síðasta ári var hann 98 þúsund tonn. Ráðlögð er 60 þúsund tonna veiði af ufsa sem er 16 þúsund tonnum minni veiði en í fyrra. Samdráttur í þessum tveimur tegundum gæti þýtt fimm milljarða samdrátt í útflutningstekjum.

svavar@frettabladid.is

Á RÖKSTÓLUM Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, munu funda í næstu viku vegna skýrslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AF MIÐUNUM Þriðjungs skerðing á veiðiheimildum í þorski þýðir mikla tekjuskerðingu fyrir sjómenn. Útgerðin er talin verða af 20 til 25 milljörðum ef veiðiráðgjöf Hafró verður fylgt. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Fíkniefnafundur í Leifsstöð:

Annað stærsta kókaínmálið

LÖGREGLUMÁL **Kókaínfundurinn í Leifsstöð á fimmtudaginn er sá annar stærsti á Íslandi frá upphafi. Tollgæslan á Suðurnesjum stöðvaði þá Karl Bjarna Guðmundsson, sem var fyrstur til að sigra Idol-keppnina á Íslandi, með tvö kíló af kókaíni í fórum sínum. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald í kjölfarið.**

Lögreglan á Suðurnesjum segir að rannsókn málsins verði fram haldið á mánudag. Miðað við dóma sem fallið hafa í áþekkum málum er líkleg refsing í málinu fjögurra til sjö ára fangelsisvist.

Stærsti kókaínfundur á Íslandi til þessa var í nóvember 2006. Þá var karlmaður tekinn í Leifsstöð með þrjú kíló af efninu. - shá

Innanríkisráðherra Írans:

Vill tímabundið hjónaband

ÍRAN, AP Innanríkisráðherra Írans, Mostafa Pourmhammadi, hefur vakið hörð viðbrögð landa sinna fyrir að hvetja til svokallaðs „tímabundins hjónabands".

Þessari gerð hjúskapar er ætlað að sporna gegn kynlífi utan hjónabands, með því að gefa saman pör í stuttan tíma, stundum innan við sólarhring. „Tímabundið hjónaband" er hefð meðal sjíamúslima, en hefur þó ekki náð fótfestu í Íran. Maður og kona skrifa undir samning, sem kallast sigheh, sem giftir þau tímabundið.

Andstæðingar „tímabundins hjónabands" segja það ýta undir vændi. -sgj

ÖRYGGISMÁL

Landhelgisgæslan fær þyrlu

TF-GNÁ er heiti nýrrar leitar- og björgunarþyrlu LHG. Þyrlan lenti við flugskýli Gæslunnar í Reykjavík í gær eftir flug frá Noregi. LHG hefur nú yfir fjórum þyrlum að ráða.

ALLT Í PLATI Nýrnagjafinn reyndist leikari en sjúklingarnir voru raunverulegir. NORDICPHOTOS/AFP

Hollenskur raunveruleikaþáttur:

Tókst að gabba alla áhorfendur

HOLLAND, AP **Hollenskur raunveruleikaþáttur þar sem þrír sjúklingar kepptu um að vinna sér inn nýra úr deyjandi konu reyndist vera gabb. Framleiðendur þáttarins vildu vekja athygli á brýnni þörf fyrir líffæragjafa í Hollandi.**

Í lok þáttarins var tilkynnt að konan dauðvona væri leikari, en þátttakendurnir væru sjúklingar að bíða eftir nýju nýra. Um 200 Hollendingar deyja árlega á slíkum biðlista.

„Stóri líffæragjafaþátturinn" vakti reiði í Hollandi og víðar þegar tilkynnt var um hann fyrir skömmu. Forsætisráðherra Hollands, Jan Peter Balkenende, sagði fyrir þáttinn að hann skaðaði ímynd þjóðarinnar út á við. -sgj

Ökumaður stöðvaður:

Með þrjár gerðir eiturlyfja í þvagi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi stöðvaði ökumann á Akrafjallsvegi um átta leytið í gærkvöldi. Tekin voru af honum blóð- og þvagsýni og leiddu þau í ljós neyslu kókaíns, amfetamíns og metamfetamíns.

Maðurinn, sem er á fertugsaldri, var umsvifalaust sviptur ökuréttindum. Í bílnum fundust lyfseðilsskyld lyf, en engin ólögleg fíkniefni. Málið er í rannsókn að sögn lögreglu. -sgj

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lykill að fortíðinni

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Forsvarsmenn útgerðarmanna og sjómanna segja skýrslu Hafró grafalvarlega:

Skerðingin þýðir tekjuhrun

SJÁVARÚTVEGUR Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna, segir að verði veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fylgt, þá þýði það allt að 25 milljarða króna skerðingu á tekjum útgerðanna í landinu. „Það liggur fyrir að hrygningarstofninn og veiðistofninn er of lítill og það kemur ekki á óvart að stofnunin leggi til minni afla en í ár. En þetta er mun meiri niðurskurður en ég bjóst við. Ef farið verður eftir þessari ráðgjöf þá verður það alveg gríðarlegt högg. Þetta er alveg grafalvarlegt mál." Friðrik segir jafnframt að útgerðarmenn eigi allt undir því að þorskstofninn verði byggður upp en horfur fyrir næsta ár séu jafnvel verri en í ár sökum þess að þá kemur mjög slakur árgangur inn í veiðistofninn.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir ljóst að sjómenn horfi fram á tekjuhrun, verði farið að veiðiráðgjöf Hafró. „Þetta er mjög alvarlegt mál hvernig þessum málum er komið. Það virðist borin von að byggja upp þorskstofninn." Sævar segir það sína skoðun að það þurfi að taka á eftirliti með veiðunum og það sé eitthvað mikið að. „Þetta eru kaldar kveðjur en þetta er raunveruleiki sem við verðum að taka á. Spjótin hljóta að beinast að fiskveiðistjórnunarkerfinu því það virðist ekki virka." - shá

SÆVAR GUNNARSSON Formaður Sjómannasambandsins.

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON Framkvæmdastjóri LÍÚ.

Í dag, 3. júní, eru liðin 70 ár síðan Flugfélag Akureyrar var stofnað. Stofnendur félagsins sáu þá fyrir að flugsamgöngur yrðu mikilvægar fyrir Íslendinga og uppbyggingu nútímaþjóðfélags á Íslandi. Þeir vissu sem er að hugurinn ber okkur aðeins hálfa leið og létu verkin tala.
Nú, sjö áratugum síðar, mynda arftakar Flugfélags Akureyrar, Icelandair og systur fyrirtæki þess í Icelandair Group, öflugt, alþjóðlegt flugþjónustu fyrir tæki. Starfsemi þessara fyrirtækja hefur haft ómetanlegt gildi fyrir íslenskt mannlíf, viðskiptalíf, útrás íslenskra fyrirtækja og upp byggingu nýrra atvinnugreina. Þess vegna minnumst við þess í dag með virðingu og þökk að góð hugmynd var gerð að veruleika fyrir sjötíu árum.

WWW.ICELANDAIR.IS

GENGIÐ 01.06.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,56	61,86
Sterlingspund	121,79	122,39
Evra	82,68	83,14
Dönsk króna	11,098	11,162
Norsk króna	10,193	10,253
Sænsk króna	8,880	8,932
Japanskt jen	0,5046	0,5076
SDR	93,05	93,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
112,4123
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skelfileg aðkoma eftir rúðubrot og veggjakrot nemenda í Rimaskóla:

Ítreka beiðni um myndavélar

LÖGREGLUMÁL Tólf ára nemendum sem brutust inn í Rimaskóla á þriðjudag, mölvuðu rúður og krotuðu á veggi, hefur tímabundið verið vikið úr skólanum. Þessir sömu nemendur höfðu áður verið staðnir að umfangsmiklu veggjakroti.

Lögregla telur málið upplýst og mun senda það áfram til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Farið verður fram á að foreldrar barnanna sem í hlut áttu bæti fyrir tjónið.

„Stúlknaklósettið var sérstaklega illa útleikið af veggjakroti og viðbjóði, krotað var á veggi hátíðarsalar og standfánum skólans var ekki hlíft við kroti og krassi.“ Svona lýsir Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, aðkomunni í bréfi sem hann sendi foreldrum nemenda skólans.

„Það hafa stundum verið brotnar rúður eða krotað á veggi, en aldrei neitt svona alvarlegt,“ segir Helgi. Hann segir þetta líklega versta agabrotið í hans tíð.

HELGI ÁRNASON

Helgi segist í kjölfar skemmdarverkanna hafa ítrekað beiðni um öryggismyndavélar við skólann, en eftir slíku hefur verið sóst frá stofnun skólans. „Þetta gerðist um hábjartan dag, milli sex og átta, og þjófavarnarkerfið var ekki komið í gang og enginn í skólanum,“ segir Helgi.

„Rimaskóli er nokkuð vel búinn, en þarna fóru nemendur inn á stað sem þarf að huga betur að,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar. -sgj

Heiðmerkurmálið:

Borgin tefur rannsóknina

UMHVERFISMÁL Rannsókn lögreglu á Heiðmerkurmálinu svokallaða gengur hægt. Reykjavíkurborg hefur ekki skilað umbeðnum gögnum til lögreglunnar, en umrædd gögn eru grundvöllur frekari rannsóknar, segir lögregla.

„Málið strandar á að menn eru einhvers staðar í burtu bara,“ segir rannsóknarlögreglumaður, sem bjóst við gögnunum „fyrir einhverjum dögum síðan.“

Skógræktarfélag Reykjavíkur kærði Kópavogsbæ og Klæðningu ehf. í febrúar fyrir umdeildar framkvæmdir í Heiðmörk. Taldi félagið sig hafa tapað allt að 1.000 plöntum á framkvæmdunum. - kóþ

BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ Allar leiðir aka á 30 mínútna fresti yfir sumartímann.

Nýtt leiðakerfi Strætó:

Aka nú á 30 mínútna fresti

SAMGÖNGUR Nýtt leiðakerfi Strætó bs tekur gildi í dag. Tíðni ferða minnkar og aka nú allir vagnar á 30 mínútna fresti, nema leiðir 23 og 27. Þegar vetraráætlun tekur gildi munu ákveðnar leiðir aka á 15 mínútna fresti.

Breytingar hafa verið gerðar á leiðum í Breiðholti, Garðabæ, Grafarholti, Grafarvogi, Hafnarfirði og Kópavogi. Fjórar leiðir eru lagðar niður, en sex aðrar leiðir taka við hlutverki þeirra. Nánar má kynna sér breytingarnar á heimasíðu Strætó bs, www.bus.is.

Breytingarnar eru, samkvæmt upplýsingum Strætó bs, til þess fallnar að spara rekstrarkostnað og koma til móts við óskir viðskiptavinanna. -sgj

SAMSTARFSRÁÐHERRA

Össur með norrænu málin

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verður jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda. Jónína Bjartmarz sinnti því embætti síðast.

ÁRÉTTING

Á síðu 2 í fyrradag var fjallað um löggæslu á Patreksfirði. Tekið skal fram að þar var vísað í löngu liðna tíð. Síðustu ár hefur alltaf verið efld löggæsla á Patreksfirði á sjómannadaginn.

Undirbúningur fyrir umræður oft of lítill

Sturla Böðvarsson forseti Alþingis hvetur þingmenn til að vanda betur undirbúning ræða. Málflutningur verði hnitmiðaðri og umræður styttri. Hann vill fjölga kjördæmavikum til að bæta starfsaðstæður landsbyggðarþingmanna.

ALÞINGI Nýkjörinn forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, vék að starfsaðstöðu þingmanna og umræðuháttum í þinginu í ávarpi við setningu Alþingis á fimmtudag.

Sagði hann tíma til kominn að endurskoða skipulag umræðu en tók skýrt fram að hann væri ekki að kalla eftir styttri umræðum heldur skýrari skoðanaskiptum.

„Sem ráðherra varð ég margsinnis vitni að því að þingmenn komu óundirbúnir í umræðu og það tel ég ekki boðlegt,“ sagði Sturla í samtali við Fréttablaðið.

„Þingmenn verða að líta í eigin barm. Að vera vel undirbúinn er vísasti vegurinn til að koma fram athugasemdum. Hnitmiðaðar ræður þingmanna sem hafa kynnt sér málin vel leiða sjálfkrafa til styttri umræðu,“ segir hann.

Sturla vill ekki taka svo sterkt til orða að segja þingmenn flytja ræður um mál án þess að vita nokkuð um þau en bendir á að við lestur þingræða sjáist glögglega að góður undirbúningur skipti miklu máli.

Landsbyggðarkjördæmin þrjú; Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi eru feykilega stór og víðfeðm og eftir því erfið og seinleg yfirferðar.

Sturla vill búa svo um hnúta að þingmenn þessara kjördæma geti betur sinnt málum heima í héraði.

„Þinghaldið yfir veturinn þarf að taka betur mið af þessum aðstæðum og þingmenn að fá betra svigrúm til að fara um kjördæmið án þess að láta sig vanta á þingfundi.“

Fjölga megi kjördæmavikum yfir vetrarmánuðina og eins megi hugsa sér að landsbyggðarþingmenn fái aðstoðarmenn, líkt og áður hefur verið rætt um.

FUNDUR ER SETTUR Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segist oft hafa orðið vitni að því að þingmenn komi óundirbúnir í umræður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sturla segist hafa hugsað þessi mál rækilega en vill kynna hugmyndir sínar innan forsætisnefndar þingsins og fyrir þingflokksformönnum áður en hann ræðir þær frekar.

Nokkrar endurbætur hafa orðið á starfsaðstöðu Alþingis á umliðnum árum en Sturla segir frekari úrbætur mikilvægar. Lítillega hafi verið rætt um hvernig skipuleggja beri Alþingisreitinn í miðborg Reykjavíkur og nú þurfi að marka skýra stefnu um nýtingu lóða í góðu samstarfi við borgaryfirvöld. „Starfsaðstaðan hefur batnað en þær breytingar snúa fyrst og fremst að aðstöðu starfsmanna þingsins. Enn skortir á góða vinnuaðstöðu þingmanna og til þess vil ég líta,“ segir Sturla.

bjorn@frettabladid.is

STÝRIR STÖRFUM ALÞINGIS

Á vef Alþingis segir að meginhlutverk forseta þingsins sé að sjá um að ákvæði stjórnarskrár, sem varða Alþingi og þingsköp Alþingis, séu haldin. Forseti Alþingis er einn handhafa forsetavalds ásamt forsætisráðherra og forseta Hæstaréttar í fjarveru og forföllum forseta Íslands. Forseti og varaforsetar skipa forsætisnefnd sem tekur ákvarðanir um margvísleg málefni sem varða Alþingi. Þingforsetinn stýrir störfum Alþingis. Oft þarf hann að sætta ólík sjónarmið og gæta hagsmuna margra aðila. Þannig getur þingforseti ekki látið sjónarmið eigin flokks ráða gerðum sínum heldur verður hann að gæta þess að tekið sé á erindum allra þingmanna af sanngirni og réttsýni.

Hryðjuverkaárás stöðvuð:

Ætluðu að sprengja flugvöll

BANDARÍKIN, AP Þrennt var handtekið og eins er leitað vegna áætlunar um að sprengja eldsneytisleiðslu John F. Kennedy alþjóðaflugvallarins í New York í gær.

Eldsneytisleiðslan liggur í gegnum íbúahverfi, en að sögn lögreglu fengu hinir grunuðu ekki tækifæri til að hrinda áætluninni í framkvæmd.

„Hefði þessi áætlun náð fram að ganga hefði það leitt til ótrúlegrar tortímingar,“ sagði Roslynn Mauskopf saksóknari.

Einn hinna handteknu er fyrrverandi þingmaður Gvæjana í Suður-Ameríku. Að sögn lögreglu hafði fyrst komist upp um áætlunina í janúar í fyrra. -sgj

Grunnskólar í sumarfrí:

Skólum þegar verið slitið

SKÓLAMÁL Skólaslit áttu sér stað í grunnskólum víða um land á föstudag. Gunnar Gíslason, deildarstjóri skóladeildar á Akureyri, segir að minnst tveimur skólum á Akureyri hafi verið slitið í gær. Þeim sé slitið svo snemma þar sem kennararnir hafi ekki tekið starfsdaga yfir veturinn,

Í Reykjavík hafa skólaslit þegar átt sér stað í tveimur grunnskólum, í Hvassaleitisskóla og Skóla Ísaks Jónssonar, en þessum skólum var slitið 30. maí. Birna Sigurjónsdóttir, starfsmaður Skólaskrifstofu, segir að ekkert vetrarfrí hafi verið tekið í þessum skólum og því hafi verið hægt að slíta skólunum svo snemma.

Öðrum grunnskólum verður slitið í þessari viku. Hefst þá sumarfrí grunnskólabarna. Mörg þeirra sækja skipulegt starf sveitarfélaga fyrir börnin. - ghs

Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní

Allt sem þú vilt vita og rafrænar umsóknir á www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SVIPUÐ HLÝINDI ÁFRAM

Tuttugu stiga hitamúrinn féll aftur í gær. Hlýjast varð 20,4°C á Mánárbakka austan við Húsavík. Mjög hlýtt varð einnig á sunnanverðum Vestfjörðum og sem dæmi komst hitinn á Patreksfirði í 19,5 gráður þegar best varð í gær. Ekki er að sjá annað en að þessi hlýindi verði áfram yfir landinu næstu daga þó ég efist reyndar um að hann nái 20°C í dag.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Suðaustan 8-10 m/s í fyrstu en allt að 15 m/s í kvöld. Skúrir. Hiti 11-14 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



10-18 m/s sunnan og vestan til annars 5-10 m/s

» þriðjudagur



5- 10m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	London	23°C léttskýjað	Alicante	26°C heiðskírt
Billund	21°C léttskýjað	París	20°C skúrir	Mallorca	25°C léttskýjað
Osló	14°C skúrir	Frankfurt	20°C alskýjað	Basel	24°C hálfskýjað
Stokkhólmur	18°C skúrir	Friedrichshafen	21°C skúrir	Eindoven	24°C skúrir
Gautaborg	19°C skúrir	Berlín	23°C skúrir	Las Palmas	25°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37389 05/07

Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 3.090.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070

KJÖRKASSINN

Hefur þú blandað íþróttum og áfengi saman?

Já	36,7 %
Nei	63,3 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var jafnteflið gegn Liechtenstein ásættanlegt?

Segðu skoðun þína á visir.is

Landsleikurinn í Dalnum:

KSÍ bar áfengi í gesti sína í gær

FÓTBOLTI Gestum í svokölluðu VIP-herbergi á Laugardalsvelli var veitt áfengi á landsleik Íslands og Lichtenstein í gær.

Nokkur umræða hefur verið um að aðeins útvaldir fái að neyta áfengis á knattspyrnuleikjum á Laugardalsvelli. KSÍ og félög í Landsbankadeildinni hafa veitt áfengi þó að áfengisneysla og sala sé bönnuð á vellinum.

Á því varð engin breyting í gær þegar KSÍ bar bjór, rauðvín og hvítvín í gesti sína sem sátu í heiðursstúku. Engin áfengissala var á vellinum og vallarþulur minnti áhorfendur á að leikurinn væri tóbaks- og áfengislaus. **- hbg**

GUÐAVEIGAR KSÍ veitti vel í VIP-herbergi sínu í gær eins og sjá má á þessari mynd. Venjulegir gestir máttu aftur á móti ekki taka með sér áfengi á völlinn og sala áfengis á leiknum var bönnuð. Minnt var á tóbaks- og áfengisbann í hátölurum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Engidals- og Grenivíkurskóli:

Grænfáninn afhentur

UMHVERFISMÁL Grænfáninn var afhentur Engidalsskóla í Hafnarfirði og Grenivíkurskóla í Grýtubakkahreppi í fyrradag. Þetta er í þriðja sinn sem Engidalsskóli fær fánann en Grenivíkurskóli fær hann nú í fyrsta skiptið.

Grænfáninn er alþjóðlegt verkefni á vegum Landverndar. Markmið verkefnisins er meðal annars að auka umhverfismennt, styrkja umhverfisstefnu í skólum, efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu og tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning. - lbb

VINNUMARKAÐUR

Kristín kjörinn formaður

Kristín Á. Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður Sjúkraliðafélags Íslands á fimmtudaginn með 64 prósentum greiddra atkvæða. Kristín hefur verið formaður frá stofnun þess árið 1992 en formaður er kosinn til þriggja ára í senn. Nokkrar væringar hafa verið innan félagsins í aðdraganda aðalfundar. Þær urðu samt sem áður ekki til þess að fella Kristínu nú.

STRANDABYGGÐ

Menning í vatnstanki

Elísabet Pálsdóttir og Sævar Benediktsson hafa falast eftir því við sveitarstjórn Strandabyggðar að fá að kaupa á gamlan vatnstank á Hólmavík og byggja þar upp aðstöðu fyrir viðburði tengda menningu og listum. Sveitarstjórinn mun afla nánari upplýsinga um fyrirætlanir Elísabetar og Sævars.

Dómari gagnrýnir ákæruvald harðlega

Ákæruvaldið er harðlega gagnrýnt í dómi héraðsdóms er tveir menn voru sýknaðir af innflutningi á 834 e-töflum. Starfsmaður Ríkissaksóknara neitar að tjá sig um málið. Ákæran „arfavitlaus“ og vitnisburður lykilvitnis afskaplega ótrúverðugur.

DÓMSMÁL Jónas Jóhannsson héraðsdómari gagnrýnir ákæruvaldið harðlega fyrir ófagmannleg vinnubrögð í máli ákæruvaldsins gegn Mohamed Tatou og Randiya Keshara Lankathilaka en þeir voru báðir sýknaðir af ákærum um innflutning á 834 e-töflum frá Hollandi hingað til lands.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu sagði Jónas við upphaf aðalmeðferðar málsins að ákæran í málinu væri „arfavitlaus“ og bað hann sérstaklega um að hún yrði ekki lesin upp þess vegna.

Í dómnum, sem er óvenjuharðorður í garð ákæruvaldsins, kemur fram að ákæruvaldið hafi reitt sig um of á vitnisburð sem „dómurinn telur með slíkum eindæmum að ekkert sönnunargildi hafi í málinu, ákærða í óhag“.

Vitnar Jónas í dómi sínum til þess að lykilvitni málsins hefði verið margsaga um tilgang Hollandsferðar sem hann fór í ásamt fyrrnefndum Tatou, tvísaga um ýmsa aðra þætti málsins og verið „ótrúverðugur í örokstuddri frásögn sinni um falska peningaseðla“ sem og 1,5 milljóna króna þóknunargreiðslu úr hendi Tatou. „Þegar öllu er á botninn hvolft þykir samkvæmt framansögðu ekkert það fram komið í málinu sem styður verknaðarlýsingu ákæru,“ segir orðrétt í dómnum.

Kolbrún Sævarsdóttir, hjá embætti ríkissaksóknara sem gaf út ákæruna, vildi ekkert tjá sig um málið og ekki náðist í Huldu Maríu Stefánsdóttur, lögmann hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík, en hún flutti málið fyrir dómi.

Oddgeir Einarsson, lögmaður Tatou, vildi ekki tjá sig um málið en í dómnum er að því vikið að Tatou hafi „líklega“ gerst sekur um refsiverða háttsemi, þó hann hafi verið sýknaður. Vikið er að því berum orðum að líklega sé hann með „óhreint mjöl í pokahorninu“.

Þá er verknaðarlýsing í ákæru ekki sögð vera í samræmi við lög. Í dómnum segir að lýsing í ákæru, á því er annar ákærðu hljóp af vettvangi þegar honum varð ljóst að lögreglan hefði átt við pakka sem í áttu að vera fíkniefni og fjarlægt þau, falli utan brotalýsinga samkvæmt lögum og eigi því „ekkert erindi í ákæru“.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort málinu verður áfrýjað.

magnush@frettabladid.is

VIÐ MÁLSMEÐFERÐ Hollendingurinn Mohamed Tatou var sýknaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍUR Jónas Jóhannsson gagnrýnir ákæruvaldið harðlega í nýlegum dómi sínum. Við upphaf aðalmeðferðar málsins sagði hann ákæruna í málinu vera „arfavitlausa“. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AÐALATRIÐI ÁKÆRU

Mohamed Tatou var ákærður fyrir að hafa skipulagt innflutning á 834 e-töflum, sem innihéldu fíkniefnið MDMA, frá Hollandi til Íslands. Föstudaginn 17. nóvember í fyrra tók Randiya Keshara á móti pakkanum en lögreglan hafði þá fjarlægt efnin og sett gerviefni í staðinn. Randiya Keshara var ákærður fyrir að hafa samþykkt að taka á móti pakkanum.

Stjórnarliðar leggja fram frumvörp til breytinga á stjórnarráðinu og þingsköpum:

Forseti geti sameinað ráðuneyti

ALÞINGI Samkvæmt nýju frumvarpi ríkisstjórnarinnar getur forseti Íslands úrskurðað um sameiningu ráðuneyta.

Í dag þarf lagabreytingu til slíks gjörnings þar sem heiti ráðuneyta og fjöldi þeirra er bundinn í lög.

Forseta verða ekki falin völd til að stofna til nýrra ráðuneyta, til þess þarf lagabreytingu eftir sem áður.

Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um stjórnarráðið var lagt fram á þingi á fimmtudag og um leið frumvarp þingflokksformanna stjórnarflokkanna um breytingu á þingsköpum.

Í stjórnarfrumvarpinu er kveðið á um færslu tryggingamála frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis, sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis og að Hagstofan verði ekki ráðuneyti. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að bjóða starfsmönnum stjórnarráðsins annað starf innan þess án auglýsinga.

Frumvarp um breytingar á þingsköpum miðar að sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnda alþingis, færslu tryggingamála frá heilbrigðisnefnd til félagsmálanefndar, uppskiptingu efnahags- og viðskiptanefndar og færslu skattamála til efnahagsnefndar. **- bþs**

GENGIÐ TIL ÞINGS Þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson, Höskuldur Þórhallsson og Valgerður Sverrisdóttir koma til þingsetningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ATH.

LENGRI HELGI Á LAUGAVEGI

OPIÐ VERÐUR Í VERSLUNUM OKKAR

Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 13 TIL 17

Það er því tilvalið að taka daginn í verslunar og dekurferð á Laugaveg þar sem hægt er að gera öll sín innkaup, allt frá fatnaði til nauðsynjavöru. Dekra við sig í mat og drykk og anda að sér fersku lofti þess á milli.

HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR EN VIÐ LAUGAVEG

FÓLKIÐ Í BÆNUM

HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU VIÐ LAUGAVEG

GALLERÍHÚSIÐ LAUGAVEG 91
[Tískuhús á tveimur hæðum]

EVA LAUGAVEGI 89
[Tískuvöruverslun]

GUST LAUGAVEGI 70
[kvenfata-tískuverslun með eigin hönnun]



NAKTI APINN BANKASTRÆTI 14
[Tískuvöruverslun]

RADAR

VINNUFATABÚÐIN LAUGAVEGI 76
[20% afsláttur af LEE og Wrangler. Verð gæði, og Persónuleg þjónusta.]

RÁÐHÚSBLÓM BANKASTRÆTI 4
[Bólmabúð]

FRIIS-COMPANY LAUGAVEGI 55
[Fylgihlutir]

BASK LAUGAVEGI 95
[Tískuverslun]

G-STAR LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]

L'OCCITANE LAUGAVEGI 76
[Snyrti- og heilsuvörur]

REYKJAVÍK PIZZA COMPANY LAUGAVEGI 81
[veitingastaður]

SIGURBOGINN LAUGAVEGI 80
[Snyrtivörur]

SIA LAUGAVEGI 86-94
[Húsbúnaður]

MONA LAUGAVEGI 66
[Tískuverslun]

COUTURE LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]



MAÍA LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]

DÚN OG FIÐUR LAUGAVEGI 87
[Svefnherbergisvörur]

LIGGALÁ LAUGAVEGI 67
[Barnavörur]

PLAZA MEXICO LAUGAVEGI 70
[Smávöru- og gjafavöruverslun]



WWW.LAUGAV.IS // LAUGAV@LAUGAV.IS

VISA

Landsbankinn

Visa og Landsbankinn eru bakhjarlar Fólksins í bænum.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tóbaksbann á veitingahúsum og skemmtistöðum.

Aukið frelsi eða frelsissvipting?

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Tóbakslaust líf á veitingahúsum og skemmtistöðum er mikið ánægjuefni. Skiljanlega eru þó margir reykingamenn ósáttir auk þeirra sem telja sig standa vörð um frelsið.

Auðvelt er að færa rök fyrir því að tóbaksbannið sé frelsisskerðing. Þá sérstaklega skerðing á athafnafrelsi eigenda veitinga- og skemmtistaða og rétt þeirra að velja hvort fólk fái að reykja inn á stöðum sínum, enda er það ekki ólöglegt athæfi að reykja. Enn erfiðara virðist vera að færa rök fyrir því að tóbaksbannið auki á frelsi.

Ekki eru menn á eitt sáttir hvað frelsi þýðir. Heimspekingar velta því ætíð fyrir sér og hafa sumir þeirra jafnvel skilgreint það sem jákvætt og neikvætt frelsi. Frelsið til að reykja hvar og hvenær sem er myndi þá flokkast sem neikvætt frelsi því að reykingar eru ávanabindandi og gera reykingamanninn þannig ófrjálsan. Oft virðist frelsi á einum stað kalla á frelsiskerðingu annarsstaðar. Það á við um tóbaksbannið. Tóbaksbannið heftir frelsi reykingamanna og veitingahúsaeigenda en eykur á frelsi starfsfólks og gesta sem verða fyrir heilsufarslegum skaða í reykmettuðu lofti.

Andstæðingar tóbaksbannsins telja það vera brot á eignarétti og skerði athafnafrelsi veitingahúsaeigenda. Vel er hægt að færa fyrir því rök að með því að hleypa sígarettureyk út í andrúmsloftið sé verið að beita aðra ofbeldi. Enginn á rétt á því að beita aðra manneskju ofbeldi í skjóli eignaréttar eða frelsis. Það verður að liggja ljóst fyrir hvaða frelsi er verið að verja og hvað vegur mest.

Árið 2000 fóru hjón í Bandaríkjunum í mál við North American Man/Boy Love Association, skammstafað NAMBLA, eftir að tveir menn sem höfðu aflað sér upplýsinga um hvernig ætti að tæla unga drengi á vefsíðu samtakanna höfðu nauðgað, misþyrmt og myrt 10 ára son þeirra. Skiljanlega stóðu flestir með hjónunum í þeirra máli. Önnur samtök tóku hinsvegar að sér að verja NAMBLA, samtökin American Civil Liberties Union (ACLU). Það eru samtök sem sérhæfa sig í að vernda stjórnarskárréttindi fólks og málfrelsið. Í skemmstu máli sagt þá vann ACLU málið. Öfga frjálshyggjumaðurinn Bill O'Reilly sem er með sjónvarpsþátt á amerísku fréttastöðinni FOX gat ekki orða bundist og réðst að ACLU og heimtaði útskýringar á því af hverju þeir völdu að verja jafn ógeðfelld samtök og NAMBLA. Í þessu tilfelli fannst honum að rétturinn til málfrelsis ætti að víkja fyrir frelsi barna til að verða ekki fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Ekki er þar með sagt að mál NAMBLA og íslenskra veitingahúsamanna eigi eitthvað sameiginlegt. En eitt er víst að ekki er hægt að verja hvað sem er í nafni frelsis.

Endamarkmið okkar hlýtur að vera að tryggja öllum athafnafrelsi. Það er þó hægara sagt en gert. Hversu þversagnakennt sem það hljómar er ekki ólíkegt að við þurfum að stikla öðru hvoru á braut frelsiskerðinga til að ná því markmiði. Tefur það för ef við sættum okkur ekki við það.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sérhæfing
Greinilegt er að þingflokkar stjórnmálaflokkanna telja mikilvægt að löglærðir þingmenn sitji í allsherjarnefnd Alþingis en nefndin fjallar helst um mál sem falla undir dómsmálaráðuneytið. Sjö lögfræðingar eru í nefndinni; Atli Gíslason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson, Ellert B. Schram, Jón Magnússon, Ólöf Nordal og Sigurður Kári Kristjánsson. Með lögfræðingunum sitja svo í allsherjarnefnd Karl V. Matthíasson prestur og Siv Friðleifsdóttir sjúkraþjálfari.

Ekki eins
Annað er uppi á teningunum í öðrum fastanefndum þingsins þar sem ekki er hægt að manna nefndir jafn ríkulega fólki með sérmenntun á sviðum nefndanna. Í heilbrigðisnefnd eru þó hjúkrunarfræðingarnir Ásta Möller og Þuríður Backman og í menntamálanefnd skólamennirnir Einar Már Sigurðarson og Guðbjartur Hannesson. Á hinn bóginn er enginn iðnaðarmaður í iðnaðarnefnd og þó Árni Johnsen sé líklega með meirapróf er ekki að sjá að í samgöngunefnd hafi almennt valist fólk, sérstaklega vegna menntunar á sviði samgangna.

Nóg að gera í alþjóðastarfi
Þingmenn sitja ekki bara í svonefndum fastanefndum þingsins, á vegum þess starfa líka níu alþjóðanefndir, sem eru Íslandsdeildir eftirfarandi nefnda eða stofnana: Alþjóðaþingmannasambandsins, Evrópuráðsþingsins, þingmannanefndar EFTA, NATO-þingsins, Norðurlandaráðs, Vestnorræna ráðsins, þings Vestur-Evrópusambandsins, Þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál og þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Í þeirri síðastnefndu situr meðal annarra Valgerður Sverrisdóttir fyrrverandi utanríkisráðherra.

bjorn@frettabladid.

Okkar eigin ábyrgð

ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | Reykingabann

Góður vinur minn, íslenskur maður, búsettur í London var einu sinni sem oftar hér á ferð. Við sátum saman á veitingahúsi og skröfuðum um heima og geima, höfðum lokið við matinn og reyktum fyrirtaks vindla í hliðarherbergi. Skyndilega hrutu blótsyrði af vörum vinar míns sem annars er hinn kurteisasti maður. Þannig var, sagði hann, að nú væri reglum svo háttað í höfuðborg Bretaveldis að ef hann héldi samkvæmi heima hjá sér og réði til starfa veisluþjónustu þá mætti hann ekki leyfa reykingar á heimilinu. Hvar endar þetta allt saman dæsti hann vonleysislega, hvað með óbeinu áhrifin af áfenginu, barsmíðarnar og allt það, hvenær banna þeir manni að drekka áfengi? Þegar hér var komið sögu var vinur minn í reykjarmekki með glas í annarri hendi og vindilinn í hinni, holdgervingur syndarinnar og martröð Lýðheilsustöðvar. Ég sagði svo sem fátt, ég er orðinn hluti af því sem vinur minn kallar pirringslega þeir, sem er stytting á orðinu löggjafarvald og á því heldur erfiðara með að vísa ábyrgðinni á þessa umræddu þá.

Ekki er hægt að neita því að það má finna ýmis rök fyrir reykingabanninu sem nú hefur tekið gildi. Jöfnum höndum er vísað til réttinda starfsfólks til þess að vinna í reyklausu umhverfi og til almennra sjónarmiða um að reykingar séu óhollar og þær eigi því að takmarka með öllum mögulegum ráðum. Vandinn við þessa röksemdafærslu er bara sá að að það er hægt að nota hana svo víða. Með hana að vopni má réttlæta mjög víðtæk inngrip hins opinbera í líf og störf borgaranna. Þess vegna hefur margt frjálslynt fólk miklar áhyggjur af þessari þróun. Hættan sem við höfum áhyggjur af snýr ekki að reykingabanninu einu og sér, hún snýr að því hvernig menn beita ríkisvaldinu, hvernig þessir margumtöluðu þeir hagi sér.

Ríkisstjórnin sem nú hefur sest að völdum er frjálslynd umbótastjórn. Frjálslyndið er gríðarlega mikilvægt, að ég tali nú ekki um þegar meirihlutinn í þinginu er svona mikill og stjórnarandstaðan er svona veik. Miklu skiptir að það sé farið varlega með löggjafarvaldið, ekki sé reynt að beita því um of, að meðalhófs sé gætt. Því miður var sú ekki raunin þegar lögin um reykingabann voru sett. Meðalhófið hefði til dæmis leyft veitingamönnum að bjóða gestum sínum upp á vel loftræst reykherbergi þar sem engin þjónusta væri veitt en gestir gætu sótt veitingar sínar sjálfir og neytt þeirra án samneytis við þá sem ekki reykja. Það má ekki gleyma því að við erum að tala um fullorðið fólk sem ber ábyrgð á gerðum sínum og hegðan og það er mjög langt gengið að svifta veitingamenn yfirráðarétti yfir eignum sínum með þeim hætti sem gert hefur verið.

Hættan er sú að handhafar ríkisvaldsins gangi alltaf lengra og lengra í því að passa þegnana fyrir sjálfum sér. Þrýstihópar og annað hjálpsamt fólk er sífellt að kalla eftir því að næstu skref verði stigin í baráttunni gegn tilteknum skaðvaldi, að halda verði áfram að berjast gegn einhverju sem ósiðlegt þykir. Nú kynni einhver að spyrja, er það svo slæmt, er ekki um að gera að finna út hvað er siðferðislega slæmt eða hvað er okkur hættulegt og banna það svo? Auðvitað þurfi að kalla eftir samstöðu, finna út vilja meirihlutans í skoðannakönnunum, fá skýrslur sérfræðinga, ræða málið á Alþingi og í fjölmiðlum, stunda samræðustjórnmál, en svo þarf að grípa til aðgerða. Hví ekki að banna það sem óheilbrigt er eða það sem er siðferðislega rangt? Hví að heimila ósómann?

Frjálslyndir menn svara því til að í fyrsta lagi sé enginn endanlegur handhafi vitneskju um það hvað sé siðferðislega rétt og hvað rangt. Eins er að það sem einum finnst hættulegt kann öðrum að finnast svo eftirsóknarvert að það sé hættunnar virði, of mikil inngrip löggjafans verði því gjarnan óréttlát. Margbreytileiki, fjölbreytni og umburðarlyndi fá illa þrifist þar sem mannleg hegðan er um of bundin í lög. Í öðru lagi er, að ef stjórnmála- og embættismenn ætla með bönnum að koma í veg fyrir alla siðferðislega ámælisverða hegðan eða tryggja að við förum okkur ekki að voða, þá er verið að afsiða þjóðfélagið og gera hvert og eitt okkar ábyrgðarlaust. Siðferði hvers og eins okkar felst til dæmis í því að þurfa að velja og hafna, gera okkur grein fyrir því hverjar afleiðingar gerða okkar eru. Ef búið er að ákveða fyrir okkur hvað sé rétt og hvað sé rangt og allt rangt er bannað með lögum þá er siðferðið orðið ríkisvætt og þjóðfélagið nánast siðlaust. Þessar hugleiðingar leiða ekki til þeirrar niðurstöðu að allt eigi að leyfa, en það á að beita ríkisvaldinu af mikilli hófsemi, það á að gæta meðalhófs og það á að leyfa fólki að lifa lífi sínu eins og því sjálfu hentar, ábyrgðin á að vera fólksins, ekki ríkisins.

Til hamingju með daginn

UMRÆÐAN
Sjómannadagurinn

EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON

Á sjómannadegi hylla Íslendingar þá sem skópu og skapa enn þann grundvöll sem þjóðin byggir lífsviðurværi sitt á. Lífskjör okkar hafa enda tekið ótrúlegum stakkaskiptum á skömmum tíma og þar á sjávarútvegurinn, burðarás íslensks efnahagslífs og drifkraftur hagvaxtarins, drýgstan hlut að máli. Hann er grundvöllur þeirrar miklu lífskjarasóknar sem við höfum notið. Þar skiptir vitaskuld sköpum elja, útsjónarsemi og ósérhlífni sjómannanna, stjórnenda og annars starfsfólks greinarinnar. Árangurinn hefur síður en svo verið auðfenginn.

Tækifæri þeirra sem nú hasla sér völl á vinnumarkaði sýnast óþrjótandi. Það er sannarlega vel. Margháttuð tækifæri hafa orðið til í samfélagi okkar og þess vegna heyr sjávarútvegurinn meiri samkeppni um gott starfsfólk en oftast áður. Sjávarútvegurinn er sem fyrr spennandi vettvangur fyrir hæfileikaríkt fólk. Hann er margbrotin og kröfuhörð atvinnugrein sem krefst þess vegna starfsfólks með margháttaða reynslu, menntun og færni. Þetta á bæði við um störf til sjós og lands, innanlands sem erlendis, á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, störf sem henta körlum og konum.

Undanfarin ár hefur mörgum orðið tíðrætt um útrásina svo kölluðu þ.e.a.s. hvernig íslensk fyrirtæki hafa sótt á erlenda markaði, skapað sér þar stöðu og svigrúm til athafna og vaxtar. Þetta er afskaplega ánægjuleg þróun og við gleðjumst yfir framganginum. En eigum við ekki að hafa í huga að á þessu sviði var íslenskur sjávarútvegur brautryðjandinn – fyrsta útrásargreinin sem dafnaði vel. Íslenskur sjávarútvegur er alþjóðleg atvinnugrein bæði til orðs og æðis, sem líkt og endranær krefst atgervis okkar færasta fólks.

Sjómannadagurinn er í senn hátíðis- og baráttudagur sjómanna og fjölskyldna þeirra sem og þjóðarinnar allrar. Við hyllum þá sem lagt hafa okkur til lífsbjörgina og minnumst um leið liðinna með virðingu og stolti. Þessi dagur og vægi hans í íslenskri þjóðarsál undirstrikar þýðingu starfa sjómanna og sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúið. Þótt allt velkist og breytist í samfélaginu þá gera landsmenn sér enn ljóst hve mikilvæg greinin er fyrir atvinnulífið í heild, framvindu efnahagslífsins og hvernig okkur vegnar í bráð og lengd. Þess vegna heiðra Íslendingar sjómenn og fjölskyldur þeirra ár hvert á þessum merkisdegi. Til hamingju með sjómannadaginn.

Höfundur er sjávarútvegsráðherra.



Mótaðu framtíð Íslands

> *Við Kennaraháskóla Íslands eru nemendur búnir undir leiðtoga- og stjórnunarstörf*

> *Nám við Kennaraháskólann veitir starfsréttindi á sviði kennslu, uppeldis og umönnunar og er einnig góður undirbúningur fyrir margvísleg önnur störf*

> *Kennaraháskólinn er leiðandi á sviði fjarkennslu og um helmingur nemenda stundar fjarnám*

> *Í námi við Kennaraháskóla Íslands er lögð áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang, rannsóknir, sköpun og miðlun*

***B.Ed. nám** í grunnskólakennarafræði*

***B.Ed. nám** í leikskólakennarafræði*

***B.Ed. nám** í íþróttafræði*

***B.S. nám** í íþróttafræði*

***B.A. nám** í þroskaþjálfafræði*

***B.A. nám** í tómstunda- og félagsmálafræði*

Umsóknarfrestur um grunnnám er til 5. júní

>> Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 > www.khi.is

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma ,

Guðrún Rósa Sigurðardóttir

frá Hælavík, Löngubrekku 47, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 31. maí.

Fyrir hönd aðstandenda:

Karl Hjartarson	**Ragnheiður Hrefna Gunnarsdóttir**
	Ásdís Emilía Björgvinsdóttir
Lilja Hjartardóttir	
Sigrún Hjartardóttir	
Guðmundur Hjartarson	**Þórhalla Jónsdóttir**
Stefanía Hjartardóttir	**Helgi Hrafnsson**
Gunnhildur Hjartardóttir	
Ingibjörg Hjartardóttir	
Skarphéðinn Þór Hjartarson	**Guðrún Sigríður Loftsdóttir**
Fríða Á. Sigurðardóttir	**Gunnar Ásgeirsson**
Guðný Sigurðardóttir	**Hallbjörn Björnsson**

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ríkharður Magnússon

múrarameistari, Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist sunnudaginn 20. maí.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Magnús S. Ríkharðsson
Halldóra M. Ríkharðsdóttir
Ríkharður M. Ríkharðsson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar elskulegi

Skafti Friðfinnsson

Keflavík, síðast Hörgshlíð 4, Reykjavík

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Sigríður Svava Runólfsdóttir	
Runólfur Skaftason	
Þórunn Skaftadóttir	
Inga Skaftadóttir	**Birgir V. Sigurðsson**
Gunnhildur Skaftadóttir	**Guðmundur Magnússon**
Friðfinnur Skaftason	**Sigríður H. Ingibjörnsdóttir**
Einar Skaftason	**Lydía Jónsdóttir**
Páll Skaftason	**Hrund Þórarinsdóttir**

og barnabörn.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Kristjánsdóttir

til heimilis að Hlíðarhjalla 6, Kópavogi,

lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi sunnudaginn 27. maí sl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00.

Kristján Hilmarsson	**Sesselja M. Matthíasdóttir**
Guðjón Hilmarsson	**Hafdís Svavarsdóttir**
Birgir Hilmarsson	**Erla Ólafsdóttir**
Guðrún Hilmarsdóttir	**Hans G. Alfreðsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

ANTHONY QUINN, LEIKARI, LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2001.

„Þegar þú ert á sviðinu verður þú að finna sannleikann, sama þó að það verði til þess að þú tapir áhorfendum.“

Anthony Quinn leikari er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Grikkinn Zorba.

tímamót

timamot@frettabladid.is

MERKISVIÐBURÐIR

1885 Síðasta orrusta sem háð var á kanadískri jörð til dagsins í dag. Leiðtogi Cree indíána, Stóri-Björn, sleppur undan kanadískum yfirvöldum.

1940 Þennan dag hóf þýski flugherinn loftárásir á París í síðari heimsstyrjöldinni. Við vitum öll hvernig það fór.

1989 Kínversk stjórnvöld senda hersveitir inn á torg hins himneska friðar til að freista þess að stoppa stúdentamótmæli.

2006 Svartfjallaland segir sig úr ríkjasambandi við Serbíu og hlýtur sjálfstæði.

Í UPPHAFI Fyrstu flugvélarnar voru gjarnan sjóflugvélar.

ICELANDAIR GROUP: SJÖTÍU ÁRA AFMÆLI Á AKUREYRI Í DAG

Mikill vöxtur á síðustu árum

Icelandair Group heldur upp á sjötugsafmæli í dag og verða hátíðarhöldin á Akureyri. „Flugfélag Akureyrar var stofnað á Akureyri þann 3. júní 1937 og við miðum við það,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Icelandair. „Flugfélag Akureyrar var lítið félag sem var fljótlega flutt suður til Reykjavíkur og nafninu breytt í Flugfélag Íslands. Flugfélag Íslands starfaði sem slíkt til 1973 en þá var það sameinað Loftleiðum sem höfðu verið starfandi frá 1944. Úr þessum tveimur félögum urðu Flugleiðir til og störfuðu til 2005 undir því nafni. Þá var nafninu breytt í FL Group og síðan yfir í Icelandair Group 2006. Icelandair Group er því að fagna þessu sjötíu ára afmæli í dag.“

AFMÆLI HJÁ ICELANDAIR Guðjón Arngrímsson segir mikið hafa breyst á sjötíu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðjón segir miklar breytingar hafi orðið á þessum sjötíu árum sem flugfélagið hefur starfað. „Árið 1937 voru nánast ekki til neinar flugvélar í landinu og hvað þá flugvellir. Til að byrja með var því aðallega lent í höfnum og á vötnum. Fyrstu vélarnar voru gjarnan sjóflugvélar. Þær flugu út um allt land og oft á tíðum voru þær notaðar við síldarleit. Svo þróaðist þetta náttúrulega og það fóru að koma flugvellir hérna. 1945 var byrjað að fljúga til útlanda, fyrst til Norðurlandanna og Bretlands og svo vestur um haf. Fyrst og fremst voru

LENT Á VATNI Oft var lent í höfnum og á vötnum þar sem engir flugvellir voru.

FRÆGIR OG FÍNIR Á síðustu áratugum hefur ferðamönnum fjölgað mikið en í gegnum tíðina hafa ýmsir frægir einstaklingar komið til landsins.

SAMEINING Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinuðust árið 1973 og Flugleiðir urðu til.

það Loftleiðir sem flugu vestur en Flugleiðir meira innanlands og til Norðurlandanna.

Mesta breytingin varð þó árið 1987 að sögn Guðjóns. „Árið 1987 var flugstöðin tekin í notkun og þá varð í rauninni til þetta leiðakerfi sem er ennþá í gangi til, þar sem er verið að fljúga jöfnum höndum til Evrópu og Bandaríkjanna með viðkomu á Keflavíkurflugvelli. Þá fór ferðaþjónustan fyrst að verða alvöru atvinnugrein á Íslandi því ferðamannafjöldinn jókst alveg gríðarlega. Mig minnir að hann hafi fjórfaldast á undanförnum tuttugu árum þannig að það er alveg gríðarlegur vöxtur í þessari starfsemi allri, eins og allir vita,“ segir Guðjón.

emilia@frettabladid.is

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

BÆJARLISTAMAÐUR Jónína Guðnadóttir myndlistarmaður hefur búið í Hafnarfirði í hartnær þrjá áratugi.

Jónína bæjarlistamaður

Jónína Guðnadóttir var valin bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2007 síðastliðinn fimmtudag þegar lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar í Hafnarfirði var sett. Stefán Ómar Jakobsson tónlistarmaður og Hildur Ýr Jónsdóttir hönnuður hlutu hvatningarstyrki.

Jónína er myndlistarmaður og hefur verið búsett í Hafnarfirði í nær þrjá áratugi og hefur látið til sín taka á vettvangi listanna með ákaflega fjölbreyttum hætti. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga hér heima og tekið þátt í samsýningum. Hún hefur sýnt verk sín í listasöfnum og galleríum á Norðurlöndunum, í Þýskalandi, á nokkrum stöðum í Bandaríkjunum og í Tókýó og Kyoto í Japan.

AFMÆLI

Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, er 62 ára í dag.

Stefán Sturla Sigurjónsson leikari er 48 ára í dag..

Róbert I. Douglas leikstjóri er 34 ára í dag.

Árni Magnússon fyrrverandi þingmaður og ráðherra er 42 ára í dag.

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR
1. JÚNÍ 2007
LÝÐHEILSUSTÖÐ

Fjölbreytileiki verkefna

Guðlaugur Bragi Magnússon útskrifaðist sem meistari í húsamíði frá Verkmenntaskólanum á Akureyri nýlega og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur. Hann er á 25. aldursári og hefur áður lokið stúdentsprófi. Hann var aðeins dreginn út undir vegg er hann hafði sett upp rauðu húfuna og spurður örfárra spurninga. Fyrst um upprunann.

„Ég er frá Sunnuhlíð í Vatnsdal en hef dvalið mikið á Akureyri síðustu ár.“

Hvers vegna húsasmíði?

„Vegna fjölbreytileika verkefnanna fyrst og fremst og svo eru atvinnumöguleikarnir miklir því alltaf er verið að byggja.“

Hvar ertu að vinna núna?

„Hjá fyrirtækinu ÁK smíði á Akureyri sem er verktakafyrirtæki í húsasmíði. Við erum að byggja stórt límtréshús úti á Krossanesklöppum.“

Ætlarðu að stofna eigið fyrirtæki?

„Ég hef ekki uppi nein áform um það en ætla að staðnæmast í þessu fagi í einhver ár. Kannski fer ég svo í frekara nám síðar.“

Búinn að safna skeggi lengi?

„Síðustu fjögur ár.“ -gun

GUÐLAUGUR BRAGI MAGNÚSSON HÚSASMIÐUR

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Umsóknarfrestur til 5. júní.

Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

www.lagadeild.hi.is

Lögfræðinám fært til nútímans

Háskólinn í Reykjavík útskrifar nú í fyrsta skipti lögfræðinga með fullnaðarpróf í lögum. Áttatíu og einn nemandi hóf nám við lagadeildina þegar hún var stofnuð fyrir fimm árum, fjörutíu og tveir útskrifast 9. júní. *Salvar Þór Sigurðarson* ræddi við **Þórð S. Gunnarsson**, forseta lagadeildar, um nútímalegri lögfræðimenntun og Dýrin í Hálsaskógi sem kennslutæki.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík var stofnuð árið 2002, og var fyrst um sinn boðið upp á nám til BA-gráðu og meistaragráðu í lögfræði. Stofnun deildarinnar vakti hörð viðbrögð, en fram að því hafði lögfræðinám aðeins verið í boði í Háskóla Íslands.

Fyrsti hópur lögfræðinga með fullnaðarpróf í lögum útskrifast frá HR um næstu helgi. Nemandi með fullnaðarpróf getur aflað sér réttinda sem málflytjandi og starfað sem dómari.

> Deilurnar snerust að mestu leyti um hvort viðurkennt væri að okkar nemendur sætu við sama borð og þeir sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands að loknu fimm ára námi. Við hefðum verið í slæmum málum hefði það ekki gengið eftir.

Skýr krafa um breytingar

„Kveikjuna að þessari lagadeild má rekja nokkur ár aftur í tímann, til þess þegar lögfræðistofurnar sem ég vann hjá voru að ráða nýútskrifaða lögfræðinga úr Háskóla Íslands, sem var eina deildin sem útskrifaði lögfræðinga á þessum tíma. Þar kom í ljós að jafnvel þótt við næðum til okkar bestu nemendunum þá þurftum við að eyða ómældum tíma í að kenna þessu góða fólki að vinna. Þar að auki hafði stór hluti þess ekki menntað sig á þeim sviðum sem reyndi mest á, í sambandi við atvinnulífið og þjónustu við það," segir Þórður.

„Það var orðin greinileg krafa í þjóðfélaginu um breytingu á lögfræðimenntun, en vegna þess að það var engin samkeppni í lögfræðinámi þá var engin pressa á breytingar og menn komu sér bara þægilega fyrir. Hér við Háskólann í Reykjavík voru menn sífellt að leita að því hvar þörf væri fyrir nýja eða breytta menntun, og árið 2001 var farið að skoða lögfræðina. Eftir að hafa rætt við ýmsa menn í atvinnulífinu var mér ljóst að það var mikil þörf á því að breyta lögfræðimenntun og færa hana til nútímans."

Hann segir viðtökurnar hafa verið framar vonum þegar deildin var sett á fót. Ætlunin hafi verið að taka inn að hámarki sjötíu nemendur en 220 umsóknir bárust. „Það kom okkur verulega á óvart hversu margir sóttu um og ekki síður hversu góðar umsóknirnar voru. Þegar upp var staðið ákváðum við að taka inn 81 nemanda. Við lögðum síðan af stað með þessa nemendur og sjö kennara í ágúst 2002."

Í dag eru um 350 nemendur við nám í grunn- og meistaranámi, og starfsmennirnir orðnir 69.

Mikki refur í kennslustund

Þórður segir kennsluna við Háskólann í Reykjavík vera frábrugðna hefðbundnu lögfræðinámi á þann hátt að tengingin við atvinnulífið og raunveruleikann sé mun meiri. „Við höfum lagt mikið upp úr því í allri okkar kennslu að kenna á veruleikann. Við erum að kenna á bókina en við erum líka að kenna nemandanum að beita þeirri þekkingu á þann veruleika sem við öll lifum í. Það er það sem gerir lögfræðina skemmtilega."

Sem dæmi nefnir hann eina fyrstu kennslustundina við lagadeildina sem Einar Páll Tamimi prófessor kenndi. Í stað þess að fara í fræðileg efni námsbókarinnar tók hann upp plötu og spilaði brot úr leikritinu Dýrin í Hálsaskógi.

„Hann gerði þetta ekki til að skemmta nemendum tónlistarlega séð heldur dró þarna upp ákveðna mynd til þess að vinna með. Í skóginum var margt að gerast og dýrin ekki endilega jafn rétthá. Þarna útskýrði hann á allt öðrum forsendum en venjulega hvernig þetta samfélag okkar er."

Hann segir kennsluna miða að því að allt sem nemandinn læri hafi skírskotun til einhvers sem er raunverulega að gerast. Þetta sé gert til að gera fólk að betri lögfræðingum, þannig læri það miklu betur það sem það þarf að kunna og er fært um að beita því.

Gagnrýniraddir

Þegar Háskólinn í Reykjavík hóf að kenna lögfræði heyrðust ýmsar gagnrýniraddir, meðal annars úr Háskóla Íslands þar sem lagadeildin hafði setið ein að lögfræðinámi síðan 1908.

„Það var dálítill hvellur á sínum tíma og gekk mikið á milli deildanna þegar við fórum af stað, það er alveg rétt. Deilurnar snerust að mestu leyti um hvort viðurkennt væri að okkar nemendur sætu við sama borð og þeir sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands að loknu fimm ára námi. Við hefðum verið í slæmum málum hefði það ekki gengið eftir. Það var hins vegar ljóst frá byrjun að það gat ekki staðist að okkar nemendur væru annars flokks, og eftir að við höfðum fengið okkar réttindi kom á daginn að málið var allt á misskilningi byggt." Þórður segir ekkert ósætti á milli lögfræðideildanna tveggja í dag, fyrir utan eðlilegan ríg milli keppandi aðila.

FRUMKVÖÐLAR Í LAGANÁMI Þórður segir töluverða áhættu fólgna í því að hefja nám við glænýja deild, og því séu ákveðnar frumkvöðlatýpur í útskriftarhópnum. „Það er engin spurning að þessir nemendur verða skólanum til sóma," segir hann.

Fyrstu ungarnir úr hreiðrinu

En hvernig líst Þórði á þann hóp nemenda sem er að útskrifast núna?

„Það er engin spurning að þessir nemendur verða skólanum til sóma. Þeir hafa staðið sig vel hér í náminu, og margir þeirra hafa starfað hjá fyrirtækjum og stofnunum í starfsnámi á meðan á náminu hefur staðið."

Þórður segir að þannig fái nemendurnir mikla reynslu og tengsl skólans við atvinnulífið styrkist. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá þessum fyrirtækjum og stofnunum.

Það segir sitt að margir af þessum nemendum hafa verið ráðnir til þessara sömu fyrirtækja að lokinni útskrift."

Hann segir að í mars hafi um sextíu prósent þeirra sem útskrifast um næstu helgi verið búin að ráða sig til starfa, og flest með tvö eða þrjú atvinnutilboð. Í dag séu allir komnir með starf fyrir utan þá sem hyggja á framhaldsnám.

„Vinnumarkaðurinn er mjög góður fyrir lögfræðinga í dag. Það hefur verið skortur á þeim frekar en hitt, sérstaklega hjá þeim sem eru að sérmennta sig inn á svið eins og félagarétt, samkeppnisrétt og Evrópurétt.

Fyrirtækin eru að stækka og þar er gríðarleg þörf fyrir vel menntaða lögfræðinga."

Páll Hreinsson, forseti lagadeildar Háskóla Íslands:

Hamingjuóskir til útskriftarnema

„Ég óska útskriftarnemunum til hamingju," segir Páll Hreinsson forseti lagadeildar Háskóla Íslands. Páll er einn þeirra sem gagnrýndu fyrirkomulag lögfræðináms þegar lagadeildir voru stofnaðar við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Akureyri og á Bifröst.

„Gagnrýnin laut að því að íslensk stjórnvöld völdu ekki með skýrum hætti hvaða kerfi ætti að nota í lögfræðinámi. Þar kemur til greina annars vegar norrænt kerfi, þar sem fram fer ákveðin lágmarkssamræming á inntaki námsins, og hins vegar bandarískt kerfi þar sem allir eru settir í samræmt próf, til dæmis hjá lögmannafélaginu. Málið var ekki klárað á sínum tíma og er í ákveðnu óvissuástandi í dag."

Hann segir fjölbreytni í laganámi af hinu góða, en dómarar og málflutningsmenn þurfi aðra þekkingu en lögfræðiráðgjafar hjá fyrirtækjum. Þrátt fyrir það heiti allir lögfræðingar sem útskrifast.

„Þar sem réttaröryggi er í húfi getur þurft ákveðna lágmarksþekkingu sem þarf annað hvort að prófa til dæmis hjá lögmannafélaginu eða hafa staðlaða hjá skólunum. Það er vísir að slíku prófi hjá lögmannafélaginu í dag, en það tekur til mjög fárra þátta."

PÁLL HREINSSON

GARÐAR VÍÐIR GUNNARSSON

Garðar Víðir Gunnarsson, útskriftarnemi:

Sáttur við að hafa tekið áhættuna

Garðar Víðir Gunnarsson er einn þeirra sem útskrifast af lagadeild Háskólans í Reykjavík um næstu helgi. Hann hóf nám ásamt áttatíu öðrum árið 2002.

„Eftir á að hyggja er ég mjög sáttur við að hafa valið Háskólann í Reykjavík," segir hann. „Hann hefur staðið undir þeim væntingum sem ég gerði til hans, bæði hvað varðar gæði námsins og samband kennara við nemendur."

Hann segist hafa valið skólann að vel ígrunduðu máli, enda sé áhætta fólgin í að hefja nám við nýstofnaða lagadeild. „Það voru vissulega efasemdir í upphafi, en ég hitti Þórð deildarforseta á stóra háskóladeginum og hann lýsti fyrir mér sinni sýn á námið. Mér fannst þessar breyttu áherslur spennandi og ákvað að slá til."

Mikill meirihluti útskriftarnemanna ætlar beint út á vinnumarkaðinn en Garðar er ekki einn þeirra. Í haust ætlar hann til Stokkhólms í Svíþjóð að læra alþjóðlegan gerðardómsrétt. „Þetta er nám sem enginn Íslendingur hefur lært áður, og ég er mjög sáttur við að komast þarna inn. Það er mikil samkeppni um hvert sæti."

Garðar segir félagslífið í skólanum hafa verið gott, þrátt fyrir erfitt nám við nýja deild. „Félagslífið var svolítið sérstakt til að byrja með, en hópurinn sem byrjaði hefur haldið vel saman. Það var alltaf tími fyrir félagslífið inn á milli lestursins."

Hvað gera lögfræðingar?

Þegar orðið „lögfræðingur" er nefnt hugsa margir eflaust til Denny Crane í Boston Legal þáttunum, Lionel Hutz í Simpsons þáttunum eða jafnvel Matlock. Hið rétta er að langfæstir lögfræðingar vinna við eiginlegan málflutning og starfið er ekki alveg jafn spennandi og það virðist vera í bandarískum lögfræðiþáttum.

„Í grófum dráttum þurfa lögfræðingar að reyna að sjá fyrir þær hindranir sem kunna að vera í vegi fyrir því sem fyrirtækið ætlar að gera," segir Þórður S. Gunnarsson, deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

„Meginhlutverk lögfræðings í dag er að koma í veg fyrir að vandamál komi upp, sem kosta fyrirtæki oftast heilmikla peninga og tíma að fá leyst með dómsmáli. Hann ráðleggur fyrirtækinu þegar verið er að taka ákvörðun um að fara í þessa átt eða hina."

Í dag eru langflest stærri fyrirtæki landsins með lögfræðing á sínum snærum, og stefnir í mikla aukningu eftirspurnar eftir þeim í viðskiptalífinu, að sögn Þórðar. „Í dag eru svona fimmtíu til sextíu dómarar starfandi á landinu, og þeim fer ekki fjölgandi á næstunni. Á hinn bóginn eru fyrirtæki sífellt að stækka og verkefni lögfræðinga í þeim geira að aukast."

DÓMSALUR Þó mest beri á lögfræðingum í réttarsal þá starfa fæstir þeirra í þeim geira lögfræðinnar. Ráðgjöf hjá fyrirtækjum er þeim mun algengara hlutskipti lögfræðinga í dag.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

www.uu.is

SALAN ER HAFIN

Skíðaveisla
ÚRVALS ÚTSÝNAR

Ítalía

Selva og Madonna di Campiglio

11 daga jólaferð 22.desember.
10 daga ferð 2. janúar.
Vikulegt flug alla laugardaga frá 12. jan.
9 daga páskaferð 15.mars.

Verð frá
69.900
á mann í tvíbýli með morgunverði í eina viku á hótel Montana í Madonna 12. janúar.

Innifalið: Flug, gisting, íslensk fararstjórn og akstur erlendis.

Austurríki

Kitzbühel – Kirchberg, Flachau, Wagrain og Alpendorf

9 daga ferð 10. janúar.
Vikulegt flug á Salzburg frá 19. janúar til 8.mars.
10 daga páskaferð 15. mars.

Verð frá
69.400
á mann í tvíbýli með hálfu fæði í eina viku á hótel Taxacher Hof í Kirchberg 19. janúar.

Innifalið: Flug, gisting og íslensk fararstjórn.

Ítalía og Austurríki hafa verið vinsælustu áfangastaðir skíðaunnenda undanfarin ár og ekki að ástæðulausu. **Madonna di Campiglio**, fallegt fjallaþorp á Ítalíu, er með þægilegustu brekkurnar og frábæra aðstöðu fyrir snjóbrettafólk. **Selva del Gardena** er einn þekktasti skíðabær Ítalíu og er jafnframt eitt besta skíðasvæði í heimi. **Salzburger Sportwelt** og **Kitzbühel/Kirchberg** eru með bestu skíðasvæðum Austurríkis. Það er kjörið að gleyma hvað tímanum líður og þeytast alla daga niður frábærar skíðabrekkur af öllum stærðum og gerðum. **Skelltu þér á skíði í vetur!**

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

Sjómenn, til hamingju með daginn

MOBY DICK

TABBI

GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


Landsbankinn

Sukkum ekki lengur

Björn Stefánsson gengur dags daglega undir nafninu „Bjössi í Mínus“ enda búinn að hamra skinnin með bestu rokksveit Íslands síðan á síðustu öld. Hann er ekki bara undirstaðan í tónlist Mínuss heldur kemur Bjössi fyrir sjónir sem jarðbundnasti meðlimur sveitarinnar, eins konar andlegt akkeri. Ég settist niður með honum. Við drukkum kaffi.

BJÖSSI Í MÍNUS „Við höfum tekið túra sem við vorum ekki sáttir við. Kannski keyrt í tíu klukkutíma til að spila fyrir einn áhorfanda. Þá fer maður að hugsa: Kannski gæti ég bara verið heima hjá mér að vaska upp.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ HÖRÐUR

Þeir dómar sem ég hef séð um nýju plötuna, The Great Northern Whalekill, ganga út á að þetta sé fín plata, en toppi ekki meistaraverkið ykkar Halldór Laxness. Hvernig lítur þú á málið?

„Þótt plötunni Halldór Laxness hafi verið hampað mikið þá fannst okkur þar ekki alveg takast að taka upp rokk sem skyldi. Okkur langaði að fara út og taka upp rokkplötu í góðu stúdíói með réttu fólki og okkur finnst við hafa náð því takmarki með nýju plötunni. Við tókum ekki stórt skref í einhverri djöflasýru. Þetta er bara fín rokkplata sem við erum mjög sáttir við.“

Já, það er áberandi skortur á tilraunamennskunni sem hafði áður aukist með hverri plötunni eftir annarri.

„Já, og við vildum einmitt fara þá leið. Ef maður er að gera plötu og treður inn einhverri sýru bara til að hafa sýru þá verður það tilgerðarlegt. Þetta var mjög einfalt núna: Við vildum bara semja góð rokklög og hafa þau í góðu sándi. Á vissan hátt erum við líka að klára Halldór Laxness-tímabilið. Við viljum þróast sem tónlistarmenn og finnst gaman að hittast og semja og náum mikilli tengingu þegar við hittumst. Það sem við gerum næst verður mjög frábrugðið þessu.“

Ósofnir fyrir framan tíu þúsund

Þið strákarnir í Mínus hafið verið saman í níu ár. Það er langur tími fyrir unga menn. Er einhver eftirsjá að öllum þessum tíma?

„Það hefur náttúrulega margt gerst innan bandsins sem er ekki beint tengt tónlistinni. Þetta er bara eins og að vera í ástarsambandi og það koma tímar sem pör rífast eða stunda ekki kynlíf. Við finnum okkur alltaf knúna til að koma saman og búa til tónlist þótt við höfum rifist eins og hundar og kettir. En ég sé ekki eftir neinu sem ég hef gert um ævina. Mér líður bara rosalega vel yfir því sem ég hef gert og þeim markmiðum sem ég hef náð með Mínus. Það hafa verið erfiðir tímar en þeir styrkja mann bara.“

Yfir hverju hafiði helst rifist?

„Það er svo margt, maður! Það hefur verið tónlistarlegur ágreiningur, eins og í flestum böndum. Og svo höfum við tekið túra sem við vorum ekki sáttir við. Kannski keyrt í tíu klukkutíma til að spila fyrir einn áhorfanda. Þá fer maður að hugsa: Kannski gæti ég bara verið heima hjá mér að vaska upp. En í heildina séð er það miklu meira jákvætt en neikvætt sem maður hefur upplifað með þessum strákum. Við erum í raun tengdir blóðböndum.“

Þið hafið verið funheitir á tímabili, stórfyrirtæki og blöð sýnt ykkur mikinn áhuga. Hvernig stendur það allt í dag?

„Ég bara veit það ekki. Það kom að því að við fengum hálfgert ógeð á því sem var í gangi í kringum okkur, öllu ruglinu sem fylgdi. Í dag viljum við frekar einbeita okkur að tónlistinni og okkur sjálfum.“

Mér heyrist á þér að það hafi verið slítandi að vera í harkinu.

„Já, þetta var algjört rótleysi í tvö ár. Ég bjó hvergi, maður kom kannski heim í tvær vikur og svo bara aftur út. Ég bjó í barnaherbergi lítillar frænku minnar í tvo mánuði. Það var ekkert voðalega heilsusamlegt líf að vera alltaf á flækingi og borða bara einhvern mat og sofa bara einhvers staðar. En þetta var gaman og ég er reynslunni ríkari.“

Hvenær var stærsta rokkaugnablikið?

„Ætli það sé ekki þegar við spiluðum ósofnir fyrir framan tíu þúsund manns á Reading-hátíðinni. Við spiluðum um hádegi og höfðu verið með partí í rútunni alla nóttina, vorum eins og strákar í dótabúð þarna. Svo var keyrt til Manchester og spilað þar um kvöldið. Þetta Reading-gigg er til á videó og er mjög flott enda vorum við gífurlega vel spilandi. Svo var ég rændur af fjórum blökkumönnum. Það var nokkuð eftirminnilegt.“

Varstu bara einn að flækjast?

„Já, með tuttugu þúsund kall á kortinu. Það átti að duga vikuna. Ég var á leið heim með kók og snakk handa strákunum þegar þeir stukku á mig og sneru mig niður. Svo neyddu þeir pin-númerið upp úr mér, tóku allt út og átu snakkið og drukku kókið fyrir framan mig! Þetta olli smá kvíða í nokkra mánuði. Ég var alltaf var um mig.“

Ekkert oh my god!

Það hafa gengið alls konar sögur af ykkur strákunum í gegnum tíðina, þetta vanalega rokkkjaftæði: slagsmál og slark. Eruði ekki farnir að róast eitthvað?

„Ég segi nú bara eins og Bjarni gítarleikari sagði að það hefur alltaf verið í höndum ákveðinna meðlima í hljómsveitinni að sjá um sukkdeildina. Nú erum við Bjarni báðir komnir með börn. Þetta rótleysi sem var gengur ekki lengur og maður vill það heldur ekkert. Sá tími sem maður eyðir í bandið fer núna allur í sjálfa tónlistina. Í dag erum við ekki sukkhljómsveit.“

Þú hefur væntanlega þurft að endurskoða lífið þegar dóttir þín kom?

„Það ferli fór í gang um leið og ég frétti það að ég væri að verða faðir. Ég vildi verða faðirinn sem ég sjálfur fór á mis við. Þetta ferli að vera faðir er þannig að ef þú klúðrar því smá þá klúðrar þú því alveg. Ég vildi vera andlega undirbúinn fyrir þetta og lét strákana vita af því að ég væri að verða pabbi. Það var nett sjokk en bara jákvætt, þeir voru ekkert „oh my god!“ Ég man að ég tók þá meðvituðu ákvörðun að ég ætlaði ekki að klúðra þessu. Lífið í dag er náttúrulega erfiðara en líka miklu skemmtilegra.“

Líturðu á þig sem fjölskyldumann í dag?

„Algjörlega. Þetta er það sem heldur mér gangandi. Þetta bindur einhvern veginn allt saman og ég skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna það.“

Fattaði að þetta væri mín braut

Þú segir að pabbi þinn hafi ekki alveg verið meðvitaður í pabbahlutverkinu?

„Jú, jú, hann var alveg til staðar en hann þurfti bara að kveðja svo fljótt. Bæði var hann helgarpabbi og svo lést hann fyrir aldur fram úr krabbameini.“

Hann var náttúrulega trommari líka (Stefán Jóhannsson, spilaði með Dátum og Sumargleðinni) – er það frá honum komið að þú fórst að spila á trommur?

„Já, algjörlega. Ég lenti í því eins og margir ungir menn að sökkva mér í eina hljómsveit og í mínu tilfelli var það Metallica. Síðar komu Guns ‘n Roses. Mig langaði alltaf að verða gítarleikari en þegar pabbi var kominn með krabbamein og ég sá mynd af honum að tromma þá fattaði ég bara að þetta væri mín braut. Mér fannst þetta rétt, einhvern veginn. Hann lagði sig allan í þetta og mér fannst eins og ég þyrfti að klára dæmið.“

Og það er ekki hægt að segja annað en að þú sért að rúlla þessu upp. Fyrir utan Mínus ertu í Motion Boys og svo að æfa Jesus Christ Superstar, sem verður reyndar ekki sýnt fyrr en í desember. Hefurðu lært eitthvað á trommur?

„Já, eitthvað, en ég græddi lítið á því. Þú lærir ekki fílinginn í því að vera tónlistarmaður þó þú lærir kannski tæknina að spila. Þetta gengur svo mikið út á ástríðuna.“

Finnst þér þú vera virkur þátttakandi í samfélaginu – fylgdistu til dæmis spenntur með á kosninganóttinni?

„Æi, ég hef aldrei haft mikinn áhuga á pólitík en ég reyndi í þetta skiptið. Drakk bjór og horfði á kosningasjónvarpið. Ég kaus, en kaus bara til að mótmæla stóriðjunni.

Hvar sérðu sjálfan þig annars eftir tíu ár?

„Ég hugsa nú ekki á þeim nótum og einbeiti mér bara að deginum í dag. Einu sinni var ég rosalega upptekinn af fortíðinni og kvíðinn fyrir framtíðinni en nú reyni ég bara að gera sem mest úr deginum í dag. Þá líður mér best þegar ég fer að sofa.“

GÓÐAN DAGINN

Dr. Gunni tekur viðtal

➜ BJÖSSI Í MÍNUS… fyllir í eyðurnar

Ég er glaður að ég er ekki... lengur svona smávaxinn eins og ég var í barnaskóla.

Eftirminnilegasta fermingargjöfin mín var... risastórt rúm sem ég fékk frá fjölskyldunni. Fyrstu nóttina sem ég svaf í því hlustaði ég á The End með Doors á rípít og ég man að ég hugsaði með sjálfum mér að lífið yrði ekkert mikið betra en þetta.

Ef ég væri rekinn á eyðieyju með plötuspilara og þrjár plötur tæki ég... Hunky Dory með David Bowie, King For a Day, Fool For a Lifetime með Faith No More og Revolver með The Beatles. En að velja þrjár uppáhaldsplötur til að fara með á eyðieyju er bara ekkert sniðugt, þær verða umsvifalaust of spilaðar, gæti hugsað mér að þær myndu fljótt eyðileggjast tónlistarlega séð og myndu þar af leiðandi missa kúlið.

Mesti lúxus sem ég hef leyft mér... Það er eiginlega ótrúlegt hvað ég er nægjusamur og mikið krútt, en ætli að það sé ekki psp-tölvan sem ég keypti á seinasta ári þegar ég var á flugvelli í Póllandi, þurfti nefnilega að dúsa þar þunnur í næstum tíu klukkutíma vegna flugtafa.

Síðasta bíómynd sem ég sá og ég myndi gefa fullt hús stiga er... Blood Diamond sem var gífurlega átakanleg allan tímann sem hún var í gangi.

Ef ég sæi Herra Ólaf Ragnar og Dorritt hundblaut að húkka sér far á Holtavörðuheiði myndi ég... náttúrulega stoppa og bjóða þessu góða fólki far, þrátt fyrir að ég eigi ekki sælar minningar frá tímabilinu sem ég tók upp alla þá puttalinga sem ég sá utan vegar. Tók eitt sinn puttaling upp í gamla svarta pusjóinn minn og hann sló Evrópumet í að vera leiðinlegur.

Ef ég væri síamstvíburi vildi ég vera fastur við... annað hvort Paul McCartney eða David Bowie af því að ég get ekki gert upp við mig hvor það væri eiginlega, ég meina þetta væri alveg fáránlega gott trió ef ég væri fastur á milli þeirra tveggja og hugsið ykkur, öll djöflasýran sem yrði rædd upp í rúmi er við værum að fara að sofa. Það væri líka ábyggilega fáránlega fyndið að vera fastur við stórleikarann Gary Busey.

Fyrsta sólóplatan mín mun heita... Björn og aðrir minna þroskaðir menn... skírskotun í Ný Dönsk.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

SKRIFSTOFUSTARF

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir ritara á skipulags- og byggingarsvið. Helstu verkefni ritara, auk almennra ritarastarfa, eru m.a. skráning í verkefnabókhald sviðsins og umsjón með gögnum, útsending fundarboða og bréfaskriftir vegna afgreiðslu mála, umsjón með skipulagsauglýsingum og fleira því tengt.

Góð tölvukunnátta nauðsynleg og reynsla af sambærilegum störfum æskileg.

Um er að ræða fullt starf, og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri og Jón Sigurðsson umsjónarmaður verkefna, í síma 585 5500.

Umsóknum skal skila til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 22.júní.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **sima 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

Kirkjuvörður

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma óska eftir að ráða kirkjuvörð í Fossvogskirkju. Starfið felst einkum í eftirfarandi:

- Vinna í samstarfi við starfsmenn útfararstofa samkvæmt sérstakri starfs- og verklýsingu.
- Annast undirbúning fyrir athafnir í Fossvogskirkju, Kapellu og Bænhúsi.
- Taka á móti aðstandendum sem koma í Fossvog til að vera við athafnir.
- Annað samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun og tölvukunnáttu.

Umsækjendur eru beðnir að skila inn skriflegum umsóknum, þar sem getið er um menntun og fyrri störf. Umsókn merkt "Kirkjuvörður", skal senda til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 15. júní n.k.

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Erla Pálmadóttir forstöðumaður Fossvogskirkju í síma 585-2750 milli kl. 10 - 12 næstu daga.
Sjá upplýsingar um Kirkjugarðana á www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Framkvæmdastjóri

564975

Stígandi ehf. sem staðsett er á Blönduósi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Í starfinu felst dagleg stjórnun rekstrar og verklegra framkvæmda.

Leitað er að einstaklingi sem hefur þekkingu og/eða reynslu af stjórnun og rekstri. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði byggingariðnaðar. Í dag rekur fyrirtækið alhliða verktakastarfsemi og verkstæði þar sem smíðaðar eru innréttingar af ýmsu tagi.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

FÉLAG FASTEIGNASALA

EIGNAMIÐLUN

Hjá okkur er nóg að gera !

Eignamiðlun ehf. er elsta starfandi fasteignasala landsins, stofnuð árið 1957.

Hjá fyrirtækinu starfa nú sjö löggiltir fasteignasalar, einn lögfræðingur, einn sérlærður matsmaður og þrír löggiltir verðbréfamiðlarar auk skrifstofumanna.

Starfsmenn Eignamiðlunar búa yfir yfirgrips mikilli reynslu og þekkingu á sviði fasteignaviðskipta.

Meðal viðskiptavina Eignamiðlunar má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, sparisjóði, opinber fyrirtæki og sveitarfélög.

Eignamiðlun óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala

Við leitum að öflugum einstaklingi til að starfa á sviði fasteignasölu hjá einni af leiðandi fasteignasölu landsins.

Fasteignasalinn annast skjalagerð og hefur milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum, hann kemur jafnframt að mati fasteigna og tilboðsgerð. Honum ber að þjónusta viðskiptavini félagins á sem faglegastan og bestan hátt með það að leiðarsljósi að fasteignaviðskipti gangi örugglega fyrir sig.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi löggildingu í fasteignasölu og/eða marktæka reynslu af sambærilegum störfum, en háskólamenntun á sviði lögfræði eða viðskiptafræði kemur einnig til greina. Áhersla er lögð á skilvís vinnubrögð, hæfni í samningagerð, lipurð í mannlegum samskiptum og faglegan metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugavert starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki, þar sem liðsandinn er þægilegur og tekjumöguleikar góðir fyrir duglegan og metnaðarfullan aðila.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá **STRÁ MRI**. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál**.

Guðný Harðardóttir hjá **STRÁ MRI** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

VEGAGERÐIN

VERKEFNASTJÓRI
AKUREYRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá nýframkvæmdum Norðaustursvæðis með aðsetur á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Magnuppgjör og skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

MALARVINNSLAN
☎ 470 1500

FJÁRMÁLASTJÓRI

Malarvinnslan á Egilsstöðum óskar að ráða fjármálastjóra með víðtæka reynslu og þekkingu.

Malarvinnslan hf. var stofnuð 1980. Malarvinnslan er allhliða verktakafyrirtæki með áherslu á malbikun og klæðningu og framleiðslu eininga fyrir iðnaðar- og íbúðahúsnæði. Einnig rekum við fullkomið vörubíla- og vinnuvéla-verkstæði, sjáum um aðrar framkvæmdir og veitum viðskiptavinum okkar ýmsa þjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 120-140 starfsmenn.

Starfssvið
- Ábyrgð og umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Áætlanagerð
- Uppgjör
- Lánastýring og kostnaðareftirlit
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræði, hagfræði, endurskoðun eða sambærileg menntun
- 5 ára starfsreynsla æskileg
- Reynsla og þekking af eignastýringu og fjármálastjórnun æskileg
- Góð reynsla af lánamarkaði ásamt reynslu af samningagerð við fjármálafyrirtæki og lánadrottna
- Haldgóð þekking á bókhaldi og uppgjörum
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarreynsla mikill kostur

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

RINOL
RINOL Skandinavien

ERT ÞÚ RÉTTI AÐILINN?

Rinol Skandinavien A/S eru að leita að svæðisstjóra/country manager til að sjá um sölu, rekstur og samskipti við viðskiptavini á Íslandi. Í boði er gott starf hjá mjög metnaðarfullu fyrirtæki þar sem spennandi tímar eru framundan.

Rinol Skandinavien A/S er danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í lagningu steypu-og efnagólfa í fyrirtæki með sérhönnuðum tækjum í samvinnu við samstarfsaðila sem hafa sérþekkingu á þessu sviði.
Skrifstofur Rinol Skandinavien A/S eru staðsettar á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í Næstved í Danmörku.

Starfssvið
Starfið felst m.a. í rekstri á skrifstofu fyrirtækisins hér á landi. Sölu, þjónustu og samningagerð við núverandi og tilvonandi viðskiptavini hér á landi.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, kostur ef viðkomandi er með byggingaverkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun, sér í lagi úr byggingageiranum mikill kostur
- Reynsla af sölu og samningagerð
- Góðir samskiptahæfileikar sem og hæfileikar til að stjórna skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Kunnátta í þýsku og allavega einu Norðurlandamáli kostur

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

Vinna.is
Sími 511 1144 www.vinna.is

www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

GH vinnur að heildarlausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem eru í byggingar- eða breytingarhugleiðingum. GH sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á vandaðri vöru frá Ítalíu og Austurríki. Má þar nefna lýsingu, t.d. frá iGuzzini og Fabbian, innréttingar, gólfefni, glugga og hurðir. GH leggur metnað í að veita persónulega þjónustu. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.gh.is

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur öflugan sölumann sem fyrst. Við leitum að kraftmiklum, þjónustulunduðum og snyrtilegum starfsmanni sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum.

Starfssvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta til einstaklinga og fyrirtækja
- Skoðun teikninga frá arkitektum með viðskiptavinum
- Möguleiki á einfaldri teiknivinnu

Menntunar- og hæfniskröfur
- Stúdentspróf
- Reynsla af verslunarstörfum
- Hæfileikar til að selja
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á teikniforritinu AutoCAD kostur en ekki skilyrði

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ERTU FORVITIN ? LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?

capacent RÁÐNINGAR

Capacent Ráðningar eru í forystu í ráðgjöf vegna ráðninga starfsfólks í almenn og sérhæfð skrifstofustörf, sölu- og þjónustustörf, ráðninga sérfræðinga, millistjórnenda og í stjórnunarstöður. Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar. Capacent Ráðningar eru hluti af Capacent, stærsta rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtæki landsins.

Capacent Ráðningar leita að öflugum liðsmanni.

Þú þarft að vera
- metnaðarfull/ur
- óhrædd/ur við vinnu
- full/ur frumkvæðis
- áhugasöm/samur um fólk
- vel upplýstur um viðskiptaheiminn
- með háskólagráðu
- geta unnið undir álagi
- vera skipulögð/lagður
- með ríka þjónustulund
- sveigjanleg/ur

Það sem þú færð er
- skemmtilegur vinnustaður
- krefjandi verkefni
- árangurstengd laun
- mikil samskipti við stjórnendur fyrirækja
- mikil samskipti við samstarfsfólk

Hlutverk þitt er að
- skilja, þekkja og greina þarfir fyrirtækja
- gera starfsgreiningar með fyrirtækjum
- hafa auga fyrir tækifærum
- finna rétta einstaklinginn í starfið
- nota matstæki við mat á umsækjendum
- vera í samskiptum við fyrirtæki og umsækjendur

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

STARFSMANNASTJÓRI

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 7400 íbúar. Það starfa alls um 500 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsfólki sem er skipulagt, vandvirkt, hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir ráða starfsmannastjóra. Um er að ræða 100% starf sem er hluti af stjórnunarteymi fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins.

Starfssvið
- Ábyrgð á stefnumótun og samþættingu starfsmanna – og starfsþróunarmála
- Framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnu
- Ábyrgð á stjórnendaþjálfun og eftirfylgni með grunnþjálfunaráætlunum og símenntunaráætlunum
- Yfirumsjón með ráðningarferli sveitarfélagsins
- Ráðgjöf á sviði starfsmannamála
- Yfirumsjón launadeildar og eftirlit með þróun launakostnaðar og stöðugilda
- Þátttaka og undirbúningur fjárhagsáætlunar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, mannauðsstjórnunar eða sambærilegt nám
- Starfsreynsla af sviði rekstrar, stjórnunar eða mannauðsstjórnunar er æskileg
- Þekking af kjarasamningum og launavinnslu er æskileg
- Þekking á málefnum sveitarfélaga og/eða stjórnsýslu æskileg
- Góð hæfni í upplýsingatækni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 11. júní nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Sumar, vetur, vor og haust....

Gallup – spyrlar 564974
Gallup óskar eftir að ráða spyrla í úthringingar. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Leitað er að einstaklingum með góða íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulund. Gallup býður upp á skemmtilegt og gott starfsumhverfi. Viðkomandi þurfa að vera eldri en 18 ára og geta hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir í síma 540-7180 alla virka daga á milli kl. 8:00 og15:00.

Aðstoðarmaður vöruskilastjóra 564980
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem er í matvælaframleiðslu óskar eftir að ráða aðstoðarmann í vöruskil. Starfið felur í sér skráningu og talningu á skilavörum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00. Leitað er að ábyrgum og stundvísum einstaklingi sem hefur góða tölvukunnáttu. Ráðið verður í starfið strax.

Útkeyrsla 564940
Kvos hf. móðurfélag Prentsmiðjunnar Odda ehf., Gutenberg ehf. og Odda skrifstofuvara ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra. Starfið felst í að keyra vörum fyrirtækisins í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Einhver burður fylgir starfinu og kostur er ef viðkomandi hefur meirapróf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00. Leitað er að ábyrgum, röskum, þjónustulunduðum og sjálfstæðum einstaklingi. Ráðið verður í starfið strax.

Bílarafmagn – viðgerðir 564853
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem flytur inn og selur vinnuvélar og tæki m.a. til verktaka, bæjarfélaga, bænda, sjávarútvegsfyrirtækja ofl. óskar eftir að ráða til sín starfsmann með mjög góða rafmagnsþekkingu. Í starfinu felast viðgerðir á rafmagnslyfturum og vinna við rafmagn í vörubílum. Kostur ef viðkomandi hefur unnið við bílarafmagn, lyftukerfi eða vökva- og kælibúnað. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:15. Um framtíðarstarf er að ræða.

Verkstjóri á vélaverkstæði 564964
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem flytur inn og selur vinnuvélar og tæki m.a. til verktaka, bæjarfélaga, bænda, sjávarútvegsfyrirtækja ofl. óskar eftir að ráða til sín verkstjóra á vélaverkstæði. Starfið felur í sér ábyrgð á daglegum verkefnum, úthlutun verkefna og reikningagerð. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:15. Leitað er að ábyrgum og sjálfstæðum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Einnig er skilyrði að viðkomandi hafi mikla þekkingu á viðgerðum. Um framtíðarstarf er að ræða og verður ráðið í starfið fljótlega.

Lagerstarf 564968
Promens Tempra ehf. er fyrirtæki sem er í framleiðslu á húsaeinangrun og umbúðum úr EPS. Þeir óska eftir starfsmanni á lager. Starfið felur í sér almenn lagerstörf, afgreiðslu á byggingarplasti og talningu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00. Leitað er að samviskusömum, stundvísum og ábyrgum einstaklingi til starfa. Fyrirtækið sér starfsmönnum fyrir hádegisverði. Ráðið verður í starfið strax.

Sewing Position 564977
A company which manufactures window curtains has an immediate opening for sewing Position. The position comprises of sewing curtains, valances, shades etc. The company is looking for a conscientious, precise and experienced person. Good working conditions and an established company. Working hours are from 8:00 to 16:00.

Akkorðsvinna 12:00-22:00 564960
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem er í matvælaframleiðslu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í dreifingardeild.
Í starfinu felst að taka til pantanir fyrir verslanir og er starfið unnið í akkorði. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 12:00-22:00 og frí á föstudögum. Röskir einstaklingar hafa náð töluverðum tekjum á mánuði. Leitað er að stundvísum, nákvæmum og duglegum einstaklingi sem er hraustur og getur hafið störf strax.

Spennandi starf við sölu og ráðgjöf 564914
Fyrirtæki sem sérhæfir sig á hreinlætisvörumarkaði óskar eftir starfsmanni. Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Leitað er að opnum og jákvæðum einstaklingi. Viðkomandi þarf að vera reyklaus og hafa einhverja reynslu af sölumennsku. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-18:00 eða 8:00-17:00. Ráðið verður í starfið strax.

Lagerstarfsmaður með meirapróf 564949
Öflugt fyrirtæki sem er í sölu og þjónustu á grænmeti til fyrirtækja og stofnana óskar eftir lagerstarfsmanni með meirapróf til starfa. Starfið felst í almennum lagerstörfum, kassaþvotti og útkeyrslu til fyrirtækja og stofnana. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-16:30 ásamt tilfallandi yfirvinnu. Leitað er að röskum og ábyrgum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Skilyrði er að viðkomandi hafi meirapróf. Góð starfsmannaaðstaða og er hádegisverður niðurgreiddur. Ráðið verður í starfið strax.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN
S: 511 1144

.....nú er rétta starfið laust!

Verkstæðismóttaka 564951
Bílaumboð á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni í móttöku á verkstæði. Í starfinu felst móttaka og þjónusta við viðskiptavini, forskoðun á ástandi bifreiða, gerð kostnaðaráætlana og reikningagerð. Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingi sem er stundvís og nákvæmur í vinnubrögðum. Viðkomandi þarf einnig að hafa einhverja þekkingu/áhuga á bifreiðum og kostur að hafa reynslu af sambærilegu starfi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Meiraprófsbílstjóri með c-réttindi 564963
Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða til sín meiraprófsbílstjóra til að aka vörum til viðskiptavina innan höfðuborgarsvæðisins. Í starfinu felst að ferma og afferma bílinn auk útkeyrslunnar. Vinnutími er frá kl. 7/8:00-15/16:00. Leitað er að hraustum og áreiðanlegum aðila með meiraprófsréttindi og hreint sakavottorð.

Meiraprófsbílstjóri með trailerréttind 564962
Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til þess að aka gámum út á land. Í starfinu felst að fara með og sækja gáma til viðskiptavina og samstarfsaðila í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og eins þarf viðkomandi að keyra norður í land, hitta þar annan keyrsluaðila, skiptast á tengivögnum og keyra til baka. Vinnutími er aðra vikuna frá kl. 8:00-16:00 og hina vikuna frá kl. 16:00-24:00. Leitað er að meiraprófsbílstjóra með trailerréttindi og hreint sakavottorð.

Tæknimaður 564941
Járn og Gler óskar eftir tæknimanni. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja menntun á sviði rafmagns og/eða reynslu af rafmagnsviðgerðum. Starfið felur í sér uppsetningu og viðhald sjálfvirks búnaðar auk þess að sinna sölu og tilboðsgerð. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er góður í mannlegum samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00 nema á föstudögum til kl. 16:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Sölumaður 564989
OpenHand sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fólk á ferðinni. Með þjónustu OpenHand fá viðskiptavinir aðgang að öllum sínum upplýsingum á ferðinni í farsíma sinn, líkt og þeir sætu á skrifstofunni. Fyrirtækið leitar að öflugum sölumanni til starfa vegna ört vaxandi verkefna. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-17:00. Viðkomandi þarf að geta unnið einstaka kvöld. Leitað er að samviskusömum og ábyrgum einstaklingi sem er sjálfstæður og á gott með mannleg samskipti. Reynsla af sölu farsíma eða góð þekking á farsímatækni kostur en ekki skilyrði. Ráðið verður í starfið strax.

Lager - lyftararéttindi æskileg 564938
Kvos hf., móðurfélag Prentsmiðjunnar Odda ehf., Gutenberg ehf. og Odda skrifstofuvara ehf., óskar eftir að ráða lagerstarfsmann. Um er að ræða hefðbundin lagerstörf. Vinnutími er mánudaga - föstudaga frá kl. 8:00 -18:00. Leitað er að hraustum, sjálfstæðum og áreiðanlegum aðila sem er afkastamikill og þjónustulundaður. Lyftarapróf er kostur ásamt reynslu af lagerstarfi. Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að byrja sem fyrst.

Saumavinna 564977
Starfsmaður óskast í saumavinnu hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í gluggatjöldum. Starfið felur m.a. í sér saumaskap á gluggatjöldum, tauköppum, felligardínum og m.fl. Leitað er að einstaklingi sem er samviskusamur, nákvæmur og vanur saumavinnu. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00. Ráðið verður í starfið strax.

Sala og ráðgjöf 564992
Fyrirtæki sem er í sölu- og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa sem fyrst. Í starfinu felst m.a. umsjón og ábyrgð á verkefnum, tengsl og ráðgjöf til viðskiptavina, upplýsingaöflun, gerð auglýsinga og annað sem til fellur. Leitað er að starfsmanni sem er með stúdentspróf, háskólanám kostur en ekki skilyrði, reynslu af skrifstofustörfum, frumkvæði, jákvæðni og vilja til að ná árangri í starfi. Einnig þarf viðkomandi að viðhafa sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Vinnutími er frá kl. 9:00-17:00.

Starfsmaður í málningardeild 564950
Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í sölu og afgreiðslu í málningardeild. Leitað er eftir einstaklingi sem er þjónustulundaður, heiðarlegur og hefur góða framkomu. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu úr sambærilegu starfi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00-19:00 og unninn er einn laugardagur og einn sunnudagur í mánuði. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Magazyn – zawodowe prawo jazdy C 564949
Przedsiębiorstwo usługowe zajmujące się sprzedażą warzyw poszukuje pracownika do magazynu. Zakres obowiązków – wykonywanie prac magazynowych, mycie pojemników oraz dostarczanie produktów do klientów. Czas pracy – wszystkie dni robocze od 08:00 do 16:30 z możliwością nadgodzin. Poszukiwana jest energiczna, odpowiedzialna, osoba. Dobre warunki pracy oraz obiad opłacany przez przedsiębiorstwo. Poszukiwani są kandydaci znający język angielski lub islandzki.

3G Vertu með frá byrjun

NOVA er nýtt 3G félag sem mun breyta samskiptum fólks og því með hvaða hætti það miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Við byggjum upp eigið 3G farsíma- og netkerfi og höfum sett okkur metnaðarfull markmið um innkomu á íslenskan markað. Framundan eru því mörg krefjandi og skemmtileg verkefni.

Við leitum að kraftmiklu og drífandi fólki sem vill takast á við áskorun í starfi, getur sýnt frumkvæði, unnið sjálfstætt og í hópi.

Ef þú telur þig eiga erindi í okkar hóp í eitthvert neðangreindra starfa sendu okkur þá umsókn og ferilskrá á netfangið nova@nova.is fyrir 10. júní.

Í öllum tilfellum þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Í boði eru eftirtalin störf:

Yfirmaður fjarskiptakerfa

Yfirmaður fjarskiptakerfa leiðir uppbyggingu og framtíðarþróun **3G** fjarskiptakerfa **NOVA**. UMTS dreifikerfi, símstöðvar og VAS kerfi heyra undir fjarskiptadeild fyrirtækisins. Gerð er krafa um umtalsverða þekkingu og reynslu á uppbyggingu og rekstri fjarskiptaþjónustu, einkum á sviði farsímaþjónustu.

Starfsmaður í prófanir

NOVA leitar eftir starfsmanni til að framkvæma prófanir við erlend símafyrirtæki. Starfið felur í sér umsjón og eftirfylgni með prófunum á þeim þjónustum sem **NOVA** mun bjóða upp á erlendis. Gerð er krafa um nákvæmni og samviskusemi sem og góða enskukunnáttu. Tækniþekking er ekki nauðsynleg.

Ritari & móttaka

Starfið felur í sér símsvörun ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðum skammti af þjónustulund og lífsgleði.

Verkefnastjóri 3G uppbyggingar

Starfið felur í sér verkstjórn, hönnun og eftirlit með aðstöðu þeirri sem **NOVA** mun byggja upp fyrir **3G** dreifikerfi fyrirtækisins. Viðkomandi mun leiða hraða uppbyggingu dreifikerfisins um land allt. Um sækjandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur af byggingasviði. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi góða reynslu af verklegum framkvæmdum og skipulagningu þeirra.

Verkefna- & ferlastjóri á markaðssviði

Starfið felur í sér verkefnastjórnun á markaðssviði **NOVA** og heyra sölu-, markaðs- og þjónustumál fyrirtækisins undir það svið. Viðkomandi mun taka virkan þátt í innleiðingu á nýrri vöru og þjónustu sem og að bera ábyrgð á öllum verkefna- og vinnuferlum innan sviðsins. Háskólamenntun og/eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar og góð tölvukunnátta er skilyrði. Reynsla af notkun Visio, Sharepoint og CRM er kostur.

Verkefnastjóri á tæknisviði

Starfið felur í sér ábyrgð á samskiptum við lykilverktaka sem sérhæfa sig í innleiðingu hugbúnaðar- og fjarskiptalausna. Samstarfsaðilar **NOVA** eru bæði innlend og erlend fyrirtæki. Háskólamenntun og/eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar er skilyrði.

Nánari upplýsingar á www.nova.is

NOVA · Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími 517 6660 · www.nova.is

NOVA

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks í Hafnarfirði.

Ábyrgðarsvið:
- Rekstur og fagleg þjónusta
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

Menntun og hæfniskröfur:
- Þroskaþjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Áhugi á málefnum fatlaðra

Í boði er:
- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur og samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness, www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 17. júní nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Atlantsskip óskar eftir fólki

Innflutningur - tollskýrslugerð

Starf:
- Tollskýrslugerð í innflutningi
- Samskipti við innflytjendur

Hæfniskröfur:
- Reynslu af tollskýrslugerð er krafist
- Góð þekking á tollskrá nauðsynleg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Sumarstarfsmenn í sérverkefni og afleysingar

Starf:
- Almenn skrifstofu- og sölustörf

Hæfniskröfur:
- Almenn tölvuþekking
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Atlantsskip er eitt stærsta flutningafyrirtæki landsins og annast völuflutninga til og frá landinu og um allan heim, á sjó, í lofti og á landi. Atlantsskip byggja starfsemi og þjónustu fyrirtækisins á lítilli yfirbyggingu, persónulegum samskiptum og sveigjanleika. Því er Atlantsskip kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk Atlantsskipa er að bjóða viðskiptavinum sínum trausta og örugga flutningsþjónustu með ánægju þeirra að leiðarljósi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: birgir@atlantsskip.is, fyrir 8. júní nk.

Atlantsskip ehf. *Vesturvör 29 / 200 Kópavogur*
*Sími 591 3000 / **www.atlantsskip.is***

ATLANTSSKIP -FLYTJA VÖRUR-

PIPAR • SÍA • 71114

orkusalan
spennandi samband

INNKAUPASTJÓRI

Orkusalan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf innkaupastjóra. Hér er um nýtt starf að ræða hjá spennandi fyrirtæki.

Orkusalan er nýtt, framsækið og öflugt raforkusölufyrirtæki sem hefur það að markmiði að stuðla að hagkvæmum og þægilegum raforkuinnkaupum fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Starfssvið
- Innkaup á raforku til endursölu
- Gerð innkaupaáætlana
- Samningagerð við birgja
- Tilboðsgerð inn á heildsölumarkað
- Önnur verkefni í samvinnu við framkvæmda- og markaðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, raungreina, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

HAFNARFJÖRÐUR

FJÁRMÁLASTJÓRI

Hafnarfjarðarbær leitar að fjármálastjóra til að hafa yfirumsjón með fjármálum bæjarins.

Velkomin til Hafnarfjarðar.

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagins hjá Þjónustuveri bæjarins í síma 5855500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Starfssvið
- Annast og ber ábyrgð á daglegri fjármálastjórn bæjarins
- Hefur umsjón með fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Annast undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar bæjarins ásamt gerð greiðsluáætlana
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri og framkvæmdum
- Kemur að stefnumótun í samræmi við markmið bæjarstjórnar um aðhald, hagkvæmni og sparnað í innkaupum og rekstri bæjarins
- Hefur umsjón með álagningu gjalda og eftirlit með gjaldstofnum bæjarins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í rekstrarhagfræði, viðskiptafræði og/eða sambærileg menntun
- Reynsla af áætlanagerð og almennri fjármálastjórn nauðsynleg
- Reynsla og/eða þekking á opinberu rekstrarumhverfi
- Reynsla af stjórnun ásamt samskipta- og skipulagshæfileikum

Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ICELANDAIR TECHNICAL SERVICES

Icelandair Technical Services er hluti af Icelandair Group sem annast viðhald flugvéla og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri. Félagið hefur hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá félaginu starfa 270 starfsmenn sem eru lykillinn að velgengni þess. Félagið býður upp á krefjandi og spennandi verkefni hérlendis sem erlendis. Icelandair Technical Services leggur áherslu á þjálfun starfsmanna, styður félagsstarf og hvetur til heilsuræktar. Icelandair Technical Services er reyklaus vinnustaður.

Deildarstjóri skipulags og áætlunardeildar

Icelandair Technical Services leitar að öflugum einstaklingi í starf deildarstjóra áætlunardeildar.

Helstu verksvið deildarinnar eru:

- Að tryggja að viðhald og skoðanir flugvéla séu framkvæmdar innan leyfðs tímaramma.
- Að áætla og tímasetja framkvæmd viðhalds á sem hagkvæmastan hátt og þannig að sem minnst röskun verði á flugáætlunum.
- Að tryggja rétta meðferð og vörslu tæknigagna.

Við leitum að einstaklingi sem hefur eftirfarandi til að bera:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða skyldra greina.
- Þekkingu á aðgerðargreiningu (Operations Research) eða reynsla/hæfni í greiningu og lausn flókinna verkefna.
- Reynslu af stjórnun.
- Skipulagshæfileika.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og kraft til þess að hrinda nýjum verkefnum í framkvæmd.
- Metnað, sjálfstæði, skipulagshæfni og samviskusemi í starfi.
- Mjög góða enskukunnáttu.

Í deildinni starfa um 15 manns og skiptist starfsemi deildarinnar í þrjá meginhluta: Langtímaáætlanir, skammtímaáætlanir og meðferð/varsla tæknigagna.

Umsóknir óskast sendar starfsmannastjóra Icelandair Technical Services (starf@its.is) eigi síðar en 14. júní. Skriflegar umsóknir berist til Icelandair Technical Services, Keflavíkurflugvelli, Bygging 8, 235 Keflavíkurflugvelli.

SKAPAÐINN AUGLÝSINGASTOFA

Verkfræðistofan Rafhönnun hf. hefur áhuga á að bæta við sig fólki

Starf A - Sérfræðingur á sviði stjórnbúnaðar

Starfssvið:
Ráðgjöf, áætlanagerð og hönnun. Eftirlit með uppsetningu og prófunum. Gerð handbóka. Verkefnin tengjast aðallega stjórnbúnaði virkjana og veitna.

Hæfniskröfur:
• Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
• Góð þekking á stjórnbúnaði æskileg
• Kunnátta í forritun
• Kunnátta í forritun stjórnbúnaðar æskileg

Starf B - Hönnun og eftirlit á sviði stjórnbúnaðar

Starfssvið:
Hönnun og eftirlit með uppsetningu og prófunum. Umsjón með skjalavistun og aðstoð við gerð handbóka. Starfið hentar t.d. nýlega útskrifuðum verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að kynnast stjórnbúnaði virkjana og veitna.

Hæfniskröfur:
• Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
• Áhugi á stjórnbúnaði

Starf C - Lagnahönnuður

Starfssvið:
Hönnun raflagna og eftirlit. Aðallega er um að ræða lagnir í stærri byggingar, iðnað o.fl. Einnig ýmis sérkerfi bygginga.

Hæfniskröfur:
• Rafmagnsverkfræðingur, -tæknifræðingur eða -iðnfræðingur eða rafvirki vanur lagnahönnun
• Reynsla af lagnahönnun æskileg
• Þekking á sérkerfum bygginga æskileg

Leitað er eftir starfsfólki sem sýnir frumkvæði í starfi og lipurð í samskiptum ásamt því að hafa skipulagshæfileika og jákvætt hugarfar.

Nánari upplýsingar veitir Skapti Valsson (skapti@rafhonnun.is) í síma 530 8029 eða Jóhann Þór Magnússon (johann@rafhonnun.is) í síma 530 8028

Vinsamlegast sendið umsóknir til Rafhönnunar fyrir 16 júní n.k. Umsóknir þurfa að innihalda nákvæma lýsingu á menntun umsækjanda og fyrri störfum og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að komi að gagni við val umsækjanda. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Verkfræðistofan Rafhönnun

Starfsmenn Rafhönnunar eru um 65. Fyrirtækið er með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt kröfum ISO 9001:2000. Stærstu verkefni Rafhönnunar um þessar mundir eru m.a. nýtt álver Alcoa á Reyðarfirði, stækkun Norðuráls á Grundartanga, stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og einnig útboð og hönnun á rafbúnaði virkjana og orkuveitna. Rafhönnun hefur um árabil unnið að ráðgjöf og hönnun vegna uppsetningar stjórnkerfa fyrir orkuveitur. Hönnun á raflögnum og sérkerfum fyrir byggingar er verulegur hluti starfseminnar. Á fjarskiptasviði er m.a. unnið við ráðgjöf fyrir stærri notendur og jafnframt hönnun fjarskiptakerfa fyrir fjarskiptafyrirtæki. Einnig er unnið að ýmsum iðnaðarverkefnum sem fela m.a. í sér hönnun raflagna og forritun iðntölva og skjákerfa. Starfsmenn Rafhönnunar annast margvísleg verkefni, jafnt áætlanagerð, útboðsgögn, raflagnahönnun, eftirlitsstörf, verkefnastjórnun og forritun allt eftir því sem við á.

Rafhönnun
Ármúli 42, 108 Reykjavík
Sími: 530 8000, Fax: 588 8302
Netfang: rafhonnun@rafhonnun.is, www.rafhonnun.is

HANDLAGINN

SMIÐIR ÓSKAST

Í SPENNANDI VIÐHALDSVERKEFNI

Vegna fjölda verkefna getur Handlaginn bætt við sig duglegum og hressum smiðum í spennandi viðhaldsverkefni. Um fjölbreytileg og skemmtileg störf er að ræða þar sem mikið er lagt upp úr fagmennsku og sjálfstæði iðnaðarmanna.

Handlaginn hefur sérhæft sig í smærri viðhaldsverkefnum fyrir einstaklinga og því um mjög lifandi störf að ræða þar sem mikið er lagt upp úr góðum samskiptum við viðskiptavini. Ef þú hefur áhuga á að vinna að spennandi verkefnum hjá traustu og öflugu fyrirtæki þá er þetta rétta starfið þig.

Umsóknir skulu berast skrifstofu Handlagins, Borgartúni 31, 105 Reykjavík, eða í tölvupósti á handlaginn@handlaginn.is

Handlaginn er í eigu Öryggismiðstöðvarinnar.

www.handlaginn.is

MÁLARAR/RAFVIRKJAR/MÚRARAR/PÍPARAR/SMIÐIR

EJS

Spennandi störf hjá framsæknu fyrirtæki.

Vegna aukinna umsvifa á Akureyri, óskar EJS efir að ráða viðskiptastjóra, sérfræðing og verslunarstjóra.

Viðskiptastjóri

Starfssvið:
• Samskipti við lykilviðskiptavini
• Öflun nýrra viðskiptavina
• Söluráðgjöf
• Tilboðs- og samningagerð
• Auk annarra tilfallandi starfa

Hæfniskröfur
• Háskólapróf er æskilegt
• Innsýn í upplýsingatækni
• Frumkvæði
• Rík þjónustulund

Sérfræðingur

Starfssvið:
• Umsjón og rekstur á víðneti EJS Akureyri
• Þjónusta við rekstur Internetveitu EJS Akureyri
• Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini á sviði víðnetslausna
• Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
• Tæknimenntun er æskileg
• Góð þekking á vélbúnaði (Cisco, beinum, skiptum, eldveggjum osfrv.) og hugbúnaði/stýrikerfum (Unix, Linux, Microsoft)
• Samskiptahæfni og sveigjanleiki
• Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Verslunarstjóri á Akureyri

Starfssvið:
• Ábyrgð á rekstir verslunar
• Dagleg stjórnun
• Birgðahald og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
• Góð þekking á upplýsingatækni
• Reynsla af verslunarstörfum
• Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um störfin veitir Reynir Stefánsson svæðisstjóri EJS á Akureyri, reynirs@ejs.is. og Unnur Flygenring starfsmannastjóri unnurf@ejs.is Umsóknarfrestur er til 11.júní. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði EJS hf. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Í dag eru 22 starfsmenn hjá EJS á Akureyri. Á Akureyri rekur EJS öflugt útibú. Þar er starfandi fyrirtækja- og sölusvið, netþjónusta og verkstæði. Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimsþekktum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu og nær þjónustan til Norður- og Austurlands.

EJS er rótgróið og framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Það leggur metnað sinn í að þjóna íslensku atvinnulífi með því að bjóða fyrsta flokks tækniþjónustu og upplýsingatækni frá heimsþekktum framleiðendum eins og DELL, EMC, SUN, Microsoft, NCR, Trend Micro, Alcatel og Pontsec. Hjá EJS starfa helstu sérfræðingar landsins í upplýsingatækni.

Leiðarljós EJS er "það er til lausn á öllu"

Verktakar / Vélaleiga

VÖKVAVÉLAR

Vélamenn óskast

Óskum eftir að ráða vanan mann á beltagröfu og vanan jarðýtumann. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 699 7141.

Vökvavélar ehf. · Skipholti 50d, 104 Reykjavík
Sími 699 7141 · Fax 530 3210

Reykjavíkurborg

Sérfræðingur hjá Fjármálasviði Reykjavíkurborgar

Borgarbókhald óskar eftir að ráða viðskiptafræðing/hagfræðing til starfa við reikningsskilagerð og reikningshald. Um er að ræða spennandi starf þar sem viðkomandi starfsmaður mun taka þátt í þróun og innleiðingu á verkferlum við uppgjör og bókhald.

Starfssvið:
- Reikningsskil Reykjavíkurborgar
- Skýrslugerð
- Uppgjör og endurkrafa á VSK
- Greining og eftirlit
- Ráðgjöf og þjónusta við svið og fyrirtæki borgarinnar
- Ýmis tilfallandi verkefni er varða fjármál borgarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði, framhaldsmenntun kostur.
- Þekking og reynsla af reikningshaldi og uppgjörsvinnu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri.
- Skipulagshæfni og frumkvæði.
- Tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórntæki.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 17. júní nk. Umsóknir og ferilskrár óskast sendar rafrænt á netfangið gisli.hlidberg.gudmundsson@reykjavik.is og mun móttaka umsókna verða staðfest.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706 og Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri í síma 411-3701.

Leiðarljós Fjármálasviðs er að þróa og innleiða hjá Reykjavíkurborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikningshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum Fjármálasviðs, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa hjá Fjármálasviði

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Þjónustufulltrúar óskast til starfa í almenna afgreiðslu í fjármála- og þjónustudeild.

Meðal verkefna afgreiðslunnar er útgáfa ökuskírteina og leyfa, s.s. skotvopna- og veitingaleyfa. Starfsmenn eru um 15 talsins.

Helstu viðfangsefni:
Móttaka, vinnsla og afgreiðsla umsókna um skírteini og leyfi sem og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir einstaklinga sem vilja öðlast reynslu á sviði þjónustu- og skrifstofustarfa.

Hæfnikröfur:
Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf, samsvarandi menntun eða reynslu sem nýtist vel í starfi. Góð, almenn tölvukunnátta, gott vald á íslensku og enskukunnátta er mikilvæg. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi til að bera lipurð í mannlegum samskiptum, séu kurteisir og búi yfir þjónustulund. Krafist er traustra vinnubraga og stundvísi.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Heiða Gestsdóttir, yfirmaður almennu afgreiðslunnar, í síma 444-1000.
Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir starfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.
Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðaherra og viðkomandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.
Skriflegum umsóknum, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og annað sem umsækjandi vill taka fram, skal koma til starfsmannastjóra lögreglunnar höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 113-115, 150 Reykjavík. Einnig má koma umsóknum gegnum tölvupóst: starfsumsokn@lrh.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Athygli er vakin á því, að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldrei. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Áhugaverð störf á Hvolsvelli

Viljum ráða áhugasamt starfsfólk í eftirtalin framtíðarstörf í verslun okkar á Hvolsvelli.

Sölu- og afgreiðslumann í verslun

Ábyrgðarsvið:
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir á vörum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Þekking á byggingvörum og tölvukunnátta æskileg
- Búa yfir heiðarleika, samviskusemi og þjónustulund

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Sölu- og afgreiðslumann í timbursölu

Ábyrgðarsvið:
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Almenn lagerstörf
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Þekking á byggingvörum og tölvukunnátta æskileg en ekki skilyrði
- Lyftarapróf væri kostur
- Búa yfir heiðarleika, samviskusemi og þjónustulund

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Viljum einnig ráða duglega einstaklinga í sumarafleysingar

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is**, fyrir 15. júní n.k. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Vaktstjóri

Domino's Pizza auglýsir eftir starfsmönnum í stöðu vaktstjóra.

Nauðsynlegir eiginleikar: Jákvætt hugarfar, kraftur, nákvæmni, þrautseigja og vilji til að gera betur í dag en í gær. Töluverð reynsla og miklir hæfileikar í mannlegum samskiptum skilyrði.

Domino´s Pizza leitast við að veita starfsmönnum tækifæri til starfsþróunar og eru því miklir möguleikar fyrir vaktstjóra til að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

Umsóknir sendist á helga@dominos.is. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, starfsmannastjóri.

Domino's Pizza

58·12345

www.dominos.is

BÆJARSKRIFSTOFA SELTJARNARNESS

SKRIFSTOFUSTARF

Auglýst er laust til umsóknar starf launafulltrúa á launadeild Seltjarnarnesbæjar. Um er að ræða 80% starf. Starfið felst í launaútreikningum, skilum og útreikningum á launatengdum gjöldum, umsjón með orlofi starfsmanna o.fl.. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum áskilin. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af vinnu við launakerfi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Seltjarnarness. Nánari upplýsingar veita Lúðvík Hjalti Jónsson, framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs og Bryndís Richter, deildarstjóri launadeildar í síma 5959100. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

SELTJARNARNESBÆR
Bæjarskrifstofa



Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur

Menntasvið Reykjavíkurborgar

Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur laus

Austurbæjarskóli, v/Vitastíg, sími 411-7200
- Kennarar á yngsta stigi.
- Kennarar á miðstigi.
- Sérkennari.
- Matráður eða kokkur.

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567-2555
- Umsjónarkennarar í 2. bekk.
- Lífsleikni og sérkennsla í unglingadeild.
- Stuðningsfulltrúar.
- Skólaliðar í baðvörslu og sundlaug í vaktavinnu.
- Skólaliðar.

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600
- Kennari í textílmennt.
- Kennarar á unglingstigi. Kennslugreinar: Íslenska, enska, danska og tölvur.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi, önnur staðan til áramóta ef óskað er.
- Sérkennari / námsráðgjafi í far-sérdeild í Grafarvogi.

Fossvogsskóli, Haðalandi 26, sími 568-0200
- Umsjónarkennarar á miðstigi.

Háteigsskóli, v/Háteigsveg, sími 530-4300
- Náttúrufræðikennari frá 1. ágúst nk.

Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552-5080
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Þroskaþjálfi. 80% staða.

Húsaskóli, Dalhúsum 41, sími 567-6100
- Kennari í tölvu- og upplýsingamennt í 2/3 stöðu.

Ingunnarskóli, Maríubaugi 1, sími 411-7828
- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi.
- Sérkennari.

Melaskóli, Hagamel 1, sími 535-7500
- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi.
- Íþróttakennari.

Rimaskóli, Rósarima 11, sími 567-6464
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Tónmenntakennari í 1.-6. bekk í 75-100% stöðu.
- Þroskaþjálfi.

Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848
- Skólaliði.
- Stuðningsfulltrúi.

Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67, sími 562-2296
- Þroskaþjálfi.

Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545-2700
- Bókasafnskennari.
- Íþróttakennari.
- Heimilisfræðikennari.
- Dönskukennari í 7.-10. bekk í 50% stöðu.
- Umsjónarkennarar í teymi í 4.-5. bekk.
- Skólaliði.

Vogaskóli, v/ Skeiðarvog, sími 411-7373
- Íþróttakennari stúlkna i 60% stöðu

Störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er einnig að finna á heimasíðu Menntasviðs. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Íþróttakennari óskast !!

Grunnskólinn á Hólmavík óskar eftir íþróttakennara til starfa í haust.

Íþróttaaðstaðan í bænum er mjög góð. Nýtt og gott íþróttahús, 25 m. sundlaug og sparkvöllur með gervigrasi.

Íþróttakennslan er um 60% starf og einnig er mögulegt að vinna við þjálfun hjá UMF Geislanum.
Umsóknarfrestur er til 15. júní 2007.

Nánari upplýsingar gefa:
Victor Örn Victorsson skólastjóri og Kristján Sigurðsson aðstoðarskólastjóri í síma 451 - 3129 eða 862 - 3263.

Þjónanemi óskast á Hótel Holt

Við hér á Hótel Holti leitum að hörkuduglegum, snyrtilegum og þjónustulundaðum einstaklingi sem hefur áhuga á að læra til þjóns á einu besta veitingahúsi landsins.

Staðan er laus til umsóknar strax.
Um er að ræða spennandi starf í skemmtilegu og einstöku umhverfi. Frekari upplýsingar veitir Sigmar Örn Ingólfsson í síma 552-5700/6982300 eða **simmi@holt.is**.

HOTEL HOLT

BERGSTAÐASTRÆTI 37 • 101 REYKJAVÍK • ICELAND
TEL: +354 552 5700 • FAX: +354 562 3025
E-MAIL: holt@holt.is • http://www.holt.is

Flúðaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa.

Kennara vantar í íslensku á unglingastigi og umsjónarkennara í 1. bekk.

Flúðaskóli er einsetinn dreifbýlisskóli með rúmlega 190 nemendur frá 1. - 10. bekk, með jákvætt og metnaðarfullt skólastarf. Skólinn er staðsettur í frábæru umhverfi í nánum tengslum við náttúruna og samfélagið. Helstu áhersluþættir eru Fjölgreindarkenning Gardners, Lesið í skóginn með skólum og Uppeldi til ábyrgðar.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2007

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 4806611 / 8471359, netfang **gudrunp@fludaskoli.**is eða Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4806612 / 8636416, netfang **ragnhildur@fludaskoli.is**

Flúðaskóli
Hrunamannahreppi

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á
www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bæjarskrifstofur:
- Framtíðarstarf á launadeild

Framkvæmda- og tæknisvið:
- Aðstoðarmaður skrifstofustjóra

Félagsstarf aldraða:
- Gjábakki, matráður 80%
  sími 554 3400 kl. 10-11

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Starfsmaður við þjónustuíbúðakjarna fyrir fólk með geðraskanir
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

Roðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabilaða:
- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlynningar

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Baðv/afgr. karla, helgarvinna
- Baðv/afgr. kvenna helgarvinna
- Baðv/afgr. karla 100% vaktavinna

Sundlaug Kópavogs:
- Afgr./laugarv./baðvarsla kvenna 100%

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Lyfsöluleyfishafi – Lyfja Neskaupstað

Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og metnaðarfullum lyfjafræðingi sem hefur áhuga á að ganga til liðs við spennandi og framsækið fyrirtæki.

Lyfja leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa í Lyfju Neskaupstað. Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og útibúa, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi.
Undir Lyfju Neskaupstað eru lyfjaútibú á Eskifirði og Reyðarfirði.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.
Í boði er krefjandi og spennandi starf, flutningsstyrkur, niðurgreitt húsnæði, samkeppnishæf laun og skemmtilegur vinnustaður í vaxandi bæjarfélagi.
Til greina kemur að ráða í starfið tímabundið í 2-5 ár.

Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Þorgerður Þráinsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 530-3800, thorgerdur@lyfja.is
Umsóknir sendist starfsmannastjóra á netfangið thorgerdur@lyfja.is

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 37883 06/07

TOYOTA LYFTARAR

Leitum að einstaklingum til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu nýs fyrirtækis

Starfsmaður á þjónustusviði

Starfssvið:
- Umsjón með innkaupum á varahlutum
- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- Umsjón með verkbeiðnum
- Samræming aðgerða í viðgerðaþjónustu og standsetningu

Hæfniskröfur:
- Greiningarhæfni og frumkvæði
- Skipulagshæfileikar
- Góð tök á ensku
- Góð almenn tölvuþekking
- Mikil þjónustulund
- Reynsla af verkefnaumsjón kostur

Sölumaður

Starfssvið:
- Sala á tækjum og búnaði
- Samskipti við viðskiptavini
- Frágangur á sölu

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölumennsku
- Þekking á iðnaðartækjum æskileg
- Mikil þjónustulund
- Góð almenn tölvuþekking

Tæknimaður

Starfssvið:
- Viðgerðir á verkstæði og hjá viðskiptavinum
- Standsetning nýrra tækja

Hæfniskröfur:
- Reynsla af almennum vélaviðgerðum skilyrði
- Tölvuþekking æskileg
- Mikil þjónustulund

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið bjarni.kristjansson@toyota.is eða í pósti til TMH ehf., Vesturvör 30b, 200 Kópavogur.
Nánari upplýsingar veitir Bjarni Halldór Kristjánsson, framkvæmdastjóri, í síma 894-6066. Umsóknarfrestur er til 18. júní 2007.

Um framtíðarstörf er að ræða

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37927 05/07

TOYOTA

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Skapandi störf með skapandi fólki

Lausar stöður í leikskólanum Sæborg, Starhaga 11 í Vesturbænum.

Sæborg leggur megin áherslu á skapandi starf með börnum og samþættingu námssviða leikskólans þar sem listgreinakennarar og aðrir kennarar skólans vinna náið saman.

Lausar eru eftirtaldar stöður:
- Aðstoðarleikskólastjóri, í afleysingu vegna 9 mánaða námsleyfis frá 1. sept. n.k.
- Deildarstjóri frá 7. ágúst n.k.
- Verkefnastjóri með tónlist, í afleysingu vegna 9 mánaða námsleyfis frá 1. sept. n.k.
- Sérkennari frá 1. sept. n.k.

Allar upplýsingar um stöðurnar veitir Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri í síma 562-3664, leikskólinn Sæborg, Starhaga 11.

Kynntu þér laus störf á heimasíðunni okkar www.leikskolar.is eða hjá Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Byggingar-/tæknifræðingur

Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli óskar eftir að ráða byggingarfræðing eða tæknifræðing til starfa á áætlana- og þróunarsviði.

Starfssvið
- Starfið felst meðal annars í vinnu við verk-, framkvæmda- og rekstraráætlanir og umsjón með útboðs- og verksamningum.

Menntun og hæfniskröfur
- Byggingar- eða tæknifræðimenntun.
- Reynsla af skipulagsmálum æskileg.
- Reynsla af flugtengdum rekstri æskileg.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Góð enskukunnátta.
- Góð tölvuþekking, ritvinnsla, töflureiknir og gagnagrunnar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Hagvangs **www.hagvangur.is** fyrir 17. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Sverrisdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi, netfang: elisabet@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Skapandi störf með skapandi fólki

Lausar stöður í leikskólum Reykjavíkur

Deildarstjóri

• Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347.

Leikskólakennarar/ leiðbeinendur
• Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380
• Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
• Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
• Sjónarhóll, Völundarhúsum 1, sími 567-8585

Leikskólasérkennari/ Þroskaþjálfi/Atferlisþjálfi
• Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135. Um er að ræða 75% stöðu.
• Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
• Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347. Um er að ræða tvær stöður annarsvegar 100% stöðu og hinsvegar 50% stöðu.
• Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

Yfirmaður í eldhús
• Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347.

Aðstoðarmaður í eldhús
• Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum.

Kynntu þér laus störf á heimasíðunni okkar www.leikskolar.is eða hjá Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Ingibjörg í essinu sínu við reiðhjólaverkstæðið á Ásvallagötunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breyta gömlum hjólum í ný

Reiðhjólaræbblarnir er klúbbur ungs fólk sem ætlar að gera upp reiðhjól í sumar bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt og stuðla að notkun þeirra. Ingibjörg Ingvarsdóttir er í klúbbnum.

„Hugmyndin kom frá Viktori félaga mínum sem lenti á reiðhjólahátíð í Kaupmannahöfn. Þar hittist fólk sem hafði búið til óvenjuleg hjól og gerði ýmsar kúnstir. Okkur fannst þetta svo svalt að við stofnuðum strax klúbb hér. Starfsemin þróaðist út í að setja upp reiðhjólaverkstæði þar sem áhugafólk hittist og gerir upp hjól og smíðar jafnvel ný og óvenjuleg. Við fengum bílskúr á Ásvallagötu 48 þar sem við höfum verkstæðið og einnig eigum við von um annað húsnæði hjá Fjallahjólaklúbbnum.“

Ingibjörg segir Reiðhjólaræbblana hafa haldið tónleika til að fjármagna starfsemina og fjögur úr hópnum hafi sótt um skapandi sumarstörf hjá Hinu húsinu og fengið þau. En hvað er þá framundan í sumar? „Við auglýstum eftir gömlum hjólum og það skilaði góðum árangri. Erum komin með fullan bílskúr af hjólum sem þarf að fara höndum um, allt frá því að pumpa í dekk uppí að smíða þau upp. Hjólin sem eru í lagi ætlum við að selja á slikk eða gegn frjálsum framlögum og svo ætlum við að efna til hjólreiðaviðburða í sumar og gera okkur sýnileg. Við ætlum líka að hafa verkstæðið opið fyrir þá sem vilja koma, gera við hjólin sín og blanda sér í hópinn,“ segir Ingibjörg og áréttar að stefnan sé að smíða ekki bara venjuleg hjól heldur líka þríhjól og fleiri útgáfur af stignum farartækjum.

Hvernig skyldi svo krökkunum ganga að útvega verkfæri til viðgerðanna og smíðanna? „Það gengur bara vel,“ segir Ingibjörg ánægjuleg. „Við erum komin með öll helstu verkfæri, meira að segja logsuðutæki,“ Líkt og gömul frænka spyr blaðamaður hana hvort þau kunni eitthvað með þau að fara. „Já, ég tók nú áfanga í logsuðu fyrir nokkrum árum og Viktor kann á þau líka,“ segir hún og bætir svo við að lokum. „En við hleypum ekki hverjum sem er í þau tæki, enda eru þau mjög vandmeðfarin og varasöm.“

gun@frettabladid.is

Byggðaþing verður haldið á Hvanneyri 9. júní.

Byggðaþing á Hvanneyri

Jafnrétti til náms og nýting landsins og sjávarfangs verða meðal annars til umræðu á byggðaþingi í júní.

Byggðaþing verður haldið á Hvanneyri laugardaginn 9. júní frá klukkan 14.00 til 18.00. Landsbyggðin lifi og Landbúnaðarháskólinn standa fyrir þinginu en þar verða flutt fimm stutt framsöguerindi.

1) Jafnrétti til náms um allt land: Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

2) Nýting landsins: Jónatan Hermannsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands

3) Nytjar sjávarfangs og vatna, fjölbreytileiki í ferðaþjónustu: Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla.

4) Mikilvægi háhraðanets og upplýsingatækni fyrir allar byggðir: Jón Baldur Lorange, forstöðumaður Tölvudeildar Bændasamtaka Íslands.

5) Þjóðlendumálið, staða þess og framhald: Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grenivík

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar auglýsir eftir jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki til ýmissa starfa í grunn- og leikskólum bæjarins.

Í Hafnarfirði búa um 24.000 manns og rekur Hafnarfjarðarbær 15 leikskóla og átta grunnskóla.

Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um störfin, jafnt konur sem karlar.

Nánari upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi leikskóla nema annars sé getið hér fyrir neðan.

Leggðu okkur lið og mótaðu framtíðina um leið...

GRUNNSKÓLAR

Áslandsskóli
S. 585 4600 – leifur@aslandsskoli.is
Almenn kennsla í miðdeild
Textilmennt
Íþróttakennsla
Stærðfræði á unglingastigi
Skólaliði

Engidalsskóli
S. 555 4433 – audur@engidalsskoli.is
Smíðakennsla

Hraunvallaskóli
Sími 590 2800 – einar@hraunvallaskoli.is
Kennarateymi á yngsta stigi
Umsjónarkennarar
Smíðakennsla
Sérkennsla
Skólaliði

Hvaleyrarskóli
Sími 565 0200 – helgi@hvaleyrarskoli.is
Almenn kennsla og umsjón á mið- og yngsta stigi
Tölvukennsla
Náttúrufræðikennsla á unglingastigi
Íslenska á unglingastigi
Enska á unglingastigi
Sundkennsla
Skólaliði

Lækjarskóli
Sími 555 0585 – haraldur@laekjarskoli.is
Kennari á yngsta stig
aðstoðarmaður í mötuneyti nemenda
Umsjónarkennari á miðstigi
Kennari í sérdeild f. eldri nemendur
Kennsla á unglingastigi, íslenska og stærðfræði
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi
Kennsla í pólsku í móttökudeild *(50%)*
Starfið felst í kennslu og samskiptum við heimili nemenda. Kennaramenntun er skilyrði og góð tök á íslensku.

Setbergsskóli
Sími 565 1011 – gudosk@setbergsskoli.is
Íþróttakennsla
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Víðistaðaskóli
Sími 595 5800 – sigurdur@vidistadaskoli.is
Stærðfræðikennsla
Náttúrufræðikennsla
Almenn kennsla á miðstigi

Öldutúnsskóli
Sími 555 1546 – herla@oldutunsskoli.is
Umsjónarkennsla á yngra- og miðstigi
Danska á unglingastigi
Deildarstjóri á unglingastigi
Bókasafns- og upplýsingafræðingur

LEIKSKÓLAR

Arnarberg
Sími 555 3493 – arnarberg@hafnarfjordur.is
Deildarstjóri frá hausti

Álfasteinn
Sími 555 6155 – alfasteinn@hafnarfjordur.is
Deildarstjóri
Matreiðlsumeistari/matráður

Hlíðarberg
Sími 565 0556 – hlidarberg@hafnarfjordur.is
Matreiðslumeistari/matráður
Aðstoð í eldhús

Hlíðarendi
Sími 555 1440 – hlidarendi@hafnarfjordur.is
Starfsmaður í eldhús frá 1. ágúst

Hraunvallaskóli
Sími 590 2880 – sigrunk@hraunvallaskoli.is
Deildarstjórar
Leikskólakennarar

Kató
Sími 555 0198 – kato@hafnarfjordur.is
Leikskólakennara *(100%) frá 1. ágúst*
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

Norðurberg
Sími 555 3484 – nordurberg@hafnarfjordur.is
Leikskólakennarar

Stekkjarás
Sími 517 5920 / 664 5862 – stekkjaras@hafnarfjordur.is
Leikskólakennarar
á ungbarnadeild leikskólan*s.*
Deildin verður opnuð í ágúst og uppeldisstarf deildarinnar mun byggja á starfsaðferðum Reggio Emilia. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Vesturkot
Sími 565 0220 –vesturkot@hafnarfjordur.is
Deildarstjórar
Leikskólakennarar
Uppeldismenntað starfsfólk

Víðivellir
Aðstoðarleikskólastjóri
Sími 585 5500 – magnusb@hafnarfjordur.is
Sími 555 2004 – vidivellir@hafnarfjordur.is

VÍÐIVELLIR

AÐSTOÐAR-LEIKSKÓLASTJÓRI

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Víðivelli í Hafnarfirði er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2007 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsækjendur þurfa að búa yfir eftirfarandi þáttum:
- **Leikskólakennaramenntun**
- **Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg**
- **Reynslu af stjórnun**
- **Lipurð í mannlegum samskiptum**
- **Metnað og áhuga fyrir nýjungum**

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Magnús Baldursson fræðslustjóri
Sími 585 5500 (magnusb@hafnarfjordur.is)

Árdís Grétarsdóttir leikskólastjóri
Sími 555 2004 (vidivellir@hafnarfjordur.is).

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Umsóknum skal skilað til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður.

Umsóknarfrestur er til 8. júní 2007.

VESTURKOT

FLÆÐI – LEIKUR – FÆRNI

Viltu vinna uppbyggilegt starf, taka virkan þátt í breytingarferli og leyfa áhugsviði þínu að njóta sín?

Við leikskólann Vesturkot eru lausar eftirfarandi stöður :

Deildarstjórar
Leikskólakennarar
Uppeldismenntað starfsfólk

Í skólanum er gengið út frá nýjum hornsteinum: „FLÆÐI – LEIKUR – FÆRNI". Mótun nýrrar stefnu er í gangi og því kjörið tækifæri fyrir metnaðarfulla einstaklinga að hafa áhrif og setja mark sitt á starfið. Sjá nánar á heimasíðu skólans, vesturkot@hafnarfjordur.is.

Nánari upplýsingar veitir þróunarfulltrúi leikskóla í síma 585 5800.

HAFNARFJÖRÐUR

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

bmvalla.is

Sölumaður

BM Vallá óskar eftir að ráða sölumann til starfa á söluskrifstofunni í Suðurhrauni 6, Garðabæ. Starfið felst í sölu á framleiðsluvörum ásamt ráðgjöf til viðskiptavina.

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á byggingavörum, sýni sjálfstæði og frumkvæði í starfi og hafi þjónustulund.

Allar nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur A. Björnsson í síma 585 5080 (gunnlaugur@bmvalla.is).

Í starfsstöð fyrirtækisins í Garðabæ eru framleiddar húseiningar, smáeiningar, pípur og rör, ásamt múrvörum.

Þar er starfrækt söludeild sem sér að mestu leyti um sölu á þessum vörum

GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001

AÐALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík

BM·VALLÁ

Sölumaður

SÓMI

Sómi var stofnað árið 1978 og starfa þar á fimmta tug starfsmanna. Flestir starfa í framleiðslu- og dreifingu á samlokum og öðrum matvörum.

Sómi leggur mikla áherslu á að nota aðeins besta fáanlega hráefni í vörur sínar.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.somi.is

Öflugur sölumaður óskast til Sóma. Við leitum að jákvæðum og duglegum starfsmanni til að ganga til liðs við okkur.

Starfið felur í sér:
- Sölu á vörum Sóma til verslana og fyrirtækja.
- Viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra.
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Tjaldvagnar

Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

Combi Camp árg.'01. með kassa og nýju fortjaldi. Verð 450 þús. Uppl. í s. 690 0723.

Til sölu Combi Camp tjaldvagn með eldhúsinnréttingu, fortjaldi og geimsluboxi vel með farinn verð 600.000þkr upplýsingar í síma 8945253

Til sölu árgamall CombiCamp tjaldvagn með eldhúseiningu, hliðartjaldi og fortjaldi. Er sem nýr. Verð 790.000. Sími 893 6500.

Vinnuvélar

Bobcat smágrafa árg. 06 1,5 t, til sölu ásamt kerru. Uppl. í s. 848 1554.

Til sölu Scania 124/400 árg '98. Malarvagn Cruz nýr. Mínígrafa Volvo ER 28 árg. '06 ásamt kerru, Cais 590 LE árg.'98. Uppl. í s. 899 0012.

Bátar

Til sölu sterkur og góður bátur með 40 ha utanborðsmótor og vagni. Verðhugmynd 400 þús. Upplýsingar í síma 587 6416 & 663 5121.

KEYPT & SELT

Til sölu

Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.

Bar-afgreiðsluskenkur með skápum og skúffum. Mahogni. Upplýsingar í síma 896 2590.

Innrömmunartæki og efni til sölu
Innrammari sem er hættur stöfum, vill selja vélar, verkfæri og rammaefni. Uppl. í s. 552 4448.

Fyrirtæki og stofnanir
Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjóklessur? Smíðum einnig ruslafötur á ljósastaura og opin svæði. Framleiðandi www.skrapp.is Pöntunarsími 892 3750.

Glænýtt, buxur, jakki, hanskar, hetta og talstöð í hjálm. Stærð XL, aldrei notað. V. 60.000. S. 866 0389.

Þvottavélar og þurrkarar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, uppþvottavélar og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Lítill lager m.a. leikföng, strauborð, bolir ofl. Selst ódýrt. Uppl. í s. 896 4040.

Eldhúshurðar til sölu og hlaupabretti. Uppl. í s. 893 5016.

Glæsil. 5 ára eldhúsinnr. úr kirsuberjav. ásamt granítborðplötum. Einnig fallegar bogadregnar innihurðir úr kirsuberjav. Gott verð. Upplýsingar í síma: 856-7734

Óskast keypt

Óska eftir húsgögnum í Lundby dúkkuhúsið, gömlu línuna. uppl. s. 4822888/8999683

Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Til bygginga

Jarðvinna
Gröfum grunna og fleygum. Einng útvegum við allt fyllingaefni.
Uppl. í síma 822 2660 & 822 2661.

Verslun

Þjónusta

Hreingerningar

TIL SÖLU

Garðyrkja

Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklippingar, þökulagnir, garðaúðun og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Garðlíf, s. 691 9151.

Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist 554 1989 www.gardlist.is.

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

Sláttuvélamarkaðurinn

Traktor 20hpBriggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Vortilboð: 269.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.

Garðaúðun s. 553 2999

Garðaúðun, garðaúðun. Örugg þjónusta í yfir 30 ár. ÚÐI, Brandur Gíslason skrúðgarðam.

Sláttuverk ódýrt

Tökum að okkur garðslátt, klippum runna, tökum beðin, eitrum fyrir allri órækt og öll almenn garðavinna. Góð reynsla og mikill metnaður. Upplýsingar í síma 863 3492, Hlynur.

GÁK

Tökum að okkur garðsláttur fyrir húsfélög og einkagarða. Vönduð og góð vinnubrögð. Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. S: 861 7375 eða 893 9863.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Blómstrandi garðar

Felli tré, klippum og sinnu öðrum garðverkum. Við hringið og við komum. Gerum tilboð. S. 695 5521.

Garðyrkja

Úðun, klipping, mold, sláttur, felli tré og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

Fjárhagsörðuleikar, vantar þig aðstoð? Kíktu á www.kaflaskipti.is Sími 517 1030.

Málarar



Búslóðaflutningar

Búslóðarflutningar

Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Ertu að flytja austur á land?

Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Húsaviðhald

B.F.K.Ó

Byggingafélag. Öll allmenn smíðavinna kol@byggingastjori.is Gsm 893 9722. Ekkert verk of lítið og ekkert verk of stórt.

Tökum að okkur og gerum föst tilboð ef óskað er: Sólpallasmíði, þakskipti, utanhússklæðningar og allt almennt húsaviðhald. Norðquist ehf. Sími 897 5063 netfang mikligardur@simnet.is

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Hreinsum olíuberum og málum sumarbústaði, verandir og annað tréverk. Uppl. í s. 867 6563.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Tölvur

Viðtæk tölvuþjónusta! Pc og ferðavélar - Netþjónar - Þráðlaus net. Mikil reynsla og menntun. (Microsoft og Cisco) Tölvuþjónustan Sími 6621231

Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

Spádómar

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa í beinu samb. Símaspá, draumaráðningar, fjarheilun. 199.9 mín. Visa/MC 170 mín. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í maí. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

34 kíló farin!

Þessum árangri náði ég með vörunum frá LR. LR-HENNING kúrinn er hraðvirkur og mjög árangursríkur. Einstaklega ríkur af bætiefnum. Betri svefn, aukin orka, ekkert blóðsykurflökt og margt fleira. Hafðu samband og ég mun senda þér nánari upplýsingar. S. 891 6264 og netfang allax@simnet.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu brúnn hornsófi frá Seat Concept eins og hálfs árs, Mira skenkur mjög góð hirsla, 6 stk. borðstofustólar úr smíðajárni með nautsleðri og lítill bar. Fæst fyrir litið. Uppl. í s. 846 2264.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

TIL SÖLU

Kennsla

SCHOOL OF ICELANDIC

INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA fyrir ÚTLENDINGA Byrjar mánd. 4/6! 5 vikur kl 18-19:30. FF s. 588 1160, ff@icetrans.is

Dýrahald

Ameríkskir cocker spaníel hvolpar til sölu, ljúfir og skapgóðir. Pabbinn er brasilískur unghundameistari. Ættbókafærðir. Uppl. í 899 8489 og 899 0354.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 eða á gessi@simnet.is

2 10 vikna högnar fást gefins, eru í Hveragerði. Kassavanir. Uppl. í s. 661 0966.

Til sölu 2 chiuahua hvolpar. Uppl. í s. 587 0831 & 868 3368 & 896 3555.

Ýmislegt

Allt að 50% afsláttur af persneskum teppum og húsgögnum. Zedrus Hlíðasmára 11 Kópavogi. S. 534 2288 www.zedrus.is

Þvottasuðupottur

Átt þú suðupott í kjallaranum? Ef svo er langar mig til að sjá hann, ef þú vilt láta mig fá hann. Lydía Ósk s. 554 4547.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Til leigu nýlegt raðhús stutt frá Torrevieja. Stór og góður, lokaður sundlaugargarður. Svefnaðstaða fyrir 6. 10 mín gangur á strönd. 3-5 mín. gangur í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. ADSL tenging er í húsinu. S. 893 7429.

Gisting

Orlofshús á Akureyri

Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Lítið einbýlishús á besta stað á Akureyri til leigu í sumar. Íbúðin er samliggjandi stofur og svefnherb. á hæð og svefnherb. og geymslur í kjallara. Leiguv. 80 þús pr. mán. + hiti og rafm. Uppl. Benni 893 - 5050

4 herb. íbúð í miðb. rvk, húsgögn fylgja. Leiguverð 140 þ./mán. +hússj. Laus 1 águ. S. 690 3429 e. kl. 17.

Til leigu 3. Herb. íbúð á Selfossi. Er laus. Uppl. í s . 867 3578.

Tveggja herbergja íbúið í Hlíðunum. 65 fm + 8 fm risherbergi + 8 fm geymsla = 81 fm. Leiga 110.000 kr. Íbúðin er laus. S: 892-6395

Herb. til leigu á svæði 108. Aðeins reglusamur einstakl. kemur til greina. Uppl. í s. 698 8037.

Húsnæði óskast

Við erum 2 systur úr sveit önnur er í HÍ og hin IR, við erum að leita að 3 herb .íbúð í Rvk frá 20 águ.-1 jún. Helst á sv. 101-107 Meðmæli. Uppl. í s. 487 8920 & 893 8920 & 867 8579.

Reyklaus, reglus., þrifinn, 48 ára karlmann vantar 2ja. herb. íb. á leigu til langs tíma, helst á sv. 109-111. S. 869 0885.

Fjölskylda utan af landi óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá ágú. í 10-12 mánuði. Æskileg staðsetning er í hverfum 105 eða 108. Uppl. í s. 861 4256.

Óska eftir einstaklingsíbúð eða 2ja herb. Er reglusamur, skilvísum greiðslum heitið. S. 892 9168.

Íbúð óskast!

Snyrtileg íbúð óskast til leigu á stór Rvk svæðinu, frá júl. / ág. '07. Er reglumaður og snyrtilegur í umgengni. Óska eftir sanngjörnu leiguverði. S. 898 2705.

Mæðgur óska eftir 3-4 herb. íbúð í rvk. Reglusemi, öruggar mánaðargreiðslur og meðmæli. S. 562 0063.

Sumarbústaðir

Fallegar eignalóðir. 66 km frá Reykjavík - greið leið. Aðgangur að sjó. Uppl. á brekka.is og í síma 869-1011

Atvinnuhúsnæði

Til leigu Hverfisgata 105

Á fyrstu hæð er 227fm atvinnuhúsnæði. Var sjúkraþjálfun. Gæti hentað vel sem heilsuræktarstöð, til skrifstofuhalds eða nánast hvaða starfsemi sem er. Góð aðkoma og glæsileg sameign. Móttaka, alrími, 6 herb., kaffistofa & snyrtingar. Er laus til afhendingar. Uppl. í s. 893 3985.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Sumargisting í Rvk.

3. Herb. ný íbúð, fullbúinn húsgögnum, 4-5. rúm, adsl, 2.nætur eða fl. Pantið tímalega. Heimas. eyjasolibudir.is S. 898 6033 & 698 9874.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi
-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

Humarhúsið
Óskum eftir áhugasömum kokkanemum. Uppl. á staðnum eða í síma 561 3302.

SÓLON kaffi & bistro

Kaffi Sólon
óskar eftir starfsfólki í sal og til aðstoðar í eldhúsi, vaktir og aukavinna í boði.
Frekari upplýsingar á staðnum frá kl 14 - 18 eða sendið upplýsingar á netfangið solon@solon.is

kynning ...sjáumst!

Sölu-og kynningarstarf
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

Aukaleikarar í sjónvarpsþátt!
Við erum að leita að aukaleikurum aðalega karlmenn á aldrinum 25-45 ára fyrir tökur á tímabilinum 9-18 júní.
Áhugasamir sendið upplýsingar um umsækjendur og mynd á lindav@sagafilm.is

Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára
Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu.
Uppl. í s. 822 8840.

KFC

Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla.
Umsóknareyðublöð á staðnum.
KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.

Ruby Tuesday

Vantar þig vinnu?
Okkur vantar hresst fólk í sal. KVöld- og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2211.

ATVINNA

Steinsteypusögun og kjarnaborun

Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun.

Upplýsingar í s. 893 3236

Bergsteinn ehf

óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra, konu eða karl á nýjan bíl.

Uppl. í s. 892 5120 & 892 5187.

JC Mokstur
Óskar eftir gröfumönnum. Góð laun í boði, næg vinna.
Uppl. í s. 693 2607.

Sól Pallar www.solpallar.is

Sólpallar ehf
Vantar duglegan og handlaginn starfsmann í útivinnu. Smiðsmenntun er kostur en ekki skilyrði.
Vinsamlegast sendið umsókn á solpallar@solpallar.is

HÁRSNYRTISTOFAN KORNER

Ert þú hársnyrtir ? Ef svo er, þá vantar okkur svein eða meistara til starfa. Við leitum eftir jákvæðum einstaklingi sem hefur frumkvæði, faglegan metnað og þæginlega framkomu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Ef þú hefur áhuga á að ganga til liðs við okkur þá endilega hafðu samband í síma 897-4878 eftir kl. 19 á kvöldin eða sendu okkur póst á korner@korner.is Hársnyrtistofan Korner Bæjarlind 14-16 Kópavogi korner.is

silfur

Veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg óskar eftir starfsfólki í sal.
Um er að ræða kvöld og helgarvinnu og er næga vinnu að fá. Reynsla er ekki skilyrði en þó vel metin. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri. Góð laun eru í boði fyrir gott fólk.
Ef þú ert þjónustulipur, hress eða skemmtilegur þá endilega sendu okkur umsókn á silfur@silfur.is

LEIKSKÓLINN SJÁLAND

Leikskólinn Sjáland í
Óskum að ráða til okkar leikskólakennara og fólk með aðra uppeldismenntun eða reynslu. Einnig er í boði starf aðstoðarmanns í eldhúsi leikskólans. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Hjartardóttir í síma 578 1220 eða á netfangið: sjaland@sjaland.is. Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni www.sjaland.is

LEIKSKÓLINN SJÁLAND

Job opportunity
Assistant needed in kitchen at Sjáland Nursery School in Garðabær. Tel. 517 1220 or through email: sjaland@sjaland.is

Sófalist
Áreiðanlegur starfskraftur óskast í sérverslun með áklæði í Garðabæ.
Allar upplýsingar eru veittar í s. 692 8022 eða sofalist@internet.is

ATMOS loftpressur

KRAFTVÉLAR

Lítið verktakafyrirtæki
óskar eftir duglegum og reglusömum starfsmanni í múr, smíða og málningavinnu og annað tilfallandi.
Uppl. í s. 847 6391 & 891 9890.

Bílstjóri óskast.
Flutningafyrirtæki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir öflugum og samviskusömum bílstjóra til útkeyrslu og þjónustustarfa.
Uppl. í s. 860 8486.

Verktaki á Norðausturl
óskar eftir að ráða bílstjóra og vélamenn til starfa sem fyrst. Húsnæði og bíll til og frá vinnu möguleiki. Mikil vinna. Laun samkomulag. Uppl. veitir Ólafur Jón í s. 898 8352 e. kl. 19.30.

Ráðskona óskast á mjög snyrtilegt heimili í uppsveitum Árnessýslu í 2-3 mán. Þarf að kunna til verka. Mjög góð húsakynni og öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 698 5454 & 486 6112.

Söluturn óskar eftir starfsfólki á dagvaktir og kvöldvaktir. Mikil grill og ís sala, ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 899 9811.

Smiðir og verkamenn!
Húsasmíðameistari óskar eftir að ráða smiði og verkamenn. Uppl í s. 894 0031.

Kokkur/matráður óskast í veitingasölu í Hafnarfirði. Uppl. í s. 896 4040.

Starfsfólk óskast í kvöld & helgarvinnu. Uppl. í s. 555 7030, Fjöreggið -Flatahrauni 5a.

Vantar vana trailer bílstjóra kvk/kk. Uppl. í s. 899 0012.

Ráðningarþjónusta Sjávarútvegsins.
Allar frekari upplýsingar á nordicsailor.com og í síma 615 0250. Fyrir umsóknir er hægt að hafa samb. á skrifstofutíma alla virka daga í s. 615 0250.

Leitum eftir starfsmanni sem er glaður, mettnaðarfullur og hefur gaman af börnum. Leikskólinn í Norðlingaholti. S:5172566

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal
í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

AVM alltaf gott fólk

People wanted for work. Builders, labourers and more. Information gives Alan 897 8978 email avm@avm.is

Hefur þú áhuga á meiraprófi?
Vantar öflugan starfsmann, helst með meirapróf eða hafa áhuga á að ná sér í þau réttindi. Mikil vinna, góður vinnustaður.
Upplýsingar í síma 825 7771.

Ungan og sterkan mann vantar aukavinnu. Dagsverk koma til greina. Uppl. í s. 846 5804.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Atvinna í boði
Rafvirki óskast. Óskum eftir rafvirkja og aðstoðarm. í almenna raflagna vinnu upplys. í s:899-1993 eða straumver@isl.is Straumver ehf.

3 herb. íbúð á 3 hæð við Skúlagötu. nýtt rafm., nýlegt eldhús og skápar. Leiguverð 110 þ. á mán. Nánari Upp. í s. 892 2916.

Hernum er flutt í Engihjalla 8 Kópavog s. 893 8886 Thai City Opið frá 11-24 Útsala.

Nú er allt hægt hratt

– á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Kostir ljósleiðarans

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?

Kannaðu málið á www.gagnaveita.is

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland S. 515 6100

vodafone S. 1414

Hive S. 414 1616

Hringiðan INTERNETÞJÓNUSTA S. 525 2400

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON
höf. og leikari Benedikt Erlingsson
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN
höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
3. júní kl. 20
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“ GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Í dag kl. 14 UPPS. Í kvöld kl. 20 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 7/6 kl. 20 UPPS.
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasalan flytur, sjá neðst!
Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, sun. 3/6 uppselt. Síðasta sýning í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!
Kúlan, Lindargötu 7
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Af þurrpastel-teikningum, árum og umburðarlyndi

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER ILLA HALDIN AF NÝALDAROFNÆMI

Upp úr 1988 hóf ég að þróa með mér ofnæmi fyrir öllu sem viðkemur hinni svonefndu nýöld. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að byrja að lýsa hversu mikla óbeit ég hafði á öllu þessu, en ég get fullyrt að hún náði suðupunkti á tónleikum í Kaupmannahöfn kringum 1995. Þar hreinlega misstum við okkur, ég og vinkona mín, og hófum að hrópa ókvæðisorð að síðhærðum satínmussugaurum uppi á sviði sem létu hárið lafa og hnén dúa á meðan þeir önduðu eitthvað um energí, kosmos og kristalla út um votar varirnar.

Svett, einhyrninga -og höfrungablæti, kristallar, miðlar, skyggnilýsingar og árur... allt þetta gerði mig níhílískari með hverjum deginum.

Verstar hafa mér þó alltaf þótt áruteikningar sem gerðar eru með þurrpastel á svartan pappír. Já, þetta er vissulega mjög spesifískt, en áruteikningar eru einfaldlega á topp tíu listanum yfir það sem ég þoli ekki á jörðinni og þannig er það.

Ég held að Andskotinn eigi lítinn illa innrættan frænda sem situr fölur í horni með nýaldarfjarstýringuna og fjarstýrir fólki sem telur sig hafa svo magnaða sjón að það sjái framtíð, nútíð og fortíð í einhverju þurrpastel litablörri kringum aðra. Svei! Já, svei segi ég!

Svo urðu þáttaskil í lífi mínu sem leiddu til þess að ég hætti að vera níhílisti og fór að trúa því að lífið hefði stórkostlegan æðri tilgang.

Í kjölfarið byrjaði ég að rækta með mér umburðarlyndi gagnvart meðbræðrum mínum og systrum og í dag er svo komið að eina fólkið sem ég tel óæðra sjálfri mér eru; nýaldarsinnar, fólk með krikaloðsþráhyggju, fólk sem spesar á sig með ósamstæðu fatavali (og samlitast þannig þjáningarsystkinum sínum í spesinu), fótboltabullur og stelpur sem þykjast vera skófíklar af því Carrie í SATC átti að vera það.

Já, í ein tíu ár hefur þroskaleiðin bara verið upp á við. Ég er byrjuð að glansa og líkjast Daníel og Rut en... aldrei mun ég umbera þurrpastel teikningar af árum.

Aldrei.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Á vaktinni

Fundur um vaktavinnu hjá ríki og sveitarfélögum

5. júní kl. 9-11
Fundurinn er haldinn í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89, 1. hæð

Kynnt verður skýrsla um aðbúnað og viðhorf vaktavinnufólks sem unnin var af Rannsóknastofu í vinnuvernd

Dagskrá
Setning
Kynning á niðurstöðum rannsóknarskýrslunnar
Á vaktinni, viðhorf fólks og væntingar
Umræður og fyrirspurnir
Störf vinnuhóps samningsaðila
Vandamál við vaktavinnu-leiðir til úrbóta

Fundurinn er opinn öllum

Starfshópur fulltrúa BHM, BSRB, ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga

BSRB

Tónlistarmenn:

- Andrea Gylfadóttir
- Baggalútur
- Birgitta Haukdal
- Björgvin Halldórsson
- Bríet Sunna
- Brimkló
- Ellen Kristjánsdóttir
- Esja
- Friðrik Ómar
- Garðar Thór Cortes
- Gospelkór Reykjavíkur
- Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar
- Hansa
- Hara
- Helgi Björnsson
- Hjálmar
- Hundur í óskilum
- Ingó
- Ízafold
- Jógvan
- Jón Jósep (Jónsi)
- Laddi
- Ljótu hálfvitarnir
- Nylon
- Páll Rósinkrans
- Regína Ósk
- Síðan Skein Sól
- Steed Lord
- Sverrir Bergmann
- Toggi og hljómsveit

Veislustjórar/Skemmtikraftar:

- Auðunn Blöndal
- Capone bræður
- Hermann Gunnarsson
- Laddi
- Pétur Jóhann Sigfússon
- Sailesh
- Steinn Ármann
- Svali
- Sveppi
- Þorgeir Ástvaldsson og Ragnar Bjarnason
- Örn Árnason

Skemmtikraftar fyrir börn:

- Orri Trúður
- Skoppa og Skrítla

Píanistar:

- Agnar Már Guðmundsson
- Pálmi Sigurhjartarson

Plötusnúðar:

- Dj Paulito
- Margeir
- Suzie & Elvis

STJÖRNURNAR ERU HJÁ OKKUR VIÐ ERUM AÐ BÓKA SUMARIÐ

Vantar þig hljómsveit, tónlistarmann, grínista, veislustjóra, skemmtiatriði fyrir börn, píanista eða plötusnúð?

Við erum með lausnina, hvort sem þig vantar íslenska eða erlenda listamenn eða heildstæða dagskrá fyrir þinn viðburð. Láttu fagfólk um málið og njóttu þess að vera til.

CONCERT
UMBOÐSSKRIFSTOFA

10 ÁRA REYNSLA Í TÓNLEIKAHALDI OG UMBOÐSMÁLUM

WWW.CONCERT.IS - SÍMI: 511 2255

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

JÓGVAN Fyrsta plata Jógvans kemur í verslanir 11. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta plata Jógvans

Fyrsta plata Jógvans Hansen, sigurvegara X-Factor, kemur út 11. júní. Platan heitir einfaldlega Jógvan og inniheldur ellefu lög. Nokkur þeirra eru eftir hann sjálfan, þar á meðal Rooftop sem hefur hljómað í útvarpinu að undanförnu. Einnig eru á plötunni lög sem Jógvan flutti í X-Factor í vetur og valdi hann sjálfur þau lög.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir í Smáralind laugardaginn 16. júní. Sérstakir gestir verða Hara-systurnar frá Hveragerði sem einmitt skráðu Jógvan í X-Factor.

AB-mjólk og takmörkuð kaffi

Dúxar eru oft flokkaðir í sérstakan þjóðfélagshóp þar sem nördastimpillinn er gjarnan í hávegum hafður. En hvað er það sem skólunum og aðra „venjulega“ nemendur? *Vignir Guðjónsson* ræddi við nokkra af dúxum vorsins og reyndi að komast að niður ast öllum tilvikum er um konur að ræða.

Védís Ragnheiðardóttir
Fjölbraut við Ármúla - Meðaleinkunn: 9,2

Aldur: 24

Lykillinn að góðum námsárangri? Hafa ánægju af því að læra.

Bókalestur eða bíóferð? Mér leiðist bíó svo ég segi bók.

Áhugamál: Læra tungumál.

Hvað tekur við eftir menntó? Pása í ár og síðan háskóli. Vinna og vonandi ferðalög framundan.

Líturðu á sjálfa þig sem nörd? Já.

Eru stelpur gáfaðri en strákar? Á þessum aldri eru stelpur vissulega skipulagðari í náminu.

Notarðu fartölvu í skólanum? Já.

Hvað borðarðu í morgunmat? AB-mjólk með múslíi.

Drekkurðu kaffi? Nei.

Hvað eyðirðu miklum tíma í heimalærdóm á dag? Um hálftíma.

Hvar verðurðu að vinna í sumar? Það er ekki komið í ljós.

Rósa Björk Þórólfsdóttir
Menntaskólanum við Hamrahlíð - Meðaleinkunn: 9,86

Aldur: 19 ára

Lykillinn að góðum námsárangri? Metnaður og ástundun.

Bókalestur eða bíóferð? Fer eftir stað og stund.

Áhugamál: Íþróttir, ferðalög og vera í góðra vina hópi.

Hvað tekur við eftir menntó? Háskólinn. Valið stendur á milli læknisfræði og stærðfræði.

Líturðu á sjálfa þig sem nörd? Nei.

Eru stelpur gáfaðri en strákar? Nei, en þær eru kannski samviskusamari.

Notarðu fartölvu í skólanum? Nei, ég á ekki fartölvu. En fæ hana í stúdentsgjöf.

Hvað borðarðu í morgunmat? Hafragraut á hverjum degi.

Drekkurðu kaffi? Nei.

Hvað eyðirðu miklum tíma í heimalærdóm á dag? Tveimur til þremur tímum.

Hvar verðurðu að vinna í sumar? Ég er að fara í tungumálaskóla á Spáni svo að það verður eitthvað lítið um vinnu.

HEYRN

Ellisif er flutt

Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur er flutt í Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur
Boðið verður upp á frían heyrnarmælingar í júní
Tímapantanir í síma 534-9600

* Heyrnarþjónusta
* Heyrnarmælingar
* Heyrnartæki
* Ráðgjöf

Nánari upplýsingar á heyrn.is

Nanna Einarsdóttir,
Kvennaskólanum - Meðaleinkunn: 9,58

Aldur: 20 ára

Lykillinn að góðum námsárangri? Átta sig á því hvar þínir styrkleikar í náminu liggja.

Bókalestur eða bíóferð? Sitt lítið af hvoru.

Áhugamál: Myndlist.

Hvað tekur við eftir menntó? Stefni á umhverfis- og byggingaverkfræði í HÍ.

Líturðu á sjálfa þig sem nörd? Partur af mér er líklega hálfgerður nörd. Það er ekkert slæmt.

Eru stelpur gáfaðri en strákar? Nei, en kannski hentar námsformið í menntó stelpum betur.

Notarðu fartölvu í skólanum? Nei.

drykkja gefst vel

greinir að dúxana í framhaldsstöðu, en í ár vill svo til að í nán-

Yrja Dögg Kristjánsdóttir
Fjölbraut í Breiðholti - Meðaleinkunn: 8,7

Aldur: 20 ára

Lykillinn að góðum námsárangri? Sjálfsagi.

Bókalestur eða bíóferð? Bíóferðin, alveg hiklaust. Ég les varla bækur nema að það sé skylda.

Áhugamál: Hreyfing og heilbrigt líferni.

Hvað tekur við eftir menntó? Einkaþjálfarinn, og síðan meira nám tengt sjúkraþjálfun eða líkamanum.

Líturðu á sjálfa þig sem nörd? Nei, engan veginn.

Eru stelpur gáfaðri en strákar? Nei.

Notarðu fartölvu í skólanum? Já.

Hvað borðarðu í morgunmat? Speltbrauð úr Mosfellsbakarí með kotasælu, osti, kjúklingaskinku og gúrku.

Drekkurðu kaffi? Já.

Hvað eyðirðu miklum tíma í heimalærdóm á dag? Tveimur tímum.

Hvar verðurðu að vinna í sumar? Sundlaugarvörður í Lágafellslaug í Mosfellsbæ.

Hvað borðarðu í morgunmat? Mjög misjafnt.

Drekkurðu kaffi? Nei.

Hvað eyðirðu miklum tíma í heimalærdóm á dag? Einum til tveimur tímum á dag.

Hvar verðurðu að vinna í sumar? Gjaldkeri hjá Kaupþingi í Borgarnesi.

Auður Viðarsdóttir
Borgarholtsskóla - Meðaleinkunn: 9,64

Aldur: 20 ára.

Notarðu fartölvu í skólanum? Nei, ég nota stílabók.

Hvað borðarðu í morgunmat? AB-mjólk með eplum og banönum.

Drekkurðu kaffi? Nei.

Hvað eyðirðu miklum tíma í heimalærdóm á dag? Klukkutíma eða svo.

Hvar verðurðu að vinna í sumar? Ég mun ferðast mikið í sumar en þess á milli vinn ég í Melabúðinni.

Lykillinn að góðum námsárangri? Þörfin til að klára námið. Mér leiðist oftast að læra.

Bókalestur eða bíóferð? Það fer eftir því hvað er í bíó.

Áhugamál: Tónlist og myndlist.

Hvað tekur við eftir menntó? Myndlist í Listaháskólanum.

Líturðu á sjálfa þig sem nörd? Já, já. Það er ekkert neikvætt.

Eru stelpur gáfaðri en strákar? Nei, bara jafnt held ég.

SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

Nánari upplýsingar á SAMbio.is

ÁLFABAKKA

PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	10
PIRATES 3 VIP	kl. 2 - 6 - 10	
ZODIAC	kl. 3 - 6 - 9	16
THE REAPING	kl. 10:10	16
BLADES OF GLORY	kl. 2 - 6 - 8:10	12
ROBINSON .. M/- ÍSL TAL	kl.1:50 - 4	L
GOAL 2	kl.1:40 - 3:50 - 6	7

AKUREYRI

PIRATES 3	kl. 2 - 5 - 8 - 11:15	10
MR. BEAN	kl. 4	L
ZODIAC	kl. 6 - 9	16
ROBINSON F... ÍSL TAL	kl. 2	L

KRINGLUNNI

PIRATES CARRIBEAN 3		10
kl. 2:15 - 4:15 - 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30	DIGITAL	
ROBINSON F... ÍSL TAL	kl. 2	L
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 2 - 4 DIGITAL-3D	L

KEFLAVÍK

PIRATES 3	kl. 4 - 8	7
THE REAPING	kl. 10	16
BLADES OF GLORY	kl. 2	L
SPIDERMAN 3	kl. 2	10
IT´S A BOY GIRL THING	kl. 6 - 8	L

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DELTA FARCE	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	10
SPIDERMAN 3	kl. 2, 5 og 8	10
SEVERANCE	kl. 8	16
SHOOTER	kl. 10	16
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 2, 4 og 6 -450 kr.-	L

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 1* - 3 - 5 - 7 - 9 - 11	10
PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS	kl. 1 - 5 - 9	
FRACTURE	kl. 8 - 10.30	14
IT´S A BOY GIRL THING	kl. 1.30 - 3.45 - 5.50	
SPIDERMAN 3	kl. 2 - 5 - 8 - 10.50	10
* 450 kr.		

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

28 WEEKS LATER	kl. 3 - 6 - 8 - 10	16
UNKNOWN	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10	16
THE PAINTED VEIL	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
IT´S A BOY GIRL THING	kl. 5.50 - 8 - 10.10	
SPIDERMAN 3	kl. 3	10

450 kr. í bíó!

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

28 WEEKS LATER	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS	kl. 4	
FRACTURE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
THE LIVES OF OTHERS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
SPIDERMAN 3	kl. 3 - 5.40 - 8.20	10

SÍMI 462 3500

28 WEEKS LATER	kl. 6 - 8 - 10	16
PATHFINDER	kl. 8	16
THE HILLS HAVE EYES 2	kl. 10	16
SPIDERMAN 3	kl. 4.20	10
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 4.20	

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS 450 kr. í bíó!

Steed Lord komst á topp tíu

Hljómsveitin Steed Lord tók nýlega þátt í tónlistarkeppni á vegum fatamerkisins WESC og Vice Records. Leitað var til hljómsveitarinnar um að senda inn lag en þátttakendur voru hátt í þúsund. Lag Steed Lord var valið eitt af þeim tíu bestu og kemur sveitin því fram á sérstakri hátíð í tilefni þessa og spilar í London í kvöld ásamt fjórum öðrum sveitum. Lögin fyrir þessa keppni voru valin af fólki frá Universal Music, Vice Records, Vice Magazine og WESC.

Framundan hjá Steed Lord er tónleikaferðalag í lok júlí þar sem hljómsveitin spilar á Global Gathering-tónlistarhátíðinni í Bretlandi og Streetlab-hátíðinni í Amsterdam.

STEED LORD Hljómsveitin Steed Lord er að gera það gott um þessar mundir.

Orðin að kyntákni á netinu

Máttur internetsins kemur glögglega í ljós í sögu Allison Stokke, 18 ára stúlku frá Bandaríkjunum, sem þykir vera einn efnilegasti stangarstökkvari landsins. Fyrir réttum mánuði varaði vinur hennar við því að mynd af henni í keppni færi eins og eldur um sinu á internetinu og hún mætti eiga von á aukinni athygli í kjölfarið. Engan hefði órað fyrir framhaldinu.

STANGARSTÖKKVARINN ALLISON STOKKE Þessi mynd fór eins og eldur um sinu um internetið í síðustu viku og hefur orðið til þess að gera Stokke og fjölskyldu hennar lífið leitt.

Aðeins viku síðar hafði líf Stokke breyst í martröð, hún hafði fengið yfir þúsund skilaboð á MySpace síðu sína, tölvupóstur barst henni í hundraðatali víðsvegar úr heiminum og karlmenn hringdu linnulaust í síma hennar til að bjóða henni á stefnumót. Í dag hafa myndbönd af henni hafa verið skoðuð yfir 400 þúsund sinnum á YouTube og þegar nafn hennar er slegið inn á Google fást um 300 þúsund niðurstöður. Allt vegna þess að Stokke þykir afar aðlaðandi, ekki síst í þeim þrönga keppnisbúningi sem hún klæðist á umræddri mynd.

Málið hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og fjallaði hið virta blað Washington Post um málið á forsíðu í vikunni. „Ég fæ hvergi frið. Það er endalaust áreiti hvert sem ég fer og það er starað á mig úti á götu. Þetta er óhuggulegt," segir Stokke en hún býr ennþá í foreldrahúsum í Kaliforníu.

Atburðarásin sem átti sér stað sýnir hversu keðjuverkun internetsins getur verið öflug. Vinsæll íþróttabloggari í New York fann myndina og birti hana á síðu sinni. Tugir annarra bloggara fylgdu í kjölfarið og gerðu Stokke að nýjasta kyntákni íþróttaheimsins. Á nokkrum dögum höfðu hundruðir þúsunda internetnotenda skoðað myndir af Stokke.

Faðir Stokke, Alan, vinnur sem lögfræðingur á daginn en á kvöldin situr hann við tölvuna og reynir að koma auga á vafasama einstaklinga sem gætu tekið upp á því að sitja um dóttur sína og gera henni grikk. „Við fylgjumst vel með og látum dóttur okkar helst ekki úr augsýn," segir faðirinn.

Þrátt fyrir þau neikvæðu áhrif sem atburðarásin hefur haft á Stokke og fjölskyldu hennar er lítið hægt að gera til að stoppa hana. Tæknilega eru engin lögbrot að eiga sér stað og því ráðleggja flestir Stokke að reyna að venjast áreitinu og lifa með því.

„Það versta við þetta allt er hversu lítillækkuð mér finnst ég vera.

Alla tíð hef ég lagt svo hart að mér til að ná árangri í stangarstökkinu en nú skiptir það engu máli. Nú er ég orðin að ómerkilegu kyntákni í augum karlmanna," segir Stokke.

vignir@frettabladid.is

Kjólarnir vinsælir

Kjóll sem leikkonan Audrey Hepburn klæddist í kvikmynd var boðinn upp á dögunum og fór á 192 þúsund dollara eða um 12 milljónir íslenskra króna. Um er að ræða bleikan kokteilkjól sem Hepburn klæddist í myndinni Holly Golightly þegar ungfrú Golightly heyrir af dauða bróður síns og brýtur leirtau í geðshræringu sinni.

AUDREY HEPBURN Kjóll sem hún klæddist í myndinni Holly Golightly var nýlega seldur á uppboði.

Áður fór svartur Givenchy kjóll sem leikkonan klæddist í sömu mynd á um 60 milljónir á uppboði og er því greinilegt að margir girnast kjóla Hepburn sem ávallt þótti afar smekkleg. Hepburn er ein vinsælasta leikkona síns tíma og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í fyrrnefndri mynd en verðlaunin féllu í skaut Sophiu Lauren.

Á uppboðinu var einnig dagskrá úr afmælishátíðarhöldum Johns F. Kennedy í Madison Square Garden árið 1962 en það var einmitt þá sem Marilyn Monroe söng sögufrægan afmælissöng fyrir forsetann.

Vonar að lagið sé fallegt

Á nýrri plötu hljómsveitarinnar Hraun, I Can´t Believe It´s Not Happiness, er að finna lagið Ástarsaga úr fjöllunum sem innblásið er af samnefndri sögu Guðrúnar Helgadóttur.

„Ég held að það megi hver sem er búa til sætt lag eftir henni. Ég held að þeim sé það velkomið strákunum," segir Guðrún Helgadóttir, sem hafði ekkert heyrt af tilvist lagsins. Segist hún ekkert hafa út á útgáfuna að setja. „Þetta er bók um ástina og það er bara dásamlegt ef einhver vill gera músík um það. Það hefur alls konar fólk haft alls konar sýningar upp úr bókinni og þá gef ég alltaf leyfi til þess en ef einhverjir búa til lag þá held ég að það komi mér ekki skapaðan hlut við. Ég vona bara að lagið sé fallegt. Ef Flumbra gamla hefur velgt þeim um hjartaræturnar er það bara ágætt."

GUÐRÚN HELGADÓTTIR Þingmaðurinn fyrrverandi er ánægður með lag Hrauns.

Ástarsaga úr fjöllunum, sem var gefin út árið 1981, hefur komið út á fjölda tungumála út um allan heim, þar á meðal í Suður Kóreu, Japan og Þýskalandi. Guðrún, sem hefur gefið út fjölmargar bækur í gegnum tíðina, er einmitt að vinna að einni slíkri en vill ekkert gefa upp um innihald hennar. **-fb**

HRAUN Loftur Sigurðsson og Svavar Knútur úr hljómsveitinni eru aðdáendur Ástarsögu úr fjöllunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jennifer Aniston virðist vera komin með nýjan gæja upp á arminn. Hún sást nýlega láta vel að myndarlegum manni og eyddu þau rómantísku kvöldi á veitingastaðnum One Pico í Santa Monica. Heimildarmenn segja manninn hafa strokið bak Jennifer vinalega og að þau hafi einnig haldist í hendur á tímabili. Hver þessi huldumaður er hlýtur að koma í ljós á næstu dögum.

Á meðan fyrrverandi raunveruleikaþáttaparið **Paris** og **Nicole** eru upptekinar af öðrum hlutum þá er nýtt vinkonupar að hyggja á þáttagerð. Þetta eru þær **Kelly Osbourne** og **Kimberly Stewart** rokkstjörnudætur en þær hyggjast leika saman í nýjum raunveruleikaþáttum sem munu líklega fjalla um eitthvað óskaplega spennandi.

Draumur **Pamelu Andersson** rætist nú á dögunum en stúlkunni hefur lengi dreymt um að verða alvöru sýningarstúlka. Hún mun koma fram í nýrri sýningu sem nefnist The Beauty of Magic en þar munu fleiri stúlkur sýna snilli sína. Pamela átti ekki fyrst að fá að vera með. Hún var þó svo heppin að fyrrum Baywatch samstarfskona hennar, **Carmen Electra**, hætti við og fékk Pamela að taka við hennar hlutverki.

Eiginmaður söngkonunnar **Billie Piper** hefur sótt um skilnað og segir ástæðuna vera óásættanlegan ágreining. Parið giftist árið 2001 og setti Billie þá söngferilinn til hliðar og ferðaðist um heiminn ásamt eiginmanninum, **Chris Evans**. Árið 2004 hættu þau saman og nú hafa þau ákveðið að skilja.



> Eiður Smári kominn í leikbann

Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með íslenska landsliðinu gegn Svíum í Stokkhólmi á miðvikudag. Eiður fékk glórulaust gult spjald í leiknum í gær þegar hann sparkaði boltanum frá sér eftir að hafa verið dæmdur rangstæður. „Spjaldið er vonbrigði enda ætlaði hann ekki að spjalda mig fyrr en varnarmennirnir báðu um það. Ég sparkaði bara rétt á eftir flautinu og ég athugaði hvort það væri hægt að áfrýja en það er ekki hægt því miður," sagði Eiður. Það sem gerir málið enn verra er að hitt gula spjaldið sem hann fékk var keimlíkt en þá sparkaði Eiður einnig boltanum frá sér. Tvö óþarfa spjöld hjá Eiði Smára og hann á að vera reyndari en svo að fá slík spjöld.

sport

sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: AÐ VONUM ÓSÁTTUR MEÐ SKELFILEG ÚRSLIT GEGN LIECHTENSTEIN

Baulið kom landsliðsfyrirliðanum ekki á óvart

„Þetta var mjög svekkjandi. Miðað við að við komumst yfir virðist alltaf það sama gerast, við dettum til baka og reynum að halda fengnum hlut. Það hefur oft á tíðum komið í bakið á okkur í staðinn fyrir að við reynum að keyra bara á annað mark," sagði Eiður Smári Guðjohnsen eftir leikinn en hann fékk litla sem enga þjónustu í framlínunni.

„Nei, en þetta var erfitt, þeir voru vel skiplagðir. Ég er ekki í mínu besta formi og ég fann vel fyrir því," Eiður benti réttilega á að liðið dytti niður við það að komast yfir og segir það hreinlega vera ósjálfrátt. „Það virðist vera. Við höfðum ekki sjálfstraust til að sýna meiri grimmd og setja meiri pressu á þá og halda áfram að spila eins og staða væri 0-0," sagði landsliðsfyrirliðinn sem var ekki sammála því að Liechtenstein hafi verið betri aðilinn í leiknum og hreinlega verið óheppið að vinna ekki. „Nei, ætli jafntefli sé ekki heilt yfir sanngjörn úrslit."

Áhorfendur á Laugardalsvelli bauluðu á íslenska liðið þegar það gekk af velli. Það kom Eiði Smára ekki á óvart. „Ég var ekkert að spá í því, ég veit það ekki, nei það kom ekki á óvart," sagði Eiður sem fannst baulið þó ekki verðskuldað. „Það vantar aldrei að menn gefa sig alla í þetta en þegar menn eru ekki að berjast í sömu átt er erfitt að ná árangri. Ég held að við séum ekki nógu stór knattspyrnuþjóð til að geta gert þær væntingar að hægt sé að baula á liðið yfir höfuð," sagði landsliðsfyrirliðinn.

Brynjar Björn Gunnarsson skoraði mark íslenska liðsins í gær en var vitanlega niðurlútur í leikslok. „Við sköpuðum ágætis færi og hefðum kannski átt að fá víti í fyrri hálfleik þegar Eiður komst í gegn. 2-0 hefði breytt heilmiklu í leiknum. Úrslitin voru þó ekkert endilega sanngjörn. Við hefðum átt að klára leikinn fyrr."

Hans-Peter Zaugg, landsliðsþjálfari Liechtenstein, var brosmildur þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir leikinn. „Þeir spiluðu eins og ég bjóst við að þeir myndu gera. Ég tel að við höfum átt fleiri marktækifæri en íslenska liðið en það er erfitt að lenda undir á útivelli og þurfa að jafna. Ég hefði auðvitað viljað vinna og fengum við næg tækifæri til að gera út um leikinn. En ég er ánægður með stigið og get vel lifað með þessi úrslit."

EINKUNNIR ÍSLANDS

ÁRNI GAUTUR ARASON 7
Besti leikmaður íslenska liðsins. Sýndi mikið öryggi og bjargaði því að Ísland tapaði ekki leiknum.

GRÉTAR RAFN STEINSSON 3
Óvenju slakur leikur hjá honum. Óöruggur á bolta, slakar sendingar og tók engan þátt í sókninni.

ÍVAR INGIMARSSON 6
Byrjaði ekki sérstaklega vel en óx ásmegin og bjargaði nokkrum sinnum ágætlega. Hafði nóg að gera þar sem maðurinn við hliðina á honum virtist á köflum ekki vita í hvorn fótinn hann átti að stíga.

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON 2
Mjög lélegur leikur hjá honum. Var gripinn í bólinu hvað eftir annað allan leikinn og Frick pakkaði honum saman á löngum köflum. Skilaði auk þess bolta illa frá sér og nánast ekkert gekk upp hjá honum. Ekki honum að þakka að Liechtenstein skoraði aðeins eitt mark í leiknum.

GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON 4
Fór lítið fyrir honum. Tók engan þátt í sóknarleiknum en stóð vaktina í vörninni þokkalega.

MATTHÍAS GUÐMUNDSSON 6
Mjög sprækur í fyrri hálfleik, áræðinn, ákveðinn og fullur af sjálfstrausti. Einn af fáum með lífsmarki sem lagði sig fram og reyndi að skapa eitthvað. Hvarf í síðari hálfleik og var skipt af velli.

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON 7
Með skárri mönnum íslenska liðsins og maðurinn á bak við nokkrar af fáum sóknartilraunum liðsins. Skilaði bolta vel af sér og barðist vel, ólíkt flestum félögum hans. Skoraði og nálægt að bæta öðru við.

STEFÁN GÍSLASON 2
Náði sér engan veginn á strik og var mjög lélegur. Vann fáa bolta, var lítið í boltanum og átti ekkert í miðjumenn Liechtenstein. Á stóra sök á jöfnunarmarkinu og nennti þess utan ekki að berjast.

EMIL HALLFREÐSSON 4
Óvenju litlaus frammistaða hjá Emil en hann átti glæsilega sendingu sem skilaði marki Íslands.

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN 2
Gat ekkert í leiknum. Ógnaði nákvæmlega ekki neitt, komst ekki í boltann og virtist ekki nenna að ná í hann. Hefði mátt skipta honum af velli. Komst næst því að skora með skoti úr aukaspyrnu en annars var hann áhorfandi að leiknum. Klárlega einn lélegasti landsleikur Eiðs frá upphafi.

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON 3
Miklu meiri hreyfing á honum en Eiði Smára en Veigar skilaði boltanum illa af sér og náði aldrei að hrista varnarmenn gestanna af sér sem höfðu ekki mikið fyrir því að loka á hann.

VARAMENN

70. MÍN. BIRKIR MÁR SÆVARSSON FYRIR MATTHÍAS 6
Bakvörðurinn átti fína spretti á kantinum. Getur verið sáttur við sitt framlag.

72. MÍN. HANNES SIGURÐSSON FYRIR VEIGAR PÁL -
Komst ekki í neinn takt við leikinn og hafði ekkert fram að færa.

83. MÍN. THEODÓR ELMAR BJARNASON FYRIR EMIL -
Theodór sýndi lipra spretti og hefði að ósekju mátt koma fyrr af bekknum.

Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

Plokkfiskur

(fyrir 4)

400-500 g	soðinn fiskur
3-4	soðnar kartöflur, afhýddar

Hrærið fiskinn í sundur og stappið eða skerið kartöflurnar í bita.

Jafningur:

1	laukur, saxaður
3 msk.	matarolía
1/2 dl	hveiti eða heilhveiti
3-4 dl	léttmjólk og eða fiskisoð
1/2 tsk.	salt
	pipar og sinnep (ef vill)

Hitið olíu í potti og kraumið laukinn.
Sáldrið hveitinu yfir laukinn og hrærið.
Bætið mjólkinni smám saman út í pottinn, hrærið stöðugt í á meðan.
Kryddið með salti, pipar og sinnepi (ef vill).
Blandið fiski og kartöflum saman við og hitið í gegn.

Berið fram soðnar rófur og gulrætur og rúgbrauð með réttinum.

Fleiri uppskriftir á lydheilsustod.is

LÝÐHEILSUSTÖÐ

ÖGURVÍK

P&Ó

Segðu af þér, Eyjólfur

Eyjólfur Sverrisson er kominn á endastöð með landsliðið. Liðið hefur valdið stanslausum vonbrigðum undir hans stjórn og steininn tók úr í gær þegar Ísland mátti þakka fyrir jafntefli á heimavelli gegn dvergríkinu Liechtenstein.

FÓTBOLTI Ein lélegustu úrslit íslenska landsliðsins í áratugi litu dagsins ljós á Laugardalsvellinum í gær. Þá mátti íslenska landsliðið þakka fyrir eitt stig á heimavelli gegn dvergríkinu Liechtenstein í leik þar sem gestirnir voru miklu betri allan tímann. Brynjar Björn kom Íslandi yfir í fyrri hálfleik en Liechtenstein jafnaði verðskuldað í síðari hálfleik og þar við sat. 1-1 lokatölur. Úrslitin eru vond en það sem svíður enn meir var glæpsamlega lélegur leikur íslenska landsliðsins.

Liechtenstein tók völdin á vellinum nánast í upphafi leiksins og miðjumenn Íslendinga – Brynjar og Stefán – létu miðjumenn gestanna pakka sér saman. Þar fyrir aftan var flöt og óörugg íslensk vörn í miklum vandræðum með duglega og hreyfanlega sóknarmenn gestanna.

Ekkert gekk hjá íslenska liðinu að byggja upp sóknir. Leikmenn notuðu margar snertingar á boltann og voru í óratíma að koma boltanum fram völlinn. Sendingar liðsins voru líka margar hverjar ótakanlega lélegar. Það var gegn gangi leiksins þegar Brynjar skallaði frábæra aukaspyrnu Emils í netið og kom Íslandi yfir. Skalli Brynjars var eina skot Íslands í fyrri hálfleik. Það segir sína sögu.

Gestirnir sóttu grimmt í kjölfarið, fengu fín færi, skutu í slá og vildu fá víti en allt kom fyrir ekki. Lukkan var í liði með Íslandi. Rúmum 20 mínútum fyrir leikslok skoraði Rohrer verðskuldað jöfnunarmark en varnarleikur Íslands í markinu var hræðilegur.

Það áttu flestir von á því í að Ísland myndi pressa stíft undir lokin en sú var aldeilis ekki raunin. Gestirnir settu hápressu á íslenska liðið sem vissi ekki sitt rjúkandi ráð og náði vart að byggja upp eina almennilega sókn. Þegar dómarinn flautaði leikinn af bauluðu áhorfendur á liðið og það ekki að ástæðulausu.

Það verður skýrara með hverjum leik að Eyjólfur Sverrisson er ekki rétti maðurinn til þess að stýra íslenska landsliðinu. Leikur þess í gær var hneyksli. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Ekki bara var hann lélegur heldur var frammistaðan andlaus og virðist vera sem þjálfarinn nái engan veginn til leikmanna liðsins og að þeir hafi enga trú á því sem hann leggur upp.

Eyjólfur virðist því miður ekki ætla að segja upp af sjálfsdáðum og það er ábyrgðarleysi hjá Knattspyrnusambandinu ef það segir manninum ekki upp störfum fyrst hann gerir það ekki sjálfur. Hann er kominn á endastöð með liðið. Við þetta ástand verður ekki lengur unað.

henry@frettabladid.is

Í HELJARGREIPUM Daniel Hasler, fyrirliði Liechtenstein, heldur hér Brynjari Birni Gunnarssyni föstum en baráttuvilji gestanna var mun meiri en hjá íslenska liðinu í gær. Ísland mátti þakka fyrir stigið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland 1-1 Liechtenstein

1-0 Brynjar Björn Gunnarsson (27.)
1-1 Raphael Rohrer (69.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–9 (5–7)
Varin skot	Árni Gautur 4 – Jehle 4
Horn	3–4
Aukaspyrnur fengnar	17–14
Rangstöður	2–3

ÚRSLIT

F-riðill:

ÍSLAND-LIECHTENSTEIN	1-1
DANMÖRK-SVÍÞJÓÐ	0-3
Leikur flautaður af.	
LETTLAND-SPÁNN	0-2
- sjálfsmark, Xavi.	

STAÐAN:

1. SVÍÞJÓÐ	**6**	**5**	**0**	**1**	**12:4**	**15**
2. N.ÍRLAND	6	4	1	1	10:7	13
3. SPÁNN	**6**	**4**	**0**	**2**	**11:6**	**12**
4. DANMÖRK	5	2	1	2	7:5	7
5. ÍSLAND	**6**	**1**	**1**	**4**	**5:10**	**4**
6. LICHTENST.	6	1	1	4	4:16	4
7. LETTLAND	**5**	**1**	**0**	**4**	**4:5**	**3**

Engan bilbug að finna á Eyjólfi Sverrissyni:

Það hefur ekki hvarflað að mér að hætta

FÓTBOLTI „Þetta eru mikil vonbrigði," sagði Eyjólfur. „Við sköpuðum okkur ekki nógu mikið af færum og þurfum að gera miklu betur til að vinna Liechtenstein."

Fréttablaðið spurði hvort hann hefði hugleitt sína stöðu hjá landsliðinu og hvort til greina kæmi af hans hálfu að segja af sér. „Nei, ég hef ekkert hugað að því. Það kemur heldur ekki til greina á næstu dögum. Ég á mikið verk óunnið með þessum hópi og voru til að mynda margir ungir leikmenn að koma inn sem voru mjög ferskir. Það var mikill kraftur í þeim og er ég ánægður með þá."

Íslenska landsliðið hefur ekki unnið leik síðan sigur vannst á Norður-Írum í Belfast í fyrsta leik undankeppninnar í haust og aðeins fengið eitt stig. „Okkar menn skorti hugmyndaflug, við héldum boltanum illa og náðum ekki að spila okkur í gegn. Það gekk ekkert einn á móti einum og lítið um þríhyrningsspil."

HRESS Eyjólfur Sverrisson sló á létta strengi með kollega sínum frá Liechtenstein eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eyjólfur sagði að mark Liechtenstein hafi reynst mikið áfall fyrir sína menn. „Við gerðum ein mistök og þeir skoruðu úr því skoti. Það var reiðarslag fyrir liðið og leikmenn voru mjög taugaóstyrkir eftir það."

- esá

Kauptu SONY hjá SONY

229.950,-

SONY

KDL32V2500
32” Sony LCD Sjónvarp
BRAVIA Engine
Live Color Creation
DVB móttakari
2 HDMI tengi

SONY

DAVDZ210D
Heimabíókerfi með DAB móttakara
fylgir með að verðmæti 39.950,-

- ótrúleg upplausn og ótrúleg gæði!

129.950,-

SONY

High Definition stafræn myndbandstökuvél
HDRHC5
HDV 1080i upptaka
2,7” Clear Photo LCD Plus snertiskjár
2 megapixlar
HDMI

159.950,-

SONY

High Definition stafræn myndbandstökuvél
HDRHC7
HDV 1080i upptaka
2,7” Clear Photo LCD Plus snertiskjár
3 megapixlar
Optical hristivörn

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669

BIB
BACCALAUREATE IN INTERNATIONAL BUSINESS
WWW.VERSLO.IS
BIB is a progressive four-year, full-time business programme taught in English for students aged 15+ -20 who are preparing for further business studies in a global environment
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

HNEYKSLI Trylltur áhorfandi sést hér ráðast á Herbert Fandel dómara. Danski varnarmaðurinn Michael Gravgaard forðar því að hann nái hreinu höggi á dómarann.
NORDDIC PHOTOS/AP

Skandall á Parken

Ótrúlegum leik Dana og Svía í gær lauk með mikilli dramatík þegar dómarinn flautaði leikinn af á lokasekúndunum og dæmdi Svíum 3-0 sigur.

FÓTBOLTI Leikur Dana og Svía í Friðli undankeppni EM er á leið í sögubækurnar. Svíar spiluðu frábæra knattspyrnu og komust í 3-0 en með ótrúlegri eljusemi og góðum leik náðu Danir að jafna í 3-3. Allt var á suðupunkti á Parken á lokasekúndunum þegar Christian Poulsen kýldi einn Svíann í magann og Herbert Fandel dómari leiksins vísaði honum af velli og dæmdi vítaspyrnu.

Í því óð dönsk boltabulla inn á völlinn og kýldi Fandel en Michael Gravgaard náði að draga úr höggginni og henda árásamanninum í burtu. Fendel efndi til ráðstefnu með fjórða dómaranum og kallaði alla leikmenn af velli. Hann ákvað síðan að dæma Svíum 3-0 sigur í leiknum og mega Danir eiga von á þungri refsingu frá UEFA vegna skandalsins sem skók Parken. Vonir Dana um að komast áfram eru nánast orðnar að engu.

Jon Dahl Tomasson, fyrirliði Dana, var ekki ánægður með niðurstöðuna. „Þetta var skandall. Hvern fjandann var áhorfandinn að gera? Svona lagað á ekki heima í fótbolta. Ég óttast hið versta, hvað UEFA gerir í málinu skilur eftir sig tómarúm í hugum okkar."

Morten Olsen, þjálfari Dana, var gjörsamlega brjálaður. „Þetta er svartur dagur fyrir danska knattspyrnu," sagði Olsen. Á heimasíðu UEFA kemur fram að sambandið geti ekki staðfest úrslitin fyrr en aganefnd þess kemur saman og fer yfir málið.

Spánverjar unnu Letta á útivelli og komust þar með upp í þriðja sæti riðilsins. Spánverjar voru betri aðilinn en eftir að hafa komist yfir með sjálfsmarki Letta voru þeir heppnir að halda marki sínu hreinu áður en Xavi tryggði þeim sigurinn.

- hþh

ÚRSLIT

A-riðill:

KASAKSTAN-ARMENÍA	1-2
ASERBAÍDSJAN-PÓLLAND	1-3
FINNLAND-SERBÍA	0-2
BELGÍA-PORTÚGAL	1-2
Fellaini - Nani, Postiga.	

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. PÓLLAND	**8**	**6**	**1**	**1**	**15:6**	**19**
2. PORTÚGAL	7	4	2	1	15:5	14
3. SERBÍA	**7**	**4**	**2**	**1**	**10:4**	**14**
4. FINNLAND	7	3	2		27:5	11

B-riðill:

LITHÁEN-GEORGÍA	1-0
FÆREYJAR-ÍTALÍA	1-2
Rógvi Jacobsen - Inzaghi 2.	
FRAKKLAND-ÚKRAÍNA	2-0
Ribery, Anelka.	

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. FRAKKLAND	**6**	**5**	**0**	**1**	**14:2**	**15**
2. ÍTALÍA	6	4	1	1	11:6	13
3. SKOTLAND	**6**	**4**	**0**	**2**	**11:6**	**12**
4. ÚKRAÍNA	6	4	0	2	8:6	12

C-riðill:

BOSNÍA-TYRKLAND	3-2
NOREGUR-MALTA	4-0
Hæstad, Helstad, Iversen, Riise.	
GRIKKLAND-UNGVERJALAND	2-0

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. GRIKKLAND	**6**	**5**	**0**	**1**	**10:4**	**15**
2. TYRKLAND	6	4	1	1	16:6	13
3. BOSNÍA	**6**	**3**	**1**	**2**	**13:14**	**10**
4. NOREGUR	6	3	1	2	13:6	10

D-riðill:

WALES-TÉKKLAND	0-0
ÞÝSKALAND-SAN MARÍNÓ	6-0
Gomez 2, Kuranyi, Jansen, Frings, Fritz.	

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. ÞÝSKALAND	**6**	**5**	**1**	**0**	**27:3**	**16**
2. TÉKKLAND	7	4	2	1	15:4	14
3. ÍRLAND	**7**	**4**	**1**	**2**	**12:8**	**13**
4. SLÓVAKÍA	6	3	0	3	15:11	9

E-RIÐILL:

RÚSSLAND-ANDORRA	4-0
MAKEDÓNÍA-ÍSRAEL	1-2
EISTLAND-KRÓATÍA	0-1

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. KRÓATÍA	**6**	**5**	**1**	**0**	**16:4**	**16**
2. RÚSSLAND	6	4	2	0	11:1	14
3. ÍSRAEL	**7**	**4**	**2**	**1**	**15:7**	**14**
4. ENGLAND	6	3	2	1	9:2	11

G-riðill:

HVÍTA RÚSSLAND-BÚLGARÍA	0-2
ALBANÍA-LÚXEMBÚRG	2-0
SLÓVENÍA-RÚMENÍA	1-2

STAÐA EFSTU LIÐA:

1. RÚMENÍA	**6**	**4**	**2**	**0**	**12:4**	**14**
2. HOLLAND	6	4	2	0	8:2	14
3. BÚLGARÍA	**6**	**3**	**3**	**0**	**9:3**	**12**
4. HV.RÚSSLAND	6	2	1	3	9:13	7

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

BT IPOD VIKA Í BT!

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-110103-001
FSC AMILO PI CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust skjákort
Firewire - DV Ready
Kortalesari 4 - 1
Microsoft Windows Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

• 139.999

• FYLGIR • 21.999

FRÁBÆR KAUPAUKI!

MA477
APPLE IPOD NANO 2GB SILFUR

20.000 VERÐLÆKKUN

• 159.999

Intel Core 2 Duo
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

ATI Radeon X1400 128MB
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

160GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

Windows Vista Premium
Nýja stýrikerfið frá Microsoft. Öruggara, einfaldara og flottara. Mikið af nýjum möguleikum með Vista.

BT LÁN™

BT 13.912* 12 mánaða
BT 7.614** 24 mánaða
BT 5.515*** 36 mánaða

HARÐUR DISKUR

Seagate • 9.999

ST3320620A
Seagate Barracuda 320GB
ATA100 7200rpm
16MB cache flýtiminni

HARÐUR DISKUR

Seagate • 14.999

ST3320620A
Seagate Barracuda
500GB SATA2 16MB
7200rpm 16MB cache flýtiminni

KINGSTON READYBOOST

• 4.999

DTR-2GB
2GB KINGSTON READYBOOST USB
Virkar ýmist sem USB minnislykill eða sem vinnsluminni fyrir Windows Vista.

LYKLABORÐ

• 9.999

967684-0106
LOGITECH ALTO
Lyftir fartölvunni í rétta hæð. Útbúið USB tengjum. Passar í fartölvutöskur.

BT LÁN KYNNIR KORTALAUS LÁN

Það hefur aldrei verið auðveldara að næla sér í lán fyrir tölvunni, heimabíóinu, Playstation 3, veggsjónvarpinu eða bara hverju sem er í BT! Þú þarft ekki að eiga kreditkort til að fá greiðslum dreift niður í þægilega mánaðargreiðslu. Við lánum þér í allt að 48 mánuði.

Þetta er jafn auðvelt og að telja uppí 3!

Þarft ekki kreditkort!

1. Þú kemur í BT og segir okkur hvað þér langar í.

Fáðu lánið á 60 sek!

2. Við sækjum um lánið fyrir þig og það tekur aðeins 60 sekúndur að fá það samþykkt.

EKKERT ÚT og lítið á mánuði

3. Þú ferð út með bros a vör.

Hámarksupphæð á hvert lán er 300.000 krónur.

BT KASKÓ™

Ertu að hugsa um að kaupa þér sjónvarp eða tölvu. Þá mælum við með BT Kaskó sem er ítarleg vöruvernd sem tryggir þig fyrir hinum ýmsu óhöppum. Þú tryggir ekki eftir á!

> Stuart Townsend

Eins og samlandi hans, Colin Farrell, steig hinn írski Stuart Townsend sín fyrstu skef á leiklistarbrautinni í Dublin. Townsend vakti fyrst almennilega athygli þegar hann fór með aðalhlutverkið í myndinni Shooting Fish árið 1997. Townsend hefur í kjölfarið leikið í nokkrum myndum og er heldur ekki ókunnugur á sviði.
Townsend átti upphaflega að fara með hlutverk Aragorns í kvikmyndum Peters Jackson eftir Hringadróttinssögu. Eftir fjóra daga í tökum var Viggo Mortensen fengið hlutverkið í staðinn, þar sem Townsend þótti of ungur.
Hann leikur Carl Kolchak í Night Stalker sem Sirkus sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR LÍMIST VIÐ SKJÁINN Á SUNNUDÖGUM

Blóð, blóð, blóð og aftur blóð

Blóðið flýtur í stríðum straumi í Róm á sunnudögum í annarri þáttaröð Rome sem fjallar um sögu Rómaveldis. Í fyrri þáttaröðinni var sögð saga Júlíusar Sesars, Kleópötru, Brútusar og fleiri góðra manna. Þættir sem ég hélt í upphafi að yrðu klúðurslega leiknir heimildaþættir reyndust vera hin besta skemmtun. Leikaraliðið frábært, öll umgjörð, búningar og handrit einstaklega vel gerð. Þrátt fyrir að flestir þekki sögu Sesars og hvernig henni lauk minnkaði það ekki spennuna við að fylgjast með þeirri svikamyllu sem leiddi til endaloka keisarans. Ekki sakaði að hafa skemmtilegar hjásögur eins og þá um Lucius Vorenus og félaga hans Pullon.

Ég beið því annarrar seríu með nokkurri eftirvæntingu og varð ekki fyrir vonbrigðum. Svikin, prettirnir, undirförular konur og blóðbaðið er ennþá til staðar. Og, það góða er að ég er ekki betur að mér í mannkynssögunni en svo að ég hef ekki hugmynd hvað mun verða um Oktavíanus og Markús Antonius, þó ég geri reyndar ráð fyrir að þeir hljóti ekki fögur endalok.

Það er ekkert svart og hvítt í Rómaveldi. Þeir sem eru góðir í dag eru vondir á morgun. Ástkonur breytast í morðkvendi. Þar fara þær Atia og Servilia fremstar í flokki. Þessar erkióvinkonur brugga hvert launráðið á fætur öðru. Þær hatast innilega þó það sjáist ekki berum augum enda eru það kvennaráðin sem eru köld en aðrir, til dæmis aumir þrælar, sjá um að framkvæma þau.

VERONUS Lucius Vorenus er hrotti en dálítið aðlaðandi um leið.

EKKI MISSA AF

▶ **19.35 Út og suður** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.00 School of Rock** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.35 Cold Case** STÖÐ 2

▶ **20.40 Robin Hood** SKJÁREINN

▶ **19.55 Kitchen Confidential** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Matti morgunn 08.13 Kóalabræður 08.23 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Alvöru dreki 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.54 Arthúr 10.18 Ævintýri HC Andersen
10.45 Hlé
14.45 Þjóðarmorð í Rúanda e.
16.20 Bókabíllinn e.
16.50 Klappir og haf e.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (5:32)
18.25 Hænsnakofinn (10:13)
18.35 Krakkar á ferð og flugi (4:10) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
▶**19.35 Út og suður** (1:16) Í þessum þætti heimsækir Gísli Guðfinn Jakobsson og Atie Bakker sem reka heimili og vinnustað fyrir þroskahefta eftir kenningum Rudolfs Steiners í Skaftholti í Gnúpverjahreppi.
20.05 Sjanghæjað til sjós Þessi saga er sönn sjóferðabók nokkurra íslenskra togaramanna tímabilið 1947-1970. Hún sýnir að þrálátur orðrómur um ástandið á togaraflotanum hefur síst verið orðum aukinn.
21.00 Meistari dýrahringsins (4:10)
21.50 Verndarkraftur (Moolaadé) Senegölsk bíómynd frá 2004. Kona setur allt á annan endann í afrísku þorpi með því að skjóta skjólshúsi yfir hóp ungra stúlkna sem stendur til að umskera. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
23.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Along Came Polly
08.00 My Boss´s Daughter
10.00 What a Girl Wants
12.00 The School of Rock
14.00 Along Came Polly
16.00 My Boss´s Daughter
18.00 What a Girl Wants Skemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Daphne Reynolds er bandarísk unglingsstúlka sem heldur til Englands í leit að föður sínum.
▶**20.00 The School of Rock**
22.00 Monsieur N
00.05 State Property
02.00 Sweeney Todd
04.00 Monsieur N

STÖÐ 2

07.00 Barney 07.25 Töfrastígvélin 07.30 Fifi and the Flowertots 1 07.40 Pocoyo 07.50 Addi Panda 07.55 Véla Villi 08.10 Stubbarnir 08.35 Doddi litli og Eyrnastór09.00 Könnuðurinn Dóra 09.25 Camp Lazlo 1 09.50 Camp Lazlo 1 10.15 Tracey McBean 2 10.25 Ævintýri Jonna Quests 10.50 Sabrina - Unglingsnornin 11.15 Hestaklúbburinn 11.40 W.I.T.C.H.
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
14.10 Studio 60 (1.22)
14.55 Beauty and the Geek (1.9)
15.40 Whose Line Is it Anyway? 4
16.05 Freddie (15.22)
16.40 Blue Collar TV (26.32)
17.10 Matur og lífstíll
17.45 Oprah
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.15 60 mínútur
20.00 Örlagadagurinn NÝTT (1.31)
▶**20.35 Cold Case** (18.24) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu og hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum við lausn þeirra. Bönnuð börnum.
21.20 Twenty Four (20.24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin. Þessi þáttaröð er sögð vera sú mest spennandi hingað til. Stranglega bönnuð börnum.
22.10 Rome (6.10) Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómaveldis á átakanlegan og spennuþrunginn hátt. Ekkert hefur verið til sparað við að gera þættina sem áhrifamesta. Stranglega bönnuð börnum.
23.05 Tsunami, the Aftermath Fyrri hluti dramatískrar og spennandi framhaldsmyndar með Toni Colette í aðalhlutverki. Myndin segir frá afdrifum hóp fólks eftir flóðbylgjuna miklu í Taílandi sem kostaði tugþúsundir manna lífið. Bönnuð börnum.
00.40 Tsunami, the Aftermath
02.10 The Last Shot
03.40 Tadpole
04.55 Cold Case (18.24)
05.40 Fréttir
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

16.00 Live From Abbey Road (5.12) (e)
16.55 Pussycat Dolls Present: The Search (4.8) (e) Stúlknasveitin heimsfræga Pussycat Dolls leitar að nýjum meðlim í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu af þeim voru valdnar til áframhaldandi þátttöku.
17.45 Trading Spouses (21.22) (e) Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda.
18.30 Fréttir
19.00 Bestu Strákarnir (5.50) (e) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
19.30 My Name Is Earl (15.23) (e)
▶**19.55 Kitchen Confidential** (2.13) (e) Gamanþættir um Jack Bourdain sem var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn er honum boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Jack fær 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times.
20.25 Young Blades (4.13) (e) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum.
21.15 Night Stalker (4.10) (e) Þættirnir eru endurgerð þáttaraðar sem sló í gegn á áttunda áratug síðustu aldar. Bönnuð börnum.
22.00 League of Extraordinary Gentlemen Ævintýralegur vísindahasar. Það kemur í hlut ævintýramannsins Allans Quatermain og félaga hans að bjarga mannkyninu frá glötun.
23.50 Kitchen Confidential (2.13) (e)
00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.45 Vörutorg
08.45 MotoGP Bein útsending frá Mugello á Ítalíu. Þar er ein nýtískulegasta og öruggasta brautin í MotoGP-mótaröðinni en jafnframt ein sú erfiðasta.
13.15 Top Gear (e) Breskur bílaþáttur með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverða umfjöllun.
14.10 One Tree Hill (e)
15.00 Robin Hood (e)
16.00 America's Next Top Model (e)
17.00 The Bachelor (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins.
18.55 Hack (e)
19.45 Top Gear (16.20) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverða umfjöllun.
▶**20.40 Robin Hood** (2.13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hann berst gegn óréttlæti og kúgun og hjálpar þeim sem minna mega sín. Þessir þættir hafa slegið í gegn í Bretlandi og fengið mikið lof hjá gagnrýnendum.
21.30 Boston Legal (22.24) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Alan Shore ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og berst við bandaríska ríkið í máli fyrrverandi fanga í Guantanamo-fangabúðunum. Jerry reynir að fá Shirley til að ráða hann aftur til starfa og Claire tekur að sér mál lögfræðings sem var gabbaður til að fremja glæp.
22.30 The L Word (4.12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Alice er komin með nýja vinkonu sem veitir henni ómælda ánægju og Papi skorar stelpurnar á hólm í körfubolta.
23.20 C.S.I. (e)
00.10 Heroes (e) Hiro og Ando eru staðráðnir í að bjarga heiminum eftir að hafa séð hvað framtíðin ber í skauti sér. Nathan grípur til óvæntra aðferða til að sigra í kosningunum og Sylar heimsækir mömmu sína.
01.10 Jericho (e)
02.00 Vörutorg

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Örlagadagurinn

Í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á glænýrri þáttaröð af Örlagadeginum. Þetta eru skemmtilegir og átakanlegir þættir þar sem Íslendingar segja Sirrý frá deginum sem breytti lífi þeirra. Í fyrsta þættinum segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri frá sínum örlagadegi. Vilhjálmur fór sína fyrstu sjóferð sem messagutti á Drangajökli, þrátt fyrir mótbárur og áhyggjur móður sinnar. Áhyggjur móður hans reyndust réttmætar en Drangajökull sökk á tuttugu mínútum í straumþungum „Pentlinum" í júní fyrir tæpri hálfri öld. Vilhjálmur fór með Sirrý til Aberdeen í Skotlandi og hitti lífgjafa sinn í fyrsta sinn frá óveðursnóttinni örlagaríku.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Top Gear

Skjáreinn kl. 19.45

Bílaþátturinn Top Gear hefur öðlast mikinn fjölda aðdáenda vegna skemmtilegra efnistaka og framsetningar á efni. Jafnt ungir sem aldnir, bílaáhugamenn jafnt sem nýgræðingar í bílabransanum geta fylgst með þeim Richard Hammond, Jeremy Clarkson og James May þar sem þeir fjalla um allt milli himins og jarðar sem mögulega viðkemur ökutækjum. Á milli þess sem drengirnir kýta sín á milli gefa þeir nýjum bílum einkunnir, láta þekkta gesti keyra á sérstakri akstursbraut Top Gear og bregða á leik. Top Gear er mikil og góð skemmtun fyrir alla sem hafa minnsta áhuga á bílum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Framtíð lýðræðis
10.15 Úlfaldar og mýflugur
11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Ólafur og Ingunn
14.00 Frá útihátíðarhöldum sjómannadagsins
15.00 Kampavín og kaloríur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Listahátíð í Reykjavík 2007
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Í tilefni dagsins
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Söngvar af sviði - Sumarsöngleikir Rásar 1
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Laufskálinn
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Leitin að eldsneytinu
23.00 Andrarímur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

08.00 Þýski handboltinn (Kiel - Nordhorn)
09.20 Wales - Tékkland
11.00 NBA – Úrslitakeppnin (Cleveland - Detroit)
13.00 EM 2008 (Danmörk - Svíþjóð)
14.40 PGA Tour 2007 Bein útsending frá þriðja degi á Memorial-mótinu í PGA-mótaröðinni í golfi.
17.40 Ensku mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.
18.10 Gillette World Sport 2007 Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.
18.35 Það helsta í PGA-mótaröðinni
19.00 PGA Tour 2007 Bein útsending frá lokadegi á Memorial-mótinu á PGA-mótaröðinni í golfi.
22.00 NBA – Úrslitakeppnin (Cleveland - Detroit) Leikur í úrslitakeppninni í NBA-körfuboltanum.
00.00 Götubolti Þáttur um körfubolta þar sem þrír leika á móti þremur á eina körfu.
00.30 NBA - Úrslitakeppnin Leikur í úrslitakeppninni í NBA körfuboltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.15 Dyrenes ø **6.40** Vera med flere **7.10** Vinderne **7.25** F for Får **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Klogere end skolen tillader **9.30** Iværksætterne **10.00** TV Avisen **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Boogie Listen **11.30** Med rygsæk **12.00** Gudstjenste i DR Kirken **12.45** Min store drøm - Bruden **13.15** Tæt på Dyrene **13.45** Jessica **15.30** Postmand Per **16.00** Søren Ryge direkte **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nationen **17.25** HåndboldSøndag **19.00** 21 Søndag **19.40** SøndagsSporten **20.00** Maskerade **20.05** Maskerade **20.55** OBS **21.00** Den sidste metro **23.05** Møde med

NRK 1

6.00 Lisa **6.10** Teddy og Annie **6.25** Bravo Bibbi! **6.40** Disneytimen **7.35** SvampeBob **8.00** Månáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Melodi Grand Prix junior 2007 **10.15** Miljøgudstjeneste **11.15** Der fartøy flyte kan **11.45** Sort enke **12.30** V-cup roing **13.00** Giro d'Italia **15.30** Åpen himmel **16.00** Bella, Boris og Berta **16.25** Sola er en gul sjiraff **16.30** Bare blåbær **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.00** Verdens miljøverndag - en festforestilling **19.00** Kinsey **20.55** Sykkelkveld fra Italia **21.05** Kveldsnytt **21.20** NRKs motorkveld **22.10** Rallycross **22.35** Ingen grunn til begeistring **23.05** Larry Sanders-show

SVT 1

6.00 BoliBompa **6.01** JoJos cirkus **6.25** Pingu **6.35** The boy 7.00 Disneydags **7.55** Evas funkarprogram **12.05** Kobra **12.55** Lab Rats **13.25** Poniente **13.50** Sport mit Simone **13.55** Världen **14.55** Den globala miljöhistorien **15.25** Barnet och orden - om språk i förskolan **15.55** Anslagstavlan **16.00** Pippi Långstrump **16.30** Vi i femman **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **18.00** Hundkoll **18.30** Sportspegeln **19.00** Student 92, femton år senare **19.55** Dom kallar oss sopråttor **20.10** De skapade historia **20.40** Vetenskap - människan avslöjad **21.10** Rapport **21.20** Hunter 2**2.20** Sändningar från SVT24

HÆTTU Í ALVÖRU

• Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
• NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
• Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.



HÆTTU Í ALVÖRU MEÐ NICOBLOC

Þú setur NicoBloc í filter sígarettanna sem þú reykir. Það hindrar nikótínið og tjöruna í filternum og þú byrjar að venjast af nikótíninu. Um leið minnkar þú reykingar þínar smám saman, eftir sex vikur drepur þú í sígarettunni og sleppur við venjulegu fráhvarfseinkennin. Flestir sem nota Nicobloc til að hætta, byrja ekki aftur að reykja.*

Nicobloc er gert úr 100% náttúrulegum efnum, það er ekki lyf og inniheldur ekki nikótín, þannig skiptir þú ekki sígarettufíkn út fyrir aðra fíkn.

*Skv. rannsóknum sem skoða má á www.nicobloc.is

Fæst í næsta apóteki

HIN HLIÐIN KOLBRÚN EVA VIKTORSDÓTTIR SÖNGKONA Í MYST

Vill búa í sveit með stórfjölskyldunni

Hvað er að frétta? Allt gott. Ég er ánægð með að það sé komið sumar. Svo var diskurinn okkar, Take me with you, að koma út, sem er stórt skref.
Augnlitur: Blár.
Starf: Leikskólaleiðbeinandi og söngkona.
Fjölskylduhagir: Ég á tvö börn og stjúpdóttur, kött og svo er ég gift. Það er nóg að gera á stóru heimili.
Hvaðan ertu? Ég er frá Bolungarvík, ég er sveitastelpa. Ég bý á Selfossi núna.
Ertu hjátrúarfull? Svona smá. Ég pæli svolítið mikið í svoleiðis hlutum. Ég fer ekki í kerfi ef ég sé svartan kött, þar sem ég á einn.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Grey's Anatomy, ég lifi það ekki af að missa af honum.
Uppáhaldsmatur: Ég myndi segja að það væri nautasteik með laukuðum kartöflum hjá pabba.
Fallegasti staðurinn: Skálavík. Hún er hinum megin við fjallið í Bolungarvík. Þú kemst ekki lengra á landinu, þar er maður kominn út í enda.
iPod eða geislaspilari: Ég myndi alveg vilja eiga iPod, en ég á hvorugt eins og er. Ég á ekki einu sinni útvarpstæki. Mér finnst rosa þægilegt að vera í kyrrð og ró og væri meira að segja til í að búa í Skálavík, þar sem er ekki rafmagn.
Hvað er skemmtilegast? Að eiga frí og vera með stórfjölskyldunni. Við ferðumst mikið saman og verjum eiginlega öllum helgum saman.
Hvað er leiðinlegast? Að vera lasin. Ég lendi svolítið oft í því.
Helsti veikleiki: Ég má ekki sjá dýr án þess að ég vilji taka þau með mér heim.
Helsti kostur: Ég held ég sé róleg og yfirveguð. Það er það sem mér dettur í hug.
Helsta afrek:
Það er að hafa eignast börnin mín og gefa út geisladiskinn.
Mestu vonbrigðin:
Það er að eldast. Ég er mjög hrædd við það. Þegar börnin eldast fer maður að hugsa um þetta.
Hver er draumurinn?
Að geta flutt út í sveit með alla stórfjölskylduna mína.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Fyndnastur er pabbi minn, þegar hann tekur sig til. Við erum með sama húmor.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Fýlugjarnt fólk.
Hvað er mikilvægast?
Að geta séð fyrir fjölskyldunni sinni og að allir séu öruggir og heilbrigðir.

ATLI ÖRVARSSON: Í LÆRISVEINAHÓPI HANS ZIMMMER

Semur tónlist við Hollywood-stórmynd

Atli Örvarsson hefur verið ráðinn til að semja tónlistina við Hollywood-myndina Vantage Point en hún skartar stórstjörnum á borð við Sigourney Weaver, Forest Whitaker og William Hurt í aðalhlutverkum. Valdís Óskarsdóttir og Sigvaldi J. Kárason hafa verið að klippa myndina en eru nú snúin til annarra verka og í þeirra stað er Stuart Baird tekinn við skærunum.

„Þetta má eiginlega þakka lærimeistara mínum, Hans Zimmer, en hann lagði sitt á vogarskálarnar við að koma mér á framfæri við framleiðendurna og liðka fyrir," segir Atli sem hefur verið búsettur í Bandaríkjunum í tæp fjórtán ár. Zimmer ætti að vera kvikmyndaunnendum að góðu kunnur, hefur sex sinnum hlotið tilnefningu til Óskarsverðlauna og hlaut þau 1995 fyrir Lion King.

Atli hefur síðan í mars á síðasta ári verið hluti af teymi Zimmers sem aðstoðar tónskáldið og semur með honum tónverk fyrir kvikmyndir. Síðast vann hópurinn tónlistina við Pirates of the Caribbean þrjú og er nú á fullu við að semja músík við Simpsons-kvikmyndina. „Allir þessir stóru karlar í þessum geira hafa heilan her af aðstoðarmönnum í kringum sig en fæstir af þeim gefa lærlingunum einhverja viðurkenningu. Zimmer er hins vegar mikill snillingur og gefur öllu sínu starfsfólki „kredit"," útskýrir Atli. „Reyndar var fyrsta verkefnið mitt eftir að ég flutti mig yfir til hans að endurgera tónlistina í skemmtigarðinn í Disney World," bætir Atli við og hlær en sú tónlist var í litlu samræmi við myndina. Atli stóð þá með hjálm yfir rússíbönum og öðrum leiktækjum með upptökutæki og tók upp gömlu tónlistina á meðan krakkarnir æptu og öskruðu. „Ákaflega skemmtileg minning," segir tónlistarmaðurinn.

Atli fluttist fyrst vestur um haf þegar hann fékk inngöngu í skóla í Boston 1993. Síðan hefur hann skotið rótum í Bandaríkjunum þótt hugurinn hafi alltaf leitað heim öðru hvoru. Hann er núna búsettur í Los Angeles þar sem fjöldi Íslendinga býr og starfar, flestir við kvikmyndagerð af einhverju tagi. Og er mikill samgangur á milli, meðal annars eru haldin þorrablót og 17. júní fagnað með hefðbundum hætti. „Miðað við höfðatölu erum við Íslendingar sennilega valdamesti minnihlutahópurinn í Hollywood," segir Atli.

freyrgigja@frettabladid.is

SJALDAN FELLUR EPLIÐ... Atli er sonur harmónikkuleikarans Örvars Kristjánssonar og spilar hér á fjölskylduhljóðfærið við frumsýningu Pirates of the Carribbean í Disney-garðinum 19. maí síðastliðinn.

ATLI ÖRVARSSON

SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Viðskiptavinir í Vildarþjónustu*
- Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Einkabankaþjónusta
- Tryggingar hjá Sjóvá og margt fleira

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!

NÝJU
Vildarklú
viðskipta
safna ve
að vera
Vildarklúb
* Viðskipta

Reðursafnið skrítnast í heimi

„Djöfull er þetta gott, ég er ánægður með þetta," segir Sigurður Hjartarson, safnstjóri Reðursafnsins á Húsavík. Samkvæmt heimasíðunni OddEdge.com er safnið það skrítnasta í heimi og skýtur þar Klósettsafninu, Blæðingasafninu og Vúdú-safninu í New Orleans ref fyrir rass. Reðursafnið var fyrst til húsa í Reykjavík en hefur nú flust búferlum til Húsavíkur þar sem Norðlendingar hafa tekið því ákaflega vel. „Þetta er fín auglýsing fyrir mig," bætir safnstjórinn við.

Á safninu má sjá allskyns reði af öllum stærðum og gerðum þótt enn vanti þann mennska. Hins vegar má sjá forhúð og eistu úr tveimur íslenskum karlmönnum. „Páll Arason hefur náttúrulega gefið mér sinn," segir Sigurður og upplýsir að sá mæti maður hafi orðið nítíu og tveggja ára í gær. Sigurður fær reglulega gjafir frá fólki sem vill aðstoða hann við að bæta safnið. Síðast bárust honum „tólin" undan stóðhesti og bíða þau nú þess að komast í sýningarsalinn. „Það er erfitt að fá slíkt í heilu lagi því yfirleitt er búið að taka eistun," bætir Sigurður við.

Safnstjórinn segir stolt búrhvalsins vekja mestu athyglina enda engin smásmíði, heilir 170 cm og sjötíu kíló. „ Og þetta er bara einn þriðji af honum," útskýrir hann en flestir ferðamenn vilja láta taka mynd af sér fyrir framan ferlíkið. Sá minnsti hefur líka mikið aðdráttarafl en það eru djásnin undan hamstri. Þau eru hins vegar svo lítil að smásjá þarf til að geta séð þau almennilega.

Sigurður er bjartsýnn á framhaldið. Safnið sé nú loks rekið á núlli og hann hafi meira að segja greitt sér laun í fyrsta skipti um jólin. Hundrað þúsund krónur, hvorki meira né minna. **-fgg**

REKUR SKRÍTNASTA SAFNIÐ
Sigurður var að vonum stoltur með titilinn og taldi þetta vera góða auglýsingu.

GÓÐIR
GLITNIS
PUNKTAR
DÆMI UM
GLITNISPUNKTASÖFNUN
Viðskiptavinur með 300.000 kr. kreditkortanotkun á mánuði, í Platínum og Eignastýringu, með bílalán, viðbótarlífeyrissparnað og tryggingar hjá Sjóvá, safnar um **70.000 punktum** á ári.
NG Í BANKAVIÐSKIPTUM
úbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir avini í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir erðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.
bur Glitnis margborgar sig ... punktur!
vinir í Vild, Gullvild, Platínum og Námsvild.
GLITNIR
Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA - Lifið heil

Opið 8-24 alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

Biljónsdagbók 3.6. 2007

OMXI15 var 8.178,27 í morgun, þegar ég bað Halla að ganga frá yfirtökutilboði í Reyktjaldagerðina, og S&P500 var 1.503,23 þegar Iwaunt Moore hringdi frá London og sagði að ég yrði að koma strax út til að róa útlendu fjárfestana í Asian Viking Ventures. Ég sagðist þurfa að ræsa áhöfnina og yrði kominn út á Reykjavíkurflugvöll eftir 30 mínútur. Ég sæi nýju einkaþotuna mína út um stofugluggann á Smáragötunni.

ÉG sagði þetta við Iwaunt af því að í hálft ár er ég búinn að láta hann og aðra útlenda bissness partners halda að ég hafi einkaþotu til umráða. Það gefur allt aðra attitjúd. En ég hefði ekki átt að vera svona fljótur á mér. Ég treysti því að geta fengið þotu lánaða hjá Tóta eða Gussa en þeir voru báðir úti á þotunum sínum, Maggi þurfti að nota sína þotu eftir hádegi og Glitnisþotan var með einhverja síós og stelpur að spila golf á Jersey. Spila golf!! Það var ekki einn einasti þoturæfill á stæðinu úti í Vatnsmýri. Shitt!

ÉG sá allt í einu fyrir mér að þurfa að fljúga með áætlunarrellu til London! Það er hrikalegt fyrir stórmógúl í útrásinni, mann sem undirklassasmápeð í íslensku viðskiptalífi eiga að óttast og virða. Ég hringdi í Iwaunt Moore og sagði að þotan mín væri í klössun, það yrði að fresta fundinum. Það var útilokað. Fjárfestarnir voru lagði af stað í sínum einkaþotum frá Jersey. Búnir með sínar 18 holur geri ég ráð fyrir! Ho-ho!

MALLÍ spurði hvers vegna ég væri svona fölur. Ekki skrýtið að ég væri fölur!! Það er vissulega auðveldara að láta sig hverfa í Leifstöð eftir að hún var stækkuð, maður sleppir lánsinu, skýst inn á klósett ef maður sér einhvern, sem maður vill ekki hitta, og hleypur síðastur um borð. En það sér mann alltaf einhver og flugfreyjurnar þekkja alla íslenska stórkalla í sjón. Neyðarlegast samt að koma á fund með mógúlum í London í leigulímúsínu frá Heathrow. Maður missir allt o þorítí. Þeir taka svoleiðis smákall ekki alvarlega.

IWAUNT Moore hringdi eftir hádegi og sagðist sjá til fjárfestanna niðri á Park Lane. Ég bað hann að segja þeim að ég hefði verið kvaddur skyndilega á fund í Sjálfsmínbanka til að ganga frá stóru láni sem ég ætlaði að nota í yfirtökutilboðið fyrir Asian Viking Ventures. Ég bauð þeim gistingu á Hilton við hliðina. Þeir féllust á að bíða til morguns. Gussi er búinn að lofa mér þotunni sinni upp á æru og trú. En ég verð ná mér í einkaþotu. Þegar ég samþykki lánið handa mér í fyrramálið bæti ég við það fyrir þotu.

www.expressferdir.is

EXPRESS FERÐIR TELJA Í FRÁBÆRT TÓNLISTARSUMAR!

» Kíktu á úrvalið á www.expressferdir.is

Metallica í Árósum
13.–15. júlí

Einhverjir stærstu og mögnuðustu rokktónleikar ársins fara fram í Vestereng í Árósum, föstudaginn 13. júlí þegar Daninn Lars Ulrich og félagar í Metallicu mæta. Sveitin er ein magnaðasta rokkhljómsveit samtímans og á að baki farsælan feril. Annars þarf ekkert að fjölyrða um Metallicu, annað hvort ertu rokkari eða ekki. Og ef þú ert rokkari, þá er skyldumæting.

Verð á mann í tvíbýli
64.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í tvær nætur, lestarferð, til og frá Árósum og miði á tónleikana.

Ozzie Osbourne í København
13.–14. júní

Þann 13. júní mun myrkrahöfðinginn sjálfur, Ozzie Osbourne, stíga á stokk í Kaupmannahöfn ásamt sveit sinni. Eins og allir vita gerði Ozzie garðinn frægan sem forsprakki þungarokkssveitarinnar Black Sabbath en hefur sýnt á sólóferli sínum að hann á fullt inni. Upphitunarsveitirnar eru ekki af verri endanum: Korn og Black Label. Rokkhundar til sjávar og sveita, ekki missa af Ozzie í Køben.

Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í eina nótt ásamt morgunverði, íslensk fararstjórn og miði á tónleikana.

Rod Stewart í Stokkhólmi
18.–22. júlí

Nú er það sjálfur strigabarkinn Rod Stewart sem ætlar að gera allt vitlaust í Stokkhólmi. Express Ferðir eru að sjálfsögðu vel með á nótunum og bjóða upp á hópferð á þessa mögnuðu tónleika enda má gera ráð fyrir að allir hans helstu smellir muni hljóma. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri til að hlýða á goðið!

Verð á mann í tvíbýli
69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í 4 nætur með morgunverði og miði á tónleikana.

Rolling Stones í Parken
3.–6. ágúst

Þann 5. ágúst er komið að eilífðarrokkurunum í Rolling Stones að gera það sem þeir hafa gert best í hálfa öld, að trylla lýðinn með alvöru rokki og róli. Nú er það Parken í Kaupmannahöfn þar sem að eflaust munu hljóma lög á borð við Sympathy for the Devil, Angie, Start Me Up, You Can't Always Get What You Want og allir hinir slagararnir sem fólk á öllum aldri sameinast um að elska. It's only Rock 'n Roll but I like it!

Verð á mann í tvíbýli
75.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á Hotel Kong Frederik í þrjár nætur ásamt morgunverði og miði á tónleikana.

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100